



Þetta jaðrar við siðblindu
Skólasamfélagið logar



SVIKAMYLLA ÍSLENSKS
ÚRABRASKARA



VAFASÖM FORTÍÐ
GRUNAÐS SKATTSVIKARA

DV

DAGUR Í LÍFI MEINDÝRAEYÐIS



MÍÐBORGIN ER MORANDI Í ROTTUM



Fór í magaermi í maníu

■ Missti 50 kíló en þróaði með sér átröskun
■ Greindur með geðhvarfasýki

Hjá Smára Hólm
færðu alhliða ryðvörn fyrir

- bíllinn
- grillið
- hjólið
- bátinn
- felgur
- vélina

Sími 861 7237



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Fleyg orð

„Ekki eltast við fullkomn-
un. Þú nærð henni aldrei.“

– Salvador Dalí

Á þessum degi, 1. nóvember



1520 – Kristján II. varð konungur Svíþjóðar.



1897 – Knattspyrnufélagið Juventus FC var stofnað á Ítalíu.



1967 – Almannagjá var fríðuð fyrir bílaumferð.



1988 – Fyrsta fjórburafæðing á Íslandi þar sem öll börnin lifðu.



2004 – Eldgos hófst í Grímsvötnum.

Kjaftasaga á Landspítalanum kom öllu af stað

■ Unnur Lilja er upprennandi rithöfundur
■ Umönnunarstörf gáfu henni harðari skráp

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Unnur Lilja Aradóttir er menntaður sjúkraliði og hefur starfað við umönnun síðastliðin tuttugu ár. Nýverið gaf hún út sína fyrstu bók, Einfaldlega Emma, sem Unnur segir vera sögu um venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum, þar sem áhersla er lögð á fortíðardrauga, ástir og sjálfsskoðun. Hugmyndina að bókinni fékk Unnur þegar samstarfskona hennar á Landspítalanum sagði henni frá kjaftasögu sem hún kom óvart sjálf af stað um sig. Þá var ekki aftur snúið.

„Þessi kjaftasaga er svolítið óvenjulega venjuleg en samstarfskona mín kom til mín eina vaktina og spurði mig hvort ég hefði heyrt einhverjar skrítnar sögur um hana. Hún sagði mér þá frá því að tveimur dögum fyrr hefði hún verið á vakt og í einhverjum fíflagangi komið af stað orðrómi um að hún ætti í ástarsambandi við mun yngri mann sem vann með okkur, en mamma hans var líka góð vinkona hennar

og vaktstjóri á deildinni. Þá kviknaði eitthvað í hausnum á mér og ég fór að velta fyrir mér þessari sögu um ástarsamband með þessum aldursmun,“ segir Unnur.

Einfaldlega Emma segir frá titilpersónunni, sem er 35 ára, einhleyp og með fulla stjórn á lífi sínu. Tilveran tekur aftur á móti gífurlegum stakkaskiptum þegar hún verður ástfangin af níttján ára dreng, en svo vill til að það er sonur bestu vinkonu hennar. Unnur byrjaði á bókinni árið 2010 og segir söguna um Emmu vera hugmynd sem hún varð að koma frá sér.

Unnur segist ekki eiga mikið sameiginlegt með Emmu, þær séu andstæður á flestum sviðum. „Mamma var í hálfgerðu áfalli þegar hún las bókina, því henni fannst lýsingarnar á öllu svo raunverulegar,“ segir Unnur. „Hún sagði að ef hún væri ekki viss um að hún hefði alið mig upp, hefði hún talið að bókin væri byggð á minni lífsreynslu, að ég hefði lent í svona léttgeggjuðum uppákomum.“

Með vikugamalt barn í námi

Unnur er uppalin í Breiðholti en býr nú á Álftanesi ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum. Hún notar þann litla frítíma sem gefst, í skrifin og er þegar búin að ljúka við næstu bók sína. Unnur hefur sinnt umönnunarstörfum frá sautján ára aldri. Hún segist þekkja fátt annað en að harka sig í gegnum lífið og „múltitaska“. Þetta fór betur að skýrast þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn, 21 árs gömul, og ákvað þá að mennta sig í faginu. „Námslán voru ekki í boði fyrir mig því ég átti eftir stúdentinn, þannig að ég fór í kvöldskóla og lærði sjúkraliðann,“ segir hún.

„Þegar ég hugsa til baka var þetta örliðið klikkað, að vera í fullri vinnu, með lítið barn og í skóla. Svo varð ég ólétt aftur og átti son minn 30. desember, í miðju jólafríi. Ég var kasólétt að klára prófin og svo fæddist strákurinn í fríinu. En svo tímdu ég ekki að taka mér frí frá náminu eftir það, þannig að ég mætti aftur í skólann í byrjun janúar, þegar barnið var vikugamalt.“

Erfitt en gefandi

Að sögn Unnar er ýmist að sjá og upplifa í hjúkrunargeiranum sem bæðir herðir skrápinn og mýkir mann um leið. „Þetta herðir mann á þann veg að maður lærir að setja upp ákveðinn pokersvip, ef svo má segja. Það er kannski ýmislegt sem maður veit sem sjúklingurinn veit sjálfur ekki enn, þetta getur verið svolítið flókið og allur gangur á þessu,“ segir hún.

Unnur starfar í dag á hjúkrunarheimili og sinnir mestmegnis næturvöktum. Hún segir það fínt og með því að vera ein á vakt í sinni deild gefist oft tími til að vinna í komandi skrifum, en sá lúxus bauðst henni ekki þegar hún vann á spítalanum.

„Þegar ég vann á spítalanum kom til mín fólk frá átján ára aldri upp í hundrað ára og fyrir hverja vakt vissi maður aldrei við hverju mætti búast. Svona starf getur verið afskaplega erfitt en ég fæ mjög mikið til baka líka.“ ■

5 Fimm hlutir sem þú vissir ekki um Björgvin Pál

Flutti að heima 16 ára

Björgvin Páll byrjaði að búa sextán ára gamall og bjó í viðbyggingu við HK-heimilið, félagið þar sem handboltdraumurinn byrjaði að taka á sig mynd frá markmanninum knáa. „Fyrsta íbúðin mín er í rauninni íbúð sem er tengd við HK-heimilið. Þegar ég var ekki heima hjá mér í þessari íbúð þá var ég inni í sal að leika mér með bolta, taka markmannsæfingu eða lyfta. Ég bjó þar í rauninni hvort sem ég var „heima“ hjá mér að horfa á sjónvarpið eða á æfingu,“ sagði Björgvin Páll í viðtali við Mónitor.



Fermingarmynd kveikti ást

Í sama viðtali við Mónitor sagði Björgvin Páll hafa fallið fyrir eiginkonu sinni, Karen Einarssyni, eftir að hann sá fermingarmynd af henni uppi á vegg hjá félagu sínum, Jóhanni Gunnari Einarssyni, bróður Karenar. „Ég sagði svona: „Er þetta systir þín uppi á vegg, Jói? Gefðu mér númerið hennar.“ Þetta byrjaði þá bara sem grín gagnvart honum að ég fór að senda henni SMS. Síðan vatt þessi fíflaskapur upp á sig.“

Vistaður á BUGL

Í viðtali við DV árið 2010 sagði Björgvin Páll hafa verið vandræðagemlingur í æsku, sem endaði á því að hann var vistaður á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans um stutta hríð. „Þegar ég kom þarna inn má segja að ég hafi ekki verið jafnþjálfður eða virkur og menn héldu fyrst. Ég var nú bara þarna í körfubolta og að hugsa málin í rauninni. Ég sé ekkert eftir því að hafa farið þarna inn.“



Mjög trúður

„Ég er mjög trúður og barnatrúin sem amma mín lagði áherslu á þegar ég var yngri hefur vaxið með mér. Ég fer með stutta bæn á marklinnunni rétt áður en leikurinn hefst og ég hef trú á því að ég og líðið fáum hjálp frá æðri máttarvöldum,“ sagði markmaðurinn í viðtali við 24 stundir árið 2008.

Ketó

Björgvin Páll er á ketómataræðinu til að bæta samband sitt við mat. Hann finnur mikið mun á sér á mataræðinu, eins og hann sagði frá í viðtali við DV fyrr á þessu ári. „Þessi blessaða ketóflensa er eitthvað sem ætti í raun að heita kolvetnaflensa, þar sem einkennin tengjast því að við erum orðin svo kolvetnahád. Ég var á þannig stað andlega og líkamlega að einhver smá höfuðverkur eða slappleiki var ekkert til að tala um og ég fór að finna fyrir kostum þessa að vera á ketó frekar fljótt.“





STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

ELLIN GTON

AÐ EILÍFUM

3. nóvember kl. 20.00
Silfurberg

STJÓRNANDI OG KYNNIR
Sigurður Flosason

SÉRSTAKUR GESTUR
Kristjana Stefánsdóttir



Hver er hún



Hún er fædd árið 1976.

Hún með BA-gráðu í alþjóðasamskiptum frá Trinity-háskólanum í Kanada.

Hún flutti til Íslands árið 2003.

Hún hefur starfað sem sjálfboðaliði í áráraðir.

Hún er annar stofnenda Iceland Writers Retreat of Toronto.

SVAR: ELIZA REID

Það er staðreynd að...



Ef þú óttast öll skordýr ertu með entomofóbíu.



Eitt af hverjum tíu börnum í Evrópu er getið í rúmunum frá IKEA.



Hljóð ferðast um það bil fjórum sinnum hraðar í vatni en í lofti.



Richard Dawkins fann upp á orðinu „MEME“ árið 1976. Það þýðir að herma eftir einhverju eða láta það ganga.



Hundar eru með svitakirtla undir þöfunum svo þeir svitna ekki.

„SKÓLASAMFÉLAGIÐ HÉRNA LOGAR“

Leikskólafulltrúi Reykjaneshæjar sagður vera í sambandi við nýdæmdan barnaníðing

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Þetta er manneskja í ábyrgðarstöðu og fjallar um málefni barna. Ef það kemur upp mál hjá mér sem varðar grunsemdir um að misnotkun sé í gangi og mig vantar upplýsingar eða ráðleggingar get ég þá leitað til hennar? Hvernig get ég treyst hennar dómgreind í slíkum málum? Þetta er ekki traustvekjandi,” segir kona sem starfar hjá leikskóla í Reykjaneshæ.

Leikskólafulltrúi, en sá aðili er yfir öllu leikskólastarfi í sveitarfélaginu, er sagður hafa undanfarið verið verið í sambandi við mann sem fékk í sumar tveggja og hálfis árs dóm fyrir alvarlegt kynferðisbrot gegn fyrrverandi stjúpdóttur sinni.

DV hefur rætt við tvo leikskólafulltrúna í Reykjaneshæ vegna málsins. Þær eru báðar konur en verða ekki auðkenndar að öðru leyti hér. „Þetta er svo lítið samfélag og mér yrði ekki vært ef ég stigi fram undir nafni,” segir önnur þeirra.

Málið gegn manningnum var dómtekið 22. maí á þessu ári en háttsemin átti sér stað í desember 2017. Manninum er gefið að sök að hafa „nýtt sér yfirburði sína gagnvart stúlkunni og traust hennar og trúnað hennar til hans sem fyrrum stjúpföður, en ákærði klóraði og/eða strauk henni á bak og bringu innanklæða, á innanverðum lærum og aftanverðum lærum allt niður á kálfa utanklæða, fór með hendi undir buxur hennar og klóraði og/eða strauk rass hennar og setti fingur inn í endaparm hennar, þannig að fingur hans og nærbuxur hennar fóru inn í endaparminn og strauk með fingri yfir endaparm hennar, kyssti hana blautum kossum á enni, kinn og á læri, og lá síðan þétt upp að henni svo hún fann fyrir kynfærum hans við rassinn,” eins og segir í dómsorði Héraðsdóms Reykjaness.

Maðurinn var fundinn sekur



Er henni treystandi til að taka málstað barnsins?

um þessa háttsemi og dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi. Hann var dæmdur til að greiða stjúpdóttur sinni 1.800.000 krónur í miskabætur.

Maðurinn hefur starfað sem fræðslustjóri Reykjaneshæjar en er hann var dæmdur fyrir þetta brot starfaði hann á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Um tíma starfaði hann sem sálfræðingur á Vestfjörðum og var hann þá kærður til lögreglu fyrir kynferðisbrot gegn ungum dreng. Sú kæra leiddi ekki til ákæru.

„Skólasamfélagið hérna logar“

Ekki er vitað á þessari stundu hvort maðurinn hefur hafið afplánun en hann mun hafa áfrýjað málinu til Landsréttar. Sambandið mun vera náðið og er á allra vörum sem starfa við leikskóla og jafnvel grunnskóla í Reykjaneshæ.

„Þetta er ekki bara umtalað hjá leikskólafulltrúum heldur líka hjá grunnskólakennurum. Skólasamfélagið hérna logar út af þessu,” segir önnur konan sem ræddi við DV um málið. Hún segir jafnframt: „Þetta er afskaplega

óheppileg staða. Hvernig myndi hún bregðast við ef það kæmi inn á borð til okkar mál sambærilegt við hans mál? Maður að brjóta á barni. Er henni treystandi til að taka málstað barnsins þegar hún hefur opinberlega tekið málstað gerandans?“ Að sögn þessarar konu trúir leikskólafulltrúinn á sakleysi mannsins þrátt fyrir dóm héraðsdóms.

„Minni réttlætiskennd og siðferðiskennd er misboðið,” segir konan jafnframt.

„Það má kannski segja að þetta sé löglegt en þetta er gjörsamlega siðlaust,” segir hin konan sem ræddi við DV vegna málsins. „Það sem angrar mig mest er að þessi kona skuli ekki draga sig úr þessari vinnu ef hún ætlar að halda við þennan mann, því í þessari stöðu finnst mér hún ótrúverðug. Mér finnst þetta vera dómgreindarleysi. Mér finnst líka að fólk í kerfinu hér þurfi að vakna til vitundar um þetta. Sættið þið ykkur við þetta eða hvað ætlið þið að gera? Ég vil þessum tveimur manneskjum ekkert illt en þetta jaðrar við siðblindu.“

Fyrirspurnum ekki svarað

Leikskólafulltrúi heyrir undir Fræðsluráð Reykjaneshæjar og sendi DV ráðinu fyrirspurn vegna málsins. Var beðið um almenn svör við því hvort einhverjar reglur giltu um einkalíf starfsmanna sem gætu átt við um þær aðstæður sem hér hafa skapast. Hvort til séu reglur sem mæla gegn nánnum kynnum við aðila sem brotið hafa gegn barni.

DV sendi einnig tölvupóst á leikskólafulltrúann. Var hún beðin um að bregðast við því álitni starfsmannanna að hún væri vanhæf til að meta aðstæður þar sem grunur léki á kynferðislegri misnotkun gegn börnum vegna kynna sinna við hinn dæmda.

Hvorugum tölvupóstinum hafði verið svarað er DV fór í prentun. DV reyndi einnig margsinnis að hringja í leikskólafulltrúann en ekki ekki var svarað og hún hringdi ekki til baka. Ef svör við fyrirspurnunum berast síðar verða þeim gerð skil í frétt á dv.is. ■

Sorry seems to be the hardest word

Svarthöfði

Svarthöfði sagði sig úr Þjóðkirkjunni fyrir löngu. Kærir sig ekki um svona flokka og drætti. Svarthöfði var í raun skráður í Þjóðkirkjuna í einhverju bríaríi og skráði sig rակleidis út aftur um leið og hann rankaði við sér. Og mikið sem Svarthöfði er feginn.

Svarthöfða finnst með öllu óskiljanlegt að einhver sé eftir í þessari bévítis Þjóðkirkju. Kirkju sem kennir sig við alls kyns falleg orð, siði, venjur, boð og bönn en getur ekki einu sinni dröslast til að velja almennilegt fólk inn í þessa heilögu klíku.

Aftur og aftur er hulunni svipt af mannvönskunni sem fær frjáls um enni að leika innan gull-sleginna dyra kirkjunnar. Menn misnota börn og eyðileggja líf. Menn ráðast á konur sem segja frá. Menn hrökkva í vörn, neita að svara og það sem er furðulegast af öllu – bara geta ekki fengið af sér að biðjast afsökunar fyrir hönd þessa samþykka sértrúarsöfnuðar.

„Það hefur ekki komið sú beiðni, hugsun eða umræða sem hefur átt sér stað innan kirkjunnar,” sagði biskup vor, Agnes M. Sigurðardóttir, í viðtali við RÚV í vikunni. Viðtalið var um enn eitt fórnarlamb þjóðkirkjuprests og

hvort það ætti ekki rétt á miskabótum vegna ævilangs skaða. En nei, nei – það hefur bara ekkert komið til tals. Þetta fórnarlamb, sem þó hafði kjark til að segja frá, fá fund, mæta kvalara sínum, þarf bara að óska eftir þeim sjálf. En kirkjuklíkan hefur bara ekki einu sinni rætt það.

Svo er bara ekkert hægt að reka þessa presta. Þeir geta ekki hætt að vera prestar því það er „ekki hægt“ að taka vígsluna bara til baka. Nei, auðvitað, hvað var Svarthöfði að hugsa? Auðvitað er ekki bara hægt að svipta menn hempunni þegar þeir hafa svipt barn æskunni. Það væri náttúrulega algjörlega út í hött! ■



JÓLAPAKKAFERÐIR

Skemmtilegar hópferðir með íslenskri fararstjórn
Tryggðu þér sæti. Staðfestingargjald er kr. 35.000.

**MAN UNITED
NORWICH**

10. - 13. janúar

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 129.900

**MAN UNITED
WOLVES**

31. jan - 3. feb

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 134.900

**MAN UNITED
WATFORD**

21. - 24. febrúar

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 149.900

**LIVERPOOL
WEST HAM**

21. - 24. febrúar

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 169.900

**ARSENAL
EVERTON**

21. - 24. febrúar

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 129.900

**MAN UNITED
MAN CITY**

6. - 9. mars

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 159.900

**HREYFIFERÐ
SPÁNN**

14. - 21. maí

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 172.900

**BILLIE
EILISH**

20. - 22. júlí

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 134.900

**OKTOBERFEST
2020!**

Tvær brottfarir

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 139.900

Nánari upplýsingar á [visitor.is](https://www.visitor.is)

Innifalið í okkar hópferðum: Flug með Icelandair og skattar. Gisting með morgunverði.
Handfarangur og ein innrituð 23kg taska. Rúta til og frá flugvelli. Miði á leik/viðburð. Íslensk fararstjórn.



**ÁRSHÁTÍÐARHÓPAR ELSKA
OKKUR:)**

Hafðu samband í síma **578 9888**

eða á hopar@visitor.is


Visitor
FERÐASKRIFSTOFA





„Ég upplifi þetta sem einelti og ekkert annað“

■ Öryrki sakar heilbrigðisstjóra Suðurnesja um misbeitingu valds
■ Upplifir einelti og missir hálfar bætur

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Þessi gjörningur heilbrigðisfulltrúa kostaði mig hálf mánaðar örorkubætur,“ segir Ólafur Harðarson öryrki sem búsettur er í húsbíl við Njarðarbraut í Reykjanesbæ. Ólafur kveðst hafa upplifað misbeitingu valds af hálfu heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja eftir að jeppabifreið hans var fjarlægð af umræddri einkalóð, sem að sögn eigandans var að tilefnislausu og hluti af braski. Þegar hann reyndi að leysa út bílinn hjá Vöku var búið að fjarlægja hvarfakútinn og pústið undan bílnum.

Ólafur telur ólíklegt að um tilviljun sé að ræða í ljósi þess að bifreiðaverkstæði stendur við hliðina á einkalóðinni, þar sem að hans sögn er stöðugt reynt að koma fleiri bílum inn á svæði verkstæðisins.

„Heilbrigðiseftirlit Reykjanesbæjar Suðurnesja er að setja miða á bíla sem eru búnir að vera númerslausir fyrir utan lóðir. Bíllinn minn er í iðnaðarverfi, á einkalóð, og í kringum hann eru hátt í þrjátíu eða fjörutíu bílar. Það eru heilu lengjurnar hérna af bílum og það er ekki hreyft við neinu nema hjá mér,“ segir Ólafur. „Bíla-

verkstæðið vantar svo mikið stæði og þeir hafa verið að nýta sér allar leiðir til að losna við bíla sem við félagi minn eigum. Þetta er yfirgengileg frekja. Það er allt fullt af bílum á svæðinu og þeir hirða flottasta bílinn, bílinn minn.“

Benedikt Heiðdal, eigandi lóðarinnar við Njarðarbraut, þar sem Ólafur er búsettur, tekur undir orð hans og upplifir þetta sem hreinræktað einelti. „Það sem var sorglegt við þetta er að bíllinn hans Ólafs og hundrað aðrir bílar voru fluttir upp í Mosfellsbæ. Þar er þeim hrúgað inn í gamla malarnámu við hliðina á ÍSTAK og þar er meiri umgengni á næturnar af hálfu erlendra verkamanna sem eru að skera hvarfakútana úr bílunum. Þar með var það gert við bíllinn hans Ólafs,“ segir Benedikt.

„Ég upplifi þetta sem einelti og ekkert annað og yfirgang hjá húsfélaginu, verkstæðinu og heilbrigðisfulltrúa, sem er kallaður til eins og smalahundur. Það er einhver vinskapur þarna sem herjar á Ólaf. Svo er fullt af hræjum sem fá að vera þarna óáreitt. Ég hringdi í Vöku fyrir stuttu og þá voru bílarnir mínir aftur dottnir inn á lista yfir þá sem á að fjarlægja, en öll hræin fá að vera í friði. Það getur enginn gert þetta

Benedikt Heiðdal, vinur Ólafs Ólafur sjálfur treysti sér ekki í myndatöku.



nema á undan sé genginn dómur með vörslusviptingu. Það getur engin ríkisstofnun farið inn á mína lóð og tekið minn bíl nema með slíkum dómi.“

Ekki bárust nein svör frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja við vinnslu fréttarinnar. ■



BELTI FRÁ
5.990 KR.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á
SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS
MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA
FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937
HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ
VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER
ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG
VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ
4.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK
— SÍÐAN 1937 —

Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

✓ Bókhald og fjármál

✓ Húsfélagafundir

✓ MÍNAR SÍÐUR

✓ Þjónustusaga húss

✓ Önnur þjónusta



EIGNA*umsjón*

www.eignausmsjon.is

Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

DV

Suðurlandsbraut 14
2. hæðFRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.ISÚtgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frankvæmdastjóri: Karl Gardarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Verðmat á trúnaði

Dómur var kveðinn upp í kynferðisbrotamáli **Atla Rafns Sigurdarsonar** leikara á dögunum og hefur niðurstaðan verið á vörum margra síðan. Lögmaður Atla segir að um launsátur hafi verið að ræða og sé þá gott að það hafi þessar afleiðingar. **Einar** segir að enn þann dag í dag sé Atli í þoku með þetta mál. Atli viti enn þann í dag ekki hvað hann eigi að hafa gert né hverjum. Þetta umrædda launsátur gefur til kynna að starfsmenn Borgar-leikhússins, sem kvörtuðu undan leikaranum – undir fullum trúnaði – hafi af fúsum og frjálsum vilja reynt að til-efnislausu. Dómurinn setur óneitanlega það fordæmi að þolendur þjáist áfram í þágu meintra perverta, sem hysja upp um sig buxurnar og ganga frá málinu óskaddaðir. Jú, vissulega fækkar atvinnutilboðum en verðmatið á slíkum egóbreosti á ekkert í minningar og hugrekki þeirra sem stíga fram undir trúnaði þegar brotið hefur verið á þeim. Hversu mikils virði á það að vera?



Of dýr landkyrning?

Á tímabilinu 2001 til 2018 hafa um níu milljarðar króna verið greiddir úr ríkissjóði til framleiðenda á grundvelli endurgreiðslukerfis kvikmynda. Fram kemur í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið að hugsanleg misnotkun á þessu kerfi eigi sér stað. Endurgreiðslukerfið var tekið í notkun upp úr aldamótum og hefur verið framleingt í fjörgang. Upphaflega fór þetta af stað til að styrkja einungis kvikmyndagerð en með breyttum markaði myndast fleiri möguleikar á glöppum, til dæmis með gerð skemmtiþátta og net- eða streymisefnis sem er aðeins ætlað til sýninga í eigin dreifikerfi. Er ekki kominn tími á hnitmiðaða afmörkun á landkyrningu sem blæs ekki stöðugt upp í verði og erfitt er að halda utan um í bókhaldinu? Þá eru góð ráð orðin dýr.

Ólíðandi úrskurður

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Orð bera ábyrgð. Það er ekki bara hvað við segjum heldur hvernig við segjum það. Í starfi fjölmiðla-anna bera skrifuð orð ríkulega ábyrgð, sérstaklega með tilkomu netmiðla því – eins og öllum ætti að vera orðið ljóst – internetið gleymir engu. Þetta eru fjölmiðlamenn meðvitaðir um og starfa samkvæmt siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

Ég, sem ritstjóri DV, gerðist brotleg við fyrrnefndar siðareglur í umfjöllun DV um tiltekinn fanga. Úrskurður í málinu féll í vikunni og var það Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, sem kærði fyrir hönd fangans. Ein umfjöllun DV varð kærð en tekið fram í kærinni að DV hafi „ítreakað“ fjallað um fangann. Það var þó ekki aðeins DV sem fjallaði um þennan tiltekna fanga og voru aðrir miðlar sem sögðu til dæmis fyrst frá því að hann væri skráður á stefnumótaforritið Tinder, þótt hann væri enn í afplánu fyrir hrottalegt morð og það stríddi gegn reglum Tinder að dæmdir einstaklingar fengju að vera með reikning á stefnumótaforritinu.

Kæra Afstöðu var í sex liðum. Þrjú liðir voru ekki taldir brjóta gegn siðareglum. Þeir innihéldu til dæmis kvörtun um að blaðamaður hefði nálgast fangann án leyfis Fangelsismálastofnunar, að blaðamaður hefði lýst útliti fangans og að blaðamaður hefði lýst bifreið sem fanginn hefur til umráða. Hinir þrjú liðirnir voru taldir alvarlegt brot við siðareglur. Þeir liðir innihéldu kvartanir um að DV hefði birt mynd af fanganum sem tekin var „úr launsátri“, að heimilisfang móður fangans og fötlun bróður hans hafi verið tekin fram og að minnst væri á sjálfsvíg föður fangans.



DV stendur við umfjöllunina um téðan fanga og uppsetningu á henni. Umfjöllunin var lesin margoft yfir, spáð og spekúlerað í framsetningu og orðavali með siðareglur Blaðamannafélags Íslands að leiðarljósi. Því eru það ákveðin vonbrigði að niðurstaðan hafi orðið á þessa leið og í raun setur hún mjög vafasamt fordæmi að mörgu leyti.

Áður en kæra til siðanefndar barst sló Morgunblaðið upp orðinu „umsátur“ í fyrirsögn þar sem Afstaða lýsti yfir óánægju sinni með umfjöllunina. Fyrirsagnir lúta öðrum lögmálum en almennur fréttatexti og eru oft vandlega valdar til að passa inn í knappt pláss. Það er því ekki tilviljun að þetta tiltekna orð hafi verið notað. Í kærnu Afstöðu eru orð og orðasambönd eins og „úr launsátri“ og „sitja fyrir einhverjum“ einnig notuð. Í viðtali við Vísi í vikunni í ljósi úrskurðarins talaði Páll Winkel fangelsismálastjóri um „smánum“ fanga. Ég vil ítreka, í eitt skipti fyrir öll, að blaðamenn sitja ekki fyrir fólki, gera ekki eitthvað úr launsátri og gera ekki sitt besta til að smána fólk. Þessi orðræða er algjörlega fráleit, sérstaklega úr munni fólks sem hefur með stjórnkerfi landsins að gera. Þessi orðræða grasserar hins vegar daglega á samfélagsmiðlum og kæfir alla vitræna

umræðu sem gæti verið til gagns fyrir fjölmiðlafólk. Við erum ekki hjartalausir siðblindingar sem mætum til vinnu á degi hverjum með það eitt að markmiði að níða af fólki skóinn. Við sitjum ekki fyrir fólki, við nálgumst það á kurteislegan en ágengan hátt til að afla fréttu. Og þetta með að taka myndir úr launsátri, hvenær í veröldinni hefur það verið talið ámælisvert? Það er einfaldlega stundum partur af vinnu okkar og ættu fjölmiðlamenn aldrei að skammast sín fyrir að leita allra leiða til að miðla fréttum úr samtímanum. Aldrei.

Annað sem er afar fordæmisgefandi í dómi siðanefndar varðar upplýsingar sem voru birtar í kærðri umfjöllun DV en höfðu áður birst í opinberum dómskjölum og öllum öðrum fjölmiðlum þegar tiltekinn fangi var handtekinn, hann yfirheyrður og síðar dæmdur í fangelsi fyrir morð að yfirlögðu ráði. Fyrir utan að þessar upplýsingar eru mikilvægur partur af sögu fangans. Þetta veldur ákveðnum áhyggjum. Í hverri viku eru rifjaðar upp fréttir sem eru erfiðar og koma illa við einhvern. Upprifjun úr öðrum miðlum, dómskjölum eða öðrum opinberum gögnum. Ef við refsnum og bönnum birtingu slíkra upplýsinga þá er verið að hefta frelsi fjölmiðla til að fjalla heildrænt um

málefni og finnst mér hreint út sagt hneisa að slíkar birtingar, eins og í þessu tilfalli, séu taldir alvarlegt brot á siðareglum samkvæmt siðanefnd.

Blaðamenn eiga að gæta þess að valda ekki saklausu fólki óparfa skaða. Því miður, eðli vinnunnar samkvæmt, gerum við það samt, sama hvað við vöndum okkur mikið. Það eru nefnilega alls konar fréttir sem geta valdið skaða. Skaðapröskuldur fólks er mismunandi. Þeir sem glíma við ófrjósemi geta fengið sting í hjartað yfir illa skrifaðri grein um manneskju sem hefur eignast tíu börn og er hvergi nærri hætt. Fyrrverandi maki getur orðið leiður, sár og dapur ef fyrrverandi elskhugi birtist á síðum miðlanna með nýjan elskhuga uppi á arminum. Manneskjunni sem sagt var upp í banka sviður yfir endalausum fréttum í öllum miðlum af hópuppsögnum úr bankanum, þótt hún sé hvergi nefnd á nafn.

Þetta er erfið vinna oft á tíðum og allir fjölmiðlamenn eru meðvitaðir um að vanda sig. Stundum verða okkur á mistök, eins og öllum. En ég sætti mig ekki við að siðanefnd míns eigin félags refsí blaðamönnum DV að því er virðist eftir geðþótta og tíðaranda í samfélaginu. Það er ólíðandi. ■

Spurning vikunnar

Hvað færðu þér í bragðaref?



„Jarðarber, hockey-púlver og piparfylltar lakkrísreimar.“

Anna Sóley Stefánsdóttir
Ísbúðarafgreiðslukona

„Oreo, jarðarber og Snickers.“

Birna Kristín Kristjánsdóttir
Afrekskona í frjálsum íþróttum

„Jarðarber, Oreo og smartiskurl.“

Sara Rut Sigurðardóttir
The Gettu betur-queen of FG

„Kökudeig, Daim, smartiskurl og lúxusdýfu.“

Valdimar Matthíasson
Landsliðsmaður í Gerplu



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavinum, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkum máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

Valgeir fór í magaermi í maníu

Þróaði með sér lotugræðgi eftir magaermina – Finnur nú sjálfur fyrir fitufordómum – Greining á geðhvarfasýki útskýrir ýmislegt

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Valgeir Elís er 31 árs og býr í Keflavík. Kannski kannast einhverjir landsmenn við hann sem manninn sem sagði Ladda látinn í fyrra. Valgeir fór í magaermi fyrir um tveimur árum. Hann hefur misst fimmtú kíló síðan þá en ferlið hefur langt

frá því verið dans á rósum. Fljótlega eftir aðgerð sá Valgeir mikið eftir aðgerðinni en hann hafði óafvitandi verið mjög hátt uppi í maníu þegar hann pantaði sér utanlandsferð í aðgerðina og einnig þegar hann fór í aðgerðina. Hann var greindur með geðhvarfasýki 2 í byrjun árs 2019 sem útskýrði ýmislegt í fari hans. Hálfu ári eftir aðgerð þróaði Valgeir með sér

lotugræðgi og ældi upp hverri máltíð. Í dag er hann í bata, kominn í ágætis jafnvægi og líður vel.

Valgeir er nýjasti gestur Föstudagsþáttarins Fókuss og ræðir þar um lífið, tilveruna, magaermina og maníuna.

Var einu sinni mjög feitur

„Ég var einu sinni mjög feitur með dökkt krullað hár og gler-

augu,“ segir Valgeir. „Um ellefu til tólf ára byrjaði ég að bæta á mig og svo byrjaði boltinn að rúlla. Um fimmtán til sextán ára var ég í mikilli ofþyngd og fór upp í 140 kíló. Einhvern veginn náði ég því aldrei af mér almennilega, ég fór kannski í átak og borðaði bara gulrætur og sellerí en blés alltaf aftur út. Þetta var rússíbani, upp og niður,“ segir Valgeir.

Fyrir tveimur árum tók hann mjög stóra ákvörðun og fór í magaermi. Magaermisaðgerð minnkar magann um 75–80 prósent og verður maginn eins og ermi í laginu.

Valgeir segir ákvörðunina hafa verið tekna í hvatvísi og stuttu eftir aðgerð hafi hann upplifað mikla eftirsjá. Hann sagði frá því í viðtali við DV í mars 2018. En síðan þá



Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

SENDI ÚR AÐ OFAN OG SVEIK ÚT ÚR AÐ NEDAN

■ Íslendingur grunaður um alþjóðleg fjársvik ■ Sveik út fokdýr armbandsúr ■ Að minnsta kosti 13 fórnarlömb á þremur árum

Erla Dóra
erladora@dv.is



Samfélag áhugamanna um armbandsúr á netinu kom upp um íslenskan svikahrapp. Sá er grunaður um að hafa svikið á aðra milljón út úr grandalausum einstaklingum með ástríðu fyrir úrum.

Sviðin jörð

„Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að halda því fram að ég hafi óvefengjanleg sönnunargögn fyrir því hver gerandinn í þessum brotum er. Það eru þung spor að deila nafni hans hér og ég geri mér grein fyrir þeim álitshnekki sem hann getur orðið fyrir í kjölfarið. Hins vegar vegna þeirra sterku tenginga og gagna sem ég hef safnað og geri grein fyrir hér, og sönnunargagna um ítrekuð svik í gegnum árin, þá finnst mér mikilvægt að deila þessu með samfélaginu til að koma í veg fyrir að aðrir lendi í svikum.“

Þetta segir í færslu sem Ástrali nokkur, sem ekki vill láta nafns síns getið, deildi á vefsvæðum áhugamanna um armbandsúr fyrir skömmu. Með færslunni vildi hann koma upp um íslenskan svikahrapp sem hafði skilið eftir sig sviðna jörð víða um heiminn.

Dabbispade

Ástralinn, sem hér eftir verður nefndur Róbert, segir í samtali við blaðamann að hann hafi um árabíl átt í farsælum og jákvæðum viðskiptum við aðra áhugamenn um armbandsúr á veraldarvefnum. Hann gerir sér grein fyrir að slíkum viðskiptum fylgi viss áhætta en hann átti aldrei von á því að verða svikinn með þeim hætti sem hér átti sér stað.

Úrið sem Róbert átti að fá sent (til vinstri) og úrið sem hann fékk sent (til hægri)

„Einstaklingur með notandanafnið „dabbispade“ hafði samband við mig í gegnum vefsíðu fyrir safnara armbandsúra. Hann fylgdi skilaboðunum eftir með tölvupósti og stakk upp á skiptum; hann léti mig hafa Omega Speedmaster-úr og fengi í staðinn IWC-spáriúr frá mér.“ Verðmæti úrana var svipað og því greiddi hvorugur aðilinn umframkostnað. Báðir sendu sönnun þess að þeir hefðu umrædd úr í fornum sínum og svo sönnun þess að úr hefði verið sent með póstinum til viðtakanda. Róbert fékk þó ekki það úr sem honum hafði verið lofað, heldur annað verðlaust og ónýtt. „Úrið

sem ég sendi frá mér var nýlega metið á 170 þúsund krónur,“ sagði Róbert í samtali við blaðamann.

Þegar Róbert fékk verðlausa úrið í hendurnar gerði hann sér grein fyrir því að hann hefði verið blekktur. Hann fór að spyrjast fyrir um málið og kannaði hvort aðrir hefðu lent í slíkum svikum. Svörin létu ekki á sér standa og innan skamms hafði Róbert frétt af að minnsta kosti þrettán einstaklingum sem allir höfðu lent í svikara frá Íslandi.

Aðferð íslenska svikarans var áþekkt í öllum tilvikum. Hann stofnaði nýjan notanda inni á vefsvæðum áhugamanna um armbandsúr. Þar birti hann nokkrar ómerkilegar færslur til að ekki liti strax út fyrir að annarlegar hvarir lægju að baki notandanafninu. Síðan átti hann frumkvæði að samskiptum við einstaklinga sem höfðu úr til sölu eða vildu skipta og upphófst þá blekkingin. Í allavega tveimur tilfellum sendi svikarinn sannanlega pakka frá sér sem skilaði sér alla leið til viðtakanda. Var þó ekki um umsamið innihald pakkans að ræða heldur ónýtt verðlaus úr.

Róbert hafði enn fremur samband við þá sem standa að baki vefsvæðum áhugamanna um úr og fékk þaðan staðfest að öll notandanöfnin kæmu frá sömu IP-tölunni á Íslandi.

Saklausum frændi svikarans blandað í málið

Þá brá Róbert á það ráð að taka saman allar upplýsingar sem hann hafði aflað sér um svikarann og deila þeim ásamt fullu nafni glæpamannsins á áður nefndum vefsvæðum. Það var þá sem hjólin fóru að snúast.

Svikarinn var fljótur að setja sig í samband við Róbert. Nafnið sem Róbert hafði grafið upp kom frá PayPal-reikningi sem hafði verið notaður við ein svikin. Svikarinn vildi fyrir alla muni fá það nafn tekið út af síðunni, hann hefði fengið lánaðan PayPal-reikning frá frænda sínum sem væri saklaus í málinu. Hefði frændi hans þegar orðið fyrir nokkru ónæði vegna málsins, yfirheyrður af lögreglu og steini hefði verið kastað í gegnum rúðu heima hjá ömmu hans. Lofaði hann að láta af svikastarfseminni og skila síðustu tveimur úrunum sem hann hafði svikið út.

„Ég vona að þú takir út upplýsingarnar núna. Ég er að hafa samband við fólk til að bæta ráð mitt. Hvorki þú né aðrir munuð nokkurn tímann sjá mig



Mynd sem svikarinn sendi til að sanna á sér deili

aftur á þessum síðum,“ segir í tölvupósti frá svikaranum sem blaðamaður hefur fengið að sjá.

Úrunum tveimur var vissulega skilað, en eftir sem áður eru mörg fórnarlömb svikarans sem enn sitja eftir með sárt ennið.


Minnst 13 fórnarlömb

Málið er nú rannsakað af lögreglu og samkvæmt heimildum DV hafa svikarinn og frændi hans verið yfirheyrðir vegna málsins. Róbert telur að þó hann viti aðeins um þrettán fórnarlömb sem stendur þá séu þau líklega mun fleiri, jafnvel heilu tugirnir til viðbótar. Að minnsta kosti tveir hafa verið í sambandi við lögregluna á Íslandi vegna málsins, en einnig yfirvöld í Ástralíu og Kanada.



Fórnarlömb eru staðsett víðs vegar um heiminn, í Portúgal, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu, svo fáein lönd séu nefnd. „Nafnleysi á vefnum getur skapað kjöraðstæður fyrir svikara og þjófa, hins vegar getur slíkt hátterni komið manni í koll. Ekki

stela frá öðrum. Því miður mun þessi stærðargráða af svikum í viðskiptum með úr, sem stafa frá sama staðnum, Reykjavík, valda því að menn verða hikandi við að skipta við aðra áhugamenn frá Íslandi,“ segir Róbert. ■



VIÐ KYNNUM VÍNLAND GMT



Fyrir nútíma landkönnuði

Vínland úrið er tilvalið fyrir þá sem ferðast mikið eða þurfa að vita tímann á tveimur stöðum í einu. Úrið kemur með innbyggðri skífu þar sem hægt er að stilla tímann á hvaða land eða borg sem er í heiminum.

Úrið kemur í 41 mm stálkassa með safír gleri að framan og aftan. Hægt er að velja um silfur skífu, bláa skífu eða svarta skífu. Úrið er með Svissnesku hágæða sjálftrekktu gangverki með 65 tíma hleðslu og GMT vísir, 5 ATM vatnsvörn og hægt er að velja um krókódílaól, eðluól eða stálól á úrið.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra. Úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

JS Watch co.
REYKJAVIK

Dagur í lífi meindýraeyðis:

„Miðborgin er morandi í rottum“

Steinar Smári fær um sextíu símtöl á dag - Mikill músagangur á þessum árstíma - Stærstu rotturnar um 40 sentimetrar

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Rúmur áratugur er síðan Steinar Smári Guðbergsson hóf formlega störf sem meindýraeyðir, en hann hafði fram að því fengist við mörg mismunandi störf sem áttu það

sameiginlegt að reynast hjálpleg fólki í mismunandi aðstæðum. Hann byrjaði sem rafvirki, en kláraði ekki það nám að fullu því hann fór á sjóinn og kallar sig í dag hálfvirkja. Hann ól lengi þann draum í brjósti að verða flugmaður en vegna takmarkaðrar heyrnar gekk sá draumur ekki eftir.

„Ég er alinn upp í sveit og hata köngulær, þannig byrjaði þetta eiginlega,“ segir Steinar Smári þegar talið berst að því hvernig hann hafi gerst meindýraeyðir. „Ég var alltaf að reyna að finna leiðir til að útrýma köngulóm úr lífi mínu. Algengt er að segja þær dragi frá flugur en það er bull og

vitleysa. Tegundirnar af flugum eru fjöldamargar og aðeins örfáar sem rata í vefinn. Eitrið sem er notað til að drepa köngulærnar drepur sömuleiðis flugurnar svo allir græða.“

Einn af fáum sem fá að skjóta
Á þeim tíma sem Steinar Smári

ákvað að snúa sér að starfsgreininni var lítil sem engin fræðsla í boði, í dag er hún ögn meiri en er engu að síður mjög svo ábótavant. „Ég get fullýrt að ég sé orðinn hálfgerður líffræðingur eftir að ég hellti mér út í þetta. Áður voru þetta tveir dagar og snerust að mestu um að kenna manni að

Í grunninn er þetta ekki subbulegt starf

setja á sig grímu og hanska. Síðan þá hef ég sjálfmenntað mig í hinum ýmsu tegundum skordýra. Algengasta meindýrið á Íslandi er klárlega silfurskottan, ég er mest að fást við hana í heimahúsum. Á eftir henni koma svo hamgæra og feldgæra. Feldgæran fannst ekki hér landi fyrr en fyrir sirka 30 árum en hefur nú náð miklum fjölda. Annars eru mýs og rottur alltaf sígildar og ófá skipti sem ég er kallaður í heimahús með stuttum fyrirvara. Húsráðandi gefur mér þá leyfi, en ég er einn fárra sem fá að skjóta – oftast úr stuttri fjarlægð þó, með pínulitlum haglaskotum. Nærtækt dæmi var rotta í eldhúsinnréttingu og konan sem kallaði mig til verksins var æst í að ég dræpi hana. Eftir að hafa gramsað í skápnunum skaut ég. Ég var búin að segja konunni að það gæti skemmst eitthvað en æsingurinn í mér var svo mikill að það vildi ekki betur til en svo að eldfast glermót skýldi rottunni og hún slapp, í þetta skipti, ég sá hana svo fljótt aftur og skaut. Konan var svo ánægð og alveg skítsama um eldmótið enda sagðist hún ætla að henda öllu úr þessum skápum, pottum og pönnum og öllu.“

Fleiri kakkalakkar í Reykjavík en flesta grunar

Og Steinar Smári staðfestir að starfið sé lifandi þótt hann umgangist mestmegnis þá dauðu. „Já, þetta er skemmtilegt starf sem hentar mér vel. Hér hitti ég fjölda fólks. Mér finnst gaman að spjalla við fólk og vinnan sem slík ekkert ógeðsleg. Mörgum finnst það eflaust, en í grunninn er þetta ekki subbulegt starf. Ég sé vissulega rottur, veggjalús og kakkalakka mjög reglulega – og já, það er miklu meira af kakkalökkum í Reykjavík en flesta grunar. Rottur eru líka algengari en fólk gerir sér grein fyrir. Fyrir mörgum er þetta falið en ég held að fólk sé flest frekar meðvitað um á hvaða stöðum þetta er hvað verst. Miðbærinn og vesturbærinn eru til að mynda afar slæmir og ég held að fólk viti það bara. En þetta kemur í tímabilum og tengist mikið árstíðum og er ekki bara bundið við miðbæinn eða vesturbæinn. Að vísu er reyndar ekki mikið um rottur austan Elliðaanna og einhverra hluta vegna ekki í Garðabæ.“

„Stökk á mig ískrandi og kveinandi“

Spurður hvað rottur séu stórar og hvort Steinar Smári hafi lent í einhverjum óþægilegum uppkomum hvað varðar rottur nefnir hann eina umfram aðra. „Já, ég var einu sinni staddur í húsaundi, var ekkert á vakt eða neitt slíkt, en sá þarna stóra rottu og ákvað að elta hana. Eins og gerist með dýr sem upplifa sig króuð af ákvað kvikindið að ráðast á mig.

Hún stökk þarna á mig ískrandi og kveinandi og hékk í annarri buxnaskálminni dágóða stund en lét sig svo hverfa. Mér hefur síðan þá ekki alveg staðið á sama yfir tilhugsuninni að fá svona kvikindi framan í mig, sérstaklega þegar ég geng niður í kjallara þar sem eru hillur og ég á það á hættu að fá dýrin framan í mig. Þær eru nefnilega sumar nokkuð stórar, þannig lagað. En þær stærstu eru um 30 til 40 sentimetrar með skotti svo þetta eru stórar skepnur, þannig séð.“

Fer klárlega til helvítis

Þegar talið berst að góðum gildrum segist Steinar Smári vera á móti svokölluðum límgildrum sem seldar eru almenningi sem ýta undir hægfare og ómannúðlegan dauðdaga dýranna. „Það er á hreinu að ég fer til helvítis því ég er alltaf að drepa einhvern, en ég er alveg á móti þessum límbökkum. Þælingin með þá er að músin sé þar í nokkra klukkutíma og sé svo losuð frá og sleppt út en tilfellið er ekki þannig. Í langflestum tilfellum gleymir fólk þessari gildru og músin drepst hægum og sárum dauðdaga. Með tímanum safnast svo ryk og límið hættir að virka. Þetta er í grunninn ákaflega ómanneskjulegt en önnur lausn er svokallaðar „lífgildrur“ – eða hótél. Þá rata mýsarnar inn í rými sem lokast á eftir þeim og þær komast ekki aftur út, stundum safnast fleiri en ein mús fyrir í þessu rými og þá tekur lögmál lífsins við. Þær slást þangað til sú sem hefur yfirhöndina hreinlega étur veikari músina. En hvað er manneskjulegt við það að láta mýsarnar hlaupa um og drepast á þremur dögum vegna vatnsskorts eða af því aðrar mýs koma inn í búrið og éta þær? Oftast þegar fólk kemur svo loksins að gildrunni er bara ein mús þar, þótt þær hafi verið margar um tíma, en þessi eina er þá feit og pattaraleg því hún er búin að éta hinar. Ég kom einu sinni að búri og þá hafði önnur mús komið og var byrjuð að éta hina. Þegar ég kom að var músin hálféttin og þá var búíð að éta stóran part af afturhlutanum á henni og hún enn lifandi. Þetta er náttúrulega ekkert nema dapurlegt á að líta.“

Spurður um bestu gildrunar segir Steinar Smári smellurnar þær albestu. „Ég mæli mest með plastgildrunum sem drepa mýsarnar strax en þá skiptir öllu máli að setja þær rétt upp. Vissulega er samt nauðsynlegt að límbakkar séu til einnig til staðar, því fátt veiðir eins vel og þeir. En þeir ættu ekki að vera í almennri sölu og bara til meindýraeyða. Meindýraeyðar munu þá fylgjast með að ekkert dýr sé að kveljast þar í marga daga, eða á meðan ráðið er niðurlögum á vandamálinu. En banna ætti þessi músahótél, þau eru alls ekki veiðin og í raun hreinlega kvalaklefi.“



© 09.00: Við mælum okkur mót við Steinar Smára sem hittir okkur fyrir utan híbýli DV. Hann tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara hýr á brá með vindil í annarri og ekki líður á löngu þar til hann dregur fram skammbyssu sem hann geymir í bílnum. Við ákveðum í kjölfarið að fylgja för hans eftir á öðrum bíl.



09.30: Fyrsta heimsókn dagsins er í vesturbæ Reykjavíkur þar sem fjarlægja þarf rottu af heimilinu. Steinar er snar til verks og skýtur kvikindið einu skoti. Eldhúsinnréttingunni varð ekki meint af og húsráðandi samþykkur aðgerðinni.



Framhald á næstu síðu

© 10.15: Næst liggur leiðin á öldurhús eitt í miðborg Reykjavíkur. Þar festir Steinar og fjarlægir um leið flugnagildru þar sem hann fer yfir hverskyns flugur heimsækja staðinn. Hann eittrar í leiðinni gróðurhús fyrir hugsanlegum meindýrum.

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager: Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202




©11.30: Við kíkjum yfir á annan veitingastað í sömu götu en óspurður segir Steinar okkur að í miðbærinn sé alræmdur fyrir rottugang enda séu felustaðirnir þar fyrir dýrin óþrjótandi og holurnar upp úr holræsinu allt um hring. Bæjaryfirvöld axla ekki ábyrgð því götulagnir séu víst á ábyrgð þeirra sem skráðir eru fyrir fasteignum á tilteknu svæði og því sé ekkert gert í holum og götum, sem geri dýrunum kleift að skríða upp og gera sig heimkomin.

Í heimsókninni fáum við dýrindis súpu frá staðnum sem augljóslega er mikið í mun að allt eftirlit sé upp á tíu. Að því loknu höldum við förrinni áfram og kíkjum næst í bakarí þar sem Steinar tekur stöðuna.



©13.30: Við höldum áfram og nú er förrinni heitið til Keflavíkur. Til stendur að taka út flugskýli og iðnaðarhúsnæði.



©17.45: Ferðin til Keflavíkur tók eflaust lengri tíma en til stóð en áfram höldum við. Nú höldum við í heimahús en síminn hjá Steinari stoppar ekki og í flestum tilfellum vegna músa sem leita inn á þessum árstíma vegna kuldbreytinga. Við kíkjum við og fjarlægjum eina slíka. Steinar leggur í leiðinni gildru ef fleiri skyldu leynast í íbúðinni en hann notar hnetusmjör og pepperóni til beitu, eða Snickers sem hann segir reynast langbest.



©12.30: Steinar hefur meðal annars það verkefni að eitra fyrir rottum og til verksins setur hann þartilgerða kassa hér og þar um borgina með eitri í sem rotturnar geta komist í.

Hann opnar hvern kassann á fætur öðrum en þeir reynast misinnihaldsmiklir. Hann segist aldrei vera stressaður enda sé hann öllu vanur. Hann er sömuleiðis spurður hvort vinir eða vandamenn í hefndarhug séu að sækjast í eitrið og hlær að spurningunni, en segist svo hafa eitt sinn fengið slíka bón frá einhverjum á Facebook. Hann telji samt beiðnina hafa verið grín. Hann hefur einnig fengið nokkrar beiðnir um að eyða 63 meindýrum sem haldi sig að mestu í húsi við Austurvöll.



©19.40: Liggur leiðinni að Tangabryggju þar sem Steinar Smári smellir upp beitustöðvum með eitri gegn nagdýrum, í leiðinni hendir hann inn tveimur músagildrum í bílakjallara.



©21.20: Dagurinn endar með því að Steinar er fenginn í útkall vegna silfur-skottueitrunar sem þarf að framkvæma vegna afhendingar á húsnæði til nýs eiganda morguninn eftir. Núverandi eigandi vill ekki bíða til morguns og vill ganga í málið hið snarasta. Dagurinn er því óneitanlega langur og ófyrirsjáanlegur.



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!

ht.is



VIÐ ERUM
57
ÁRA

SJÁÐU ÖLL
TILBOÐIN Á
HT.IS

— AFMÆLISTILBOÐ 1. - 7. NÓVEMBER —

20-60% AFSLÁTTUR
57 FRÁBÆR TILBOÐ



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Á meðan birgðir endast

Littrík saga grunna

■ Sakfelldur fyrir ítrekuð umferðarlagabrot, fjársvik, hylmingu og fíkniefnabrot

Erla Dóra
erladora@dv.is



Engilbert Runólfsson athafnamaður hefur verið ákærður fyrir stórfelld skattsvik og peningþvætti. Fyrirtaka málsins fór fram í Héraðsdómi Vesturlands á miðvikudaginn. Engilbert er gert að sök að hafa brotið gegn skattalögum, bókhaldslögum og lagt stund á peningþvætti. Samkvæmt ákæru stóð hann ekki skil á virðisaukaskatti á sex mánaða tímabili á árunum 2017 og 2018, og nema meint svik tæpum 24 milljónum króna. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Engilbert hefur komist í kast við lög. Á hann langan og litríkan sakaferil að baki sem má rekja allt aftur til áttunda áratug síðustu aldar.

Ökuníðingur sem lætur ekki segjast

Engilbert hefur ítrekað verið fundinn sekur um brot gegn umferðarlögum. Á árinum 1982–1996 gerði hann alls fimm sinnum dómsátt vegna slíkra brota, auk hylmingar á þýfi. Eins hafði honum í þriggja verið gerð viðurlög vegna umferðarlagabrot og þar að auki hafði hann hlotið sektardóm fyrir umferðarlagabrot.

Á þessu tímabili var Engilbert einnig fundinn sekur um fíkniefnalagabrot, brot gegn skotvopnalöggjöfnum, hylmingu og skjalafals.

Frá árinu 1982 til 1996 gekkst Engilbert undir alls fimm dómsáttir fyrir umferðarlagabrot og hylmingu þýfis. Frá 1993–1996 gekkst hann þrívægis undir viðurlagaákvörðun fyrir umferðarlagabrot og hafði auk þess hlotið fimm refsídóma frá árinu 1988. Þetta kemur fram í dómsorði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1996, en í því máli var Engilbert dæmdur í skil-orðsbundið fangelsi fyrir fíkniefnasmygl. Var það í annað sinn sem Engilbert hlaut dóm fyrir slíkan innflutning, en áður hafði hann hlotið sakfellingu árið 1991 vegna hlutdeildar í fíkniefnasmygli.

Héraðsdómur leit til sakaferils Engilberts við ákvörðun refsingar og þótti ljóst að þrátt fyrir að hafa ítrekað komist í kast við lög, hefði Engilbert ekkert lært af reynslunni. „Ákærði Engilbert er fulltíða maður, sem hefur ekki látið af afbrotum þrátt fyrir óskil-orðsbundinn fangelsisdóm fyrir sams konar afbrot. Telur dómurinn þetta bera vitni um styrkan og einbeittan brotavilja hans, og er það virt ákærða til refsihækkunar.“

Upp úr aldamótunum fór hagar Engilberts að vænka og varð hann umsvifamikill í viðskiptalífinu og fór fyrir fjölda fyrirtækja sem sinntu stórum byggingaverkefnum. Hann var þó sakfelldur fyrir umferðarlagabrot, enn aftur, árið 2009 og gert að greiða

Dauðahúsin við Hverfisgötuna eru tóm. Engilbert Runólfsson er dæmdur eiturlyfjasmyglari, athafnamaður og forstjóri fyrirtækisins sem á húsin, Stafna á milli. Engilbert sendi starfsmenn sína til að reka út fólkið sem þar bjó. Á götuna.

Engilbert henti leigjendum á Hverfisgötu út

Dæmdur eiturlyfjasmyglari á „dauðahúsin“ á Hverfisgötu

sekt í ríkissjóð. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að innan við tveimur vikum áður en dómur þessi féll hafði Engilbert gengist

undir dómsátt vegna umferðarlagabrots þar sem honum var gert að greiða tæpar 200 þúsund krónur í sekt og missti hann bílprófið í eitt ár.

Hvað varð um Valgeir Víðisson?

Þann 19. júní 1994 hvarf maður að nafni Valgeir Víðisson, að því er virðist sporlaust. Hefur ekkert spurst til hans síðan. Valgeir þessi glímdi við fíkn og hafði átt í útistöðum við hættulega menn í undirheimum Reykjavíkur. Skömmu eftir hvarfið höfðu fjölmörg eftir kunningjum Valgeirs að hann hefði skuldað hættulegum mönnum töluverðar fjárhæðir og virtust flestir á sama máli um að fíkniefnaviðskipti hefðu átt sinn þátt í hvarfi hans. Valgeir hafði skilið við íbúð sína líkt og hann hefði áformað að skreppa aðeins frá. Enn var kveikt á sjónvarpi og öll ljós íbúðarinnar kveikt. Faðir hans, Víðir Valgeirsson, var þess fullviss allt til dauðadags að sonur hans hefði ekki látið sig hverfa, heldur hefði hann verið látinn hverfa.

Rannsókn lögreglu miðaði lítið áfram og á árinu 2002 var málið enn opið og fáar vísbendingar til að fylgja eftir. Þá gáfu sig fram nokkur vitni við lögreglu sem greindu frá því að menn að nafni Ársæll Snorrason og Engilbert Runólfsson, hefðu myrt Valgeir vegna fíkniefnaskulda. Bar frásögn vitnanna að mörgu leyti saman. Engilbert og Ársæll áttu að hafa farið á fund við Valgeir í

þeim tilgangi að neyða hann til að gera upp skuldir. Hafi Ársæll gengið of hart fram og Valgeir dáði. Árásin á að hafa átt sér stað í bílakjallara hjá húsi því sem Engilbert bjó í á þeim tíma. Í kjölfarið, sögðu vitnin, hafi Engilbert og Ársæll komið líki Valgeirs fyrir í farangursrými Chevrolet Caprice-bifreiðar þar sem þeir geymdu líkið áður en þeir losuðu sig við það skammt frá Vík í Mýrdal.

Lögregla hafði upp á öðru vitni, starfsmanni bifreiðaverkstæðis, sem kannaðist við að Engilbert og Ársæll hefðu komið með Chevrolet-bifreiðina til hans og beðið um að henni yrði fargað. Minnti starfsmanninn að áklæði í farangursrými hefði verið rífið af og járníð þar bert. Þótti starfsmanninum undarlegt að mennirnir óskuðu eftir því að bifreið, sem virtist í fínu lagi, yrði fargað. Kvað hann Engilbert og Ársæll hafa gefið þá skýringu að bifreiðin væri að ryðga og þeir vildu bara losna við hana. Billinn var í eigu Ársæls sem undirritaði afsal sem seljandi, en Engilbert ritaði nafn sitt á skjalið sem vitundarvottur. Það tók starfsmanninn nokkra daga að taka vélina úr bifreiðinni og farga og minnti hann við yfirheyrslu að á þeim tíma hafi komið til hans maður og rekið á eftir förguninni.

Engilbert og Ársæll voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Sönnunargögn þóttu þó ekki næg til að

REYKJAVÍK
RAINCOATS

REYKJAVÍK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62. 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177

Dauðs skattsvíkara

Þot - Umfangsmikill í milljarðaviðskiptum



Valgeir Víðisson og Chevrolet

Dæmdur fyrir dóp, fjársvik og vopnaburð

hægt væri að gefa út ákæru svo þeim félögum var að lokum sleppt. Framburður fyrrnefndra vitna var ekki staðfestur. Hvarf Valgeirs er enn óupplýst.

Dauðahúsin

Um áramótin 2005/2006 fjallaði DV um svonefnd „dauðahús“ á Hverfisgötu. Þrjú hús, þar sem fjórir einstaklingar, sem allir glímdu við fíkn, létust á innan við ári. Tvö húsanna voru í eigu fyrirtækisins Stafna á milli ehf., sem var verktakafyrirtæki Engilberts. Þriðja húsið var í eigu Frakkastígs ehf., sem Engilbert virtist hafa aðkomu að samkvæmt frásögn vitna sem DV ræddi við. Engilbert þvertók þó fyrir aðkomu sína en þegar framburður vitnis var borinn undir hann fór hann undan í flæming: „Ég vil ekki tala við ykkur“, sagði Engilbert og skellti á blaðamann.

DV greindi jafnframt frá því að 30. desember 2005 hafi Engilbert sent aðurnefndan Ársæl Snorrason til að hreinsa út úr dauðahúsunum. Fullyrtu viðmælendur DV að útburðaraðgerðir hafi verið harkalegar. Þegar fyrirhugaður útburður á leigjendum dauðahúsanna fréttist var haft samband við Engilbert og var þá lítið um svör. „Haltu kjafti“, sagði Engilbert og skellti á. Einnig var haft samband við Ársæl sem sagði: „Ég vinn fyrir hann [Engilbert], ég var beðinn um að sjá um þetta.“

Ársæll lést árið 2013.

Glaðheimaaævintýrið

Aðeins þremur árum eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að hvarfi Valgeirs Víðissonar var Engilbert orðinn umsvifamikill í íslensku atvinnulífi og tók meðal annars þátt í svonefndu Glaðheimaaævintýri í Kópavogi, braski með lóðir undir hesthús á svæði Gusts sem endaði með að kosta Kópavogsbæ fleiri milljarða. Engilbert var ítrekað bendlaður við kaup á hesthúsum á svæðinu. Árið 2006 reyndi Fréttablaðið að

ná tali af Engilbert þegar grunnur hafði vaknað um að kaupverð kaupsamninga við hesthúsaeiganda væri skráð lægra en raunverulega hefði verið greitt. „Ég hef ekki tíma til að tala við þig“, sagði Engilbert við blaðamann og skellti svo á.

Í maí 2006 greindi DV frá því að Engilbert væri eigandi um 40 prósentu hesthúsanna og ætlaði sér að kaupa þau öll til að þróa þar íbúðabygging.

Vatnsendamálið

Flestir Íslendingar hafa heyrt sögur af Vatnsendamálinu frá. Málið varðaði harðar deilur erfingja Sigurðar Hjaltested um jörð á Vatnsenda sem Þorsteinn Hjaltested hafði fengið í sinn hlut vegna erfðaskrár frá árinu 1938. Aðrir erfingjar Sigurðar hafa barist hart fyrir því að fá viðurkennt að Þorsteinn væri ekki réttmætur erfingi

jarðarinnar og unnu mál sitt fyrir Hæstarétti árið 2015. Kópavogsbær hafði tekið stóra hluta jarðarinnar eignarnámi í gegnum árin og greitt eignarnámsbætur fyrir til Þorsteins en eins hafði Þorsteinn selt hluta jarðarinnar sjálfur. Meðal annars til Engilberts. Engilbert hugðist þar reisa fjögur einbýlishús en áformin strönduðu þegar ekki fengust tilskilin leyfi hjá Kópavogsbæ. Kaupverð jarðarhluta Engilberts nam um 80 milljónum króna.

VBS fjárfestingarbanki

Engilbert fékk umfangsmiklar lánveitingar frá VBS fjárfestingarbanka í gegnum eitt eða annað af þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem hann hefur haft aðkomu að í gegnum tíðina. Nokkur dæmi um fyrirtæki sem Engilbert tengist eða hefur tengst eru Ferjuholt ehf., Uppbygging ehf., JB byggingafélag, S23 ehf., Stafna á milli ehf., Eignasmári ehf., og Frakkastígur ehf., en Engilbert fékk einmitt lán frá VBS til að kaupa JB byggingafélag, á fjóra milljarða króna árið 2007.

Í gegnum Ferjuholt ehf. fékk Engilbert lán frá VBS upp á ríflega milljarð til kaupa á tæplega 200 hekturum úr landi í Flóanum á Suðurlandi. Í samtali við Sunnlenska fréttablaðið sagði Jón Þórisson, þáverandi forstjóri VBS, að menn innan bankans hefðu lík-

lega vitað um fortíð Engilberts en fremur horft á hugsanlega ávinning af viðskiptunum.

Lánveitingar VBS til fasteignaverkefna voru umtalsverðar eða um 76 prósent af heildarútlánunum bankans. Einn af stórtækustu viðskiptavinum VBS var Engilbert og fyrirtæki hans Innova, meðal annars til verkefna sem sem aldrei voru klárð. VBS fór í þrot árið 2010 en ári fyrr hafði bankinn þurft að afskrifa um sjö milljarða króna vegna tapaðra útlána.

Uppbygging á Akranesi

Fyrirtæki Engilberts Uppbygging ehf. greindi á síðasta ári frá áformunum um að reisa allt að 17 þúsund fermetra húsnaði á Akranesi undir ýmiss konar atvinnustarfsemi. Áætlaður kostnaður var um fimm milljarðar króna. Bæjaryfirvöld Akraness tóku, að sögn Engilberts, vel í áformin. Nýlega var einnig greint frá því að Uppbygging hafi náð samningum um að byggja Reebok Fitness líkamsræktarstöð og heilsulind.

Ljóst er að litríkur sakaferill hefur ekki valdið Engilbert teljandi vandkvæðum í atvinnulífinu og miðað við þær upphæðir sem fyrirtæki í hans eigu hafa farið með, eru þær 24 milljónir sem honum er gert að sök að hafa svikið af skattinum, fremur smávægileg fjárhæð. ■

„Knúsin frá börnunum borga ekki reikningana“

■ Rebekka segir laun starfsmanna á leikskóla smánarleg ■ Upplifun hennar ekkert einsdæmi

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Pann 2. október síðastliðinn áttaði Rebekka Guðleifs-dóttir sig á því að launin sem hún fékk útborguð fyrir fullt starf á leikskóla væru rétt rúmlega 50 þúsund krónum hærrí en bætur sem hún fékk á meðan hún sótti prógramm hjá Virk.

Rebekka er lærður myndlistarmaður og ljósmyndari og sótti um starf á leikskóla, sem hún hugsaði sem tímabundna lausn. „Ég hef unnið á leikskóla áður og sótti um þetta vegna þess að ég vinn vel með börnum og þau kunna að meta mig, einhverra hluta vegna,“ segir hún í samtali við DV.

Frásögn Rebekku er ekkert einsdæmi. Hún tjáði sig stuttlega um málið á Facebook nú á dögum og segir viðbrögðin hafa verið mun meiri en hún átti von á. „Mér finnst að allir ættu að vita af þessu. Það kom nefnilega í ljós að fjöldi fólks gerði sér ekki grein fyrir því að launin væru svona rosalega léleg, þó svo að allir viti að þetta sé lágláunastarf.“

Leigir hjá foreldrum, borðar lítið og ferðast ekkert

Fyrir fullt starf á leikskólanum

fékk Rebekka útborgaðar 270 þúsund krónur.

„Það þarf lítið að reikna til að átta sig á að þessi laun eru bara hálfgerð prump. Ég er ekki með aðra fyrirvinnu, en ég er svo blessunarlega heppin að eiga foreldra sem eru að hjálpa mér mjög að koma undir mig fótunum eftir nýlegan skilnað þar sem ég stóð uppi með sáralítið. Ég leigi af þeim, mun lægra en ég myndi gera á almennum leigumarkaði. Ég er ekki, sem stendur, að reka bíl. Ég kaupi mér ódýr föt með margra mánaða millibili, skó enn sjaldnar. Ég borða lítið. Eyði sáralitlu í snyrtivörur. Ferðast ekkert. Ef ég stæði bara ein, með ekkert bakland, og leigði á almennum markaði þá myndu þessi laun varla duga til að láta enda ná saman, þrátt fyrir sparsaman lífsstíl. Og það gerir mig svo reiða, því ég veit að það er alltof margt fólk í þessum sporum. Vinnur þreytandi og krefjandi lágláunastörf, á enga orku afgangi, en þarf að fá sér aðra vinnu með til að skrimta gegnum mánuðinn, ekki síst ef það er með börn á framfærslu.“

Rebekka segir leikskólastarfið vera mjög gefandi, en að sama skapi mjög þreytandi, bæði líkamlega og andlega.

„Þetta er einfaldlega ekki

vinnu sem þú vinnur með annarri vinnu. Það ættu eiginlega allir ráðamenn þjóðarinnar að vera skikkaðir til að vinna mánuð á leikskóla til að raunverulega átta sig á að þetta snýst um svo miklu, miklu meira en að „passa“ börn eða horfa á þau leika sér. Börnin mynda sterk tengsl við mann, treysta manni og leita til manns, en eru líka með móttþróa og stæla og þrjúsku, alveg nákvæmlega eins og þau eru við foreldra sína. Og allir foreldrar vita hvað það getur verið erfitt að halda ró sinni og jafnvægi þegar eitt eða tvö börn fara í krefjandi skap, það er ekki auðveldara þegar þau eru orðin margfalt fleiri.

Leikskólastarfmenn eru allan daginn að leiðbeina, aðstoða, hugga, klæða, hvetja, setja mörk, þrifa eftir matartíma, snýta, svæfa, skipta um bleyju, stilla til friðar, vera skemmtikraftar og svo margt fleira. Oftar en ekki með bros á vör.“

Stanslaus veikindi

Rebekka nefnir einnig veikindin sem fylgja starfi á leikskóla.

„Það er oft sagt í hálfgerðu gríni: „Búðu þig undir að verða veikur þegar þú byrjar á leikskóla.“ Í mínu tilviki þá var ég næstum samfleytt lasin í átta vikur. Ég missti marga vinnudaga,



„Það þarf lítið að reikna til að átta sig á að þessi laun eru bara hálfgerð prump

með bullandi samviskubit þótt ég væri augljóslega ekki að leika mér að þessu, annars var ég oftast bara drulluslöpp í vinnunni. Allar helgar voru nýttar í það eitt að hvílast. Það liðu kannski tíu veikindalausir dagar, og svo kom ælupest sem ég missti tvo vinnudaga út af og enn ein helgin fór í að jafna mig. Á sex vikum fór 1/6 hluti af mánaðarlaunum mínum í lækna- og lyfjakostnað, meðal annars þrjú sýklalyfjakúra, tvær ferðir á læknavakt, tíma hjá sérfræðingi og tölvusneiðmynda-töku til að komast nákvæmlega að hvað væri að hrjá mig,“ segir Rebekka og bætir við að áður en hún hóf störf á leikskólanum í ágúst síðastliðnum hafi hún í

mesta lagi fengið kvef tvisvar á ári.

Hún segir að knúsin frá börnunum séu ágætis bónus en þau borga því miður ekki reikninga.

„Allir leikskólastarfmenn eiga einfaldlega miklu betra skilið, enda færi samfélagið á hliðina ef við værum ekki til staðar.“

Rebekka spyr hvers vegna störf leikskólakennara og leikskólaliða séu eins illa metin og raun ber vitni.

„Þjóðfélagið færi á hausinn ef engir leikskólastarfmenn væru til staðar. Og við sem vinnum þessa vinnu vitum nákvæmlega hversu miklu máli við skiptum í lífi barnanna. Þetta er mér gjör-samlega óskiljanlegt.“ ■

BANNER-UP STANDAR



Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.

X-Prent
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

Hvernig velja auglýsendur raddir?

■ Stefán ræddi við íslenskt markaðsfólk um val á auglýsingaröddum
■ Karlróddin endurspeglar traust en kvenróddin er „ekki jafn stuðandi“

Tímaskekkja? Einn markaðsstjóri segir að í mörgum tilfelli þýði karlróddin „meira traust fyrir tiltekin fyrirtæki, eins og til dæmis bankþjónustu.“

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Það virðist vera að karllægari fyrirtæki vilja oft velja sér kvenmannsrödd. Hún er ekki jafn stuðandi og þú tekur henni ekki sem jafn mikilli árás,“ segir hljóðmaður og upptökustjóri á stórrí íslenskri auglýsingastofu. Þegar kemur að vali á röddum fyrir auglýsingar byggir íslenskt markaðsfólk ákvörðun sína oft á tilfinningu heldur en fræðum: röddin einfaldlega passar viðkomandi vöru eða þjónustu. Karlráddir þykja endurspeglar traust á meðan kvenráddir milda hlutina.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Stefáns Friðriks Stefánssonar í tengslum við BA-ritgerð hans við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Bifröst. Í tengslum við rannsóknina ræddi Stefán við fjóra einstaklinga sem sinna hinum ýmsu störfum innan auglýsingastofa og fyrirtækja á Íslandi; hljóðmann og upptökustjóra á stórrí auglýsingastofu, viðskiptastjóra hjá markaðsfyrirtæki sem sérhæfir sig í auglýsingum og kynningarefni sem birt er á netinu, markaðsstjóra hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu og að lokum markaðsstjóra hjá stórrí alþjóðlegri pítsakeðju hér á landi.

Var markmið rannsóknarinnar að komast að því hvernig málum væri háttáð hérlendis og erlendis við val á slíkum röddum og af hverju, en Stefán tekur fram að engar slíkar rannsóknir séu til um þetta málefni á Íslandi.

„Kvenróddin fer oftari taugarnar á fólki“

En finnst markaðsfólki á Íslandi það skipta neytendum máli af hvoru kyninu röddin er þegar sérstakir vöruflokkar eru auglýstir?

Í viðtölunum kemur fram að ef markhópurinn er einungis konur, þá eigi kvenródd að lesa auglýsingarnar og ef markhópurinn er einungis karlar, þá eigi karlrödd að lesa þær auglýsingar. Ef varan er hins vegar kynlaus og á að höfða til beggja markhópa, þá skiptir ekki máli hvort kynið les auglýsinguna. Þegar kom að umræðu um áferð raddanna var ljóst að karlröddin endurspeglar traust. Viðmælendur eru þó ekki sammála um hvað kvenróddin endurspeglar.

Í niðurstöðum Stefáns kemur fram að einn umræðupunktur viðtalsins hafi verið hvernig tilfinning viðmælanda sé gagnvart því hvort karlrödd eða kvenródd sé oftari notuð í auglýsingalestri og reyndust svörin mismunandi.

Markaðsstjóri heilsuvöru-fyrirtækisins segist til að mynda hafa það á tilfinningunni að karlar væru oftari notaðir í auglýsingalestri, en viðskiptastjóri markaðsfyrirtækisins segist hafa það tilfinningunni að kvenráddir væru meira notaðar í dag. Þá segir hann að í mörgum tilfelli merki karlröddin „meira traust fyrir tiltekin fyrirtæki, eins og til dæmis bankþjónustu.“

Á meðan nefnir upptökustjórinn að karlröddin þýði „meira vald og traust“ en vill þó meina að vald sé ekki endilega góður hlutur til að hafa í auglýsingum. Á meðan telur markaðsstjóri pítsafyrirtækisins að kynið skipti í raun ekki máli í auglýsingalestri.

„Kvenróddin fer oftari taugarnar á fólki“

Hægt sé að ná mismunandi blæbrigðum og áherslum sama hvort kynið sé notað. Lykilatriði sé frammistaða leikaranna, sem skipti máli.

Markaðsstjóri heilsuvöru-fyrirtækisins segir betra að nota karlrödd vegna þess að „kvenróddin er oft skrakari og fer oftari í taugarnar á fólki.“ Karlróddin hafi þann eiginleika að vera dýpri og róandi og vekji þar af leiðandi meira traust.

„Aðeins minna pungapartí“

En hvað hefur kvenróddin þá fram yfir karlröddina?

Viðskiptastjóri markaðsfyrirtækisins segir kvenróddina hafa mýkri hlið og geti líka táknað gæði. Nefnir hann sérstaklega snyrtivörur ætlaðar konum í því samhengi. Upptökustjórinn segir að kvenróddin hafi þann eiginleika að getað „mildað hlutina“ og þau fyrirtæki og stofnanir sem séu karllægar notist frekar við kvenróddina til „gera hlutina aðeins mýkri og aðeins minna pungapartí“. Þá sé notkun á kvenróddum meira í tísku og hún henti vel stórum fyrirtækjum og stofnunum. Kvenróddin sé „minni árás og ekki jafnstuðandi“ miðað við

að ef karl væri að lesa sömu skilaboð. Fólk taki upplýsingunum öðruvísi ef karl les skilaboðin.

Markaðsstjóri pítsafyrirtækisins segir hins vegar að það sé klisja að kvenróddin sé blíðari en karlröddin. Spurningin sé alltaf hvernig röddinni sé beitt. Hægt sé að ná sömu tilfinningu með kvenródd og karlrödd og þannig skipti kyn ekki máli.

Þekktir eða óþekktir?

Viðmælendur í rannsókninni voru einnig spurðir hvort það væri betra að nota fræga eða þekkt leikara til að lesa auglýsingar fyrirtækja eða stofnana.

Viðskiptastjóri markaðsfyrirtækisins segir að honum finnst ekki betra að nota þekkt einstaklinga eða leikara til að lesa auglýsingar, enda væri búið að „ofnota svo marga“. Á meðan segir markaðsstjóri pítsafyrirtækisins að þau notist við leikara sem sína rödd og hann væri alls ekki of þekktur, sem væri jákvætt. Röddin væri því andlitslaus. Upptökustjórinn telur hins vegar ekki að það skipti máli svo framarlega sem fólk þekki ekki röddina í auglýsingunni. Hann nefnir leikkonuna Þórunni Clausen og „Dóa“

(Halldór Gylfason) sem lesa inn á „aðra hverja“ auglýsingu. „Ef fólk heyrir lottóauglýsingu og svo Hagkaupsauglýsingu, þá er það ekki endilega að kveikja að þetta sami gæinn.“

Allir viðmælendur nema upptökustjórinn segjast vilja nota kvenráddir fyrir vörur sem væru einungis ætlaðar konum eins og til dæmis snyrtivörur fyrir konur. Sömu sögu er að segja um karlráddir. Í þeim vöruflokkum sem ætlaðir væru karlmönnum eins og til dæmis raksápu, sé best að nota karlráddir.

Íslenskt markaðsfólk með puttann á púlsinum

Í niðurstöðum segir Stefán það hafa verið áhugavert að sjá hvað viðmælendurnir voru almennt sammála um marga hluti sem ýti stöðum um verklag og hugarfar markaðsfólks á Íslandi er kemur að vali á röddum.

„Íslenskt markaðsfólk virðist vera með puttann á púlsinum og byggja sína þekkingu á samræðum við annað markaðsfólk. Enda er markaðsfólk á Íslandi duglegt að hittast og bera saman bækur sínar.“

Ekki má gleyma að verk markaðsfólks, hvort sem það er myndefni, prentauglýsingar eða aðrar auglýsingar, eru fyrir augum allra og því hægt að læra af því sem vel er gert og því sem miður fer. Þannig getur umhverfi þeirra verið góður skóli. Það er því ljóst að markaðsfólk á Íslandi er faglegt í sinni nálgun, þó að stór hluti starfs þeirra byggji á tilfinningu fyrir hlutunum því einhvers staðar hljóta þessar tilfinningar að eiga uppruna sinn.“ ■

TAKK ÞIÐ!

Yfir 130 þúsund notendur á dag
á www.dv.is



Fjöldi Íslendinga sem aflar sér upplýsinga, les áhugaverðar greinar og athyglisverðar fréttir í DV, á dv.is og undirmiðlum, hefur aukist jafnt og þétt að undanförunu. Nú fara rúmlega 130 þúsund notendur inn á dv.is á degi hverjum samkvæmt vefmælingum Gallup og fer vefurinn sífellt stækkandi.

Um leið og við viljum þakka lesendum stuðninginn þá viljum við jafnframt fullvissa þá að við erum hvergi nærri hætt. Við höldum áfram að stækka, auka framboð okkar af fréttum og afþreyingu og þjónusta Íslendinga á ýmsa vegu, bæði á netmiðlum okkar sem og vikulegu blaði sem á afar dyggan lesendahóp.

Þú last það fyrst hér!



Framtíðin óljós
Óvíst er hvornig fer fyrir Deadspin.

„Þau neituðu að láta vondu karlana kúga sig“

■ Ófremdarástand á einum vinsælasta íþróttamiðli heims ■ Einn rekinn og sjö sögðu upp

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Það logaði allt í herbúðum netmiðilsins Deadspin síðasta mánudag þegar eigendur fyrirtækisins skipuðu starfsmönnum að skrifa eingöngu um íþróttir og fréttir með ríka íþróttatengingu. Vissulega hefur Deadspin verið íþróttafjölmiðill síðan síðan var opnuð árið 2005 en hins vegar höfðu blaðamann fram að þessu haft mikið frelsi í efnistöfum, svo lengi sem efnið tengdist að einhverju leyti, sama hve litlu, íþróttum af ýmsum toga.

Deadspin er þekkt fyrir að vera með mjög skýra og skorin-orða stefnu. Reglulega birtast þar fréttir um umfjöllun um stjórnmál, menningu og fjölmiðla í bland við fréttir úr íþrótt heiminum. „Okkur finnst leiðinlegt að við gátum ekki haldið áfram að fjalla svona breitt um sviðið,“ segir Jeffrey Schneider, talsmaður G/O Media, sem rekur Deadspin, í samtali við Huffington Post. „Við erum spennt fyrir framtíð Deadspin og við munum kynna mikilvægar uppfærslur á næstu dögum.“

Uppsögnin hneisa

Ástandið á Deadspin er hins vegar langt frá því að vera spennandi. Barry Petchesky, sem var ráðinn tímabundinn ritstjóri síðunnar, var rekinn á þriðjudag fyrir að hlýða ekki skipunum eigenda. Næsta dag sögðu sjö starfsmenn Deadline upp í mótmælaskyni. Þetta hefur því varpað dökkum skugga á framtíð Deadspin, sem árið 2006 var talin ein af fimm tívú svölustu vefsíðum í heimi af tímaritinu Time.

Barry Petchesky



Tom Ley, einn af yfirmönnum á Deadline, var meðal þeirra sem sögðu upp. Í smáskilaboðum til New York Times harmar hann hvornig komið er fyrir fjölmiðlinum.

„Það var hneisa að reka Barry og ég get ekki unnið á þeirri línu sem stjórnendur hafa ákveðið að setja.“

Hetjuskapur

Deadspin var opnuð árið 2005 og var hluti af fyrirtækinu Gawker Media. Fyrsti ritstjóri miðilsins, Will Leith, segist í tölvupósti til New York Times vera stoltur af uppreisninni sem þar hefur átt sér stað.

„Það vekur innblástur að sjá hvornig þau kýldu, öskruðu og klóruðu á leiðinni út úr dyrunum og það er hinn sanni andi Deadspin. Þau neituðu að láta vondu karlana kúga sig. Á tímum þar sem margir hafa atvinnu af því að lúffa þá finnst mér þetta

hreint út sagt hetjuskapur,“ skrifar Will. Gawker Media var selt til Univision árið 2016 eftir að glímukappinn Hulk Hogan vann meidýrdamálssigur gegn Gawker. Fékk hann 140 milljónir dollara í bætur. Univision seldi netmiðla fyrirtækisins, til að mynda leikjabloggið Kotaku og tækjabloggið Gizmodo, auk Deadspin, til hlutabréfasjóðsins Great Hill Partners fyrr á þessu ári. Í kjölfarið var G/O Media stofnað til að halda utan um netmiðlana.

Afskipti eigenda

Vissulega hefur það tekið á að segja upp starfi sínu hjá fjölmiðlinum þar sem erfitt er að finna atvinnu í þeim geira vestan hafs, sem og annars staðar í heiminum. Prentmiðlar hafa barist í bókum og nú hafa margir netmiðlar sem spruttu upp vegna vandræða í prentheiminum lent í fjárhagserfiðleikum. Kelsey Mc-

Will Leith



Kinney, einn af blaðamönnum sem sögðu upp, stendur hins vegar keik við sína ákvörðun.

„Ég trúir ekki lengur að fyrirtækið styðji við bakið á blaðamönnum,“ segir hún í smáskilaboðum til New York Times og bendir á að forsvarsmenn G/O Media hafi nýverið eytt út grein þar sem kvartanir lesenda Deadspin um sjálfspilandi auglýsingar hafi verið teknar saman. Nú stendur miðillinn eftir án ritstjóra eftir uppsögn Barrys, en netmiðillinn hefur verið án fastaráðsins ritstjóra síðan í ágúst þegar ritstjórinn Megan Greenwell sagði upp störfum vegna of mikilla afskipta eigenda.

Deadspin hefur skúbbað mörgum málum frá stofnun árið 2005 og hefur mörg hver umfjöllun þeirra síðustu ár vakið mikla athygli. Árið 2010 opinberaði miðillinn rannsókn NFL á ruðningskappanum Brett Favre sem

Kelsey McKinney



áreitti sjónvarpskonuna Jenn Sterger. Þá afhjúpaði Deadspin árið 2013 einnig ruðningshetjuna Manti Te'o sem hafði haldið því fram að kærasta hans hefði dáið í bílslysi. Uppsakar Manti mikla samúð meðal samlanda sinna en umfjöllun Deadspin varpaði ljósi á að sagan hefði verið uppspuni frá upphafi til enda. Í júlí árið 2017 varð síðan uppi fótur á fit vegna ummæla sem voru látin falla í nafni Deadspin á Twitter þegar stjórnmálamaðurinn John McCain tilkynnti að hann hefði greinst með krabbamein í heila. Á Twitter-aðgangi Deadspin var því tíst að miðillinn vildi ekki „heyra annað fjandans orð um John McCain nema hann deyi eða geri eitthvað gagnlegt til tilbreytingar.“

Það er því ljóst að Deadspin átti marga addændur en einnig marga óvildarmenn. Framtíð miðilsins er hins vegar algjörlega óljós. ■

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | Sími 568 2533 | www.fi.is



Mosfellsheiðarleiðir

Nú er nýkomið út gönguleiðaritið Mosfellsheiðarleiðir sem Ferðafélag Íslands gefur út. Ritið kemur út í kjölfarið á Árbók ferðafélagsins um Mosfellsheiði en í gönguleiðaritinu er göngu- og reiðleiðum gerð ítarleg skil.

Mosfellsheiði hefur gengt merku hlutverki í sögu samgangna milli Innnesja og Árnessýslu fá upphafi og lumar á ótal skemmtilegum gönguleiðum. Sumar þeirra eru vörðum prýddar- en um 800 vörður og vörðubrot hafa verið hnitsett á heiðinni, frá Þingvallavegi í norðri að Engidalsá vestan við Hengil í suðri. Langflestar standa vörðurnar við galmar þjóðleiðir, þar af 100 við Gamla Þingvallavegin.

Í ritinu eru lýsingar á samtals 23 leiðum. Tólf þeirra eru gamlar þjóðleiðir, sex hringleiðir og fimm línuvegir. Með kortum ljósmyndum, leiðarlýsingum og GPS-hnitum er ætlunin að auðvelda öllum almenningi aðgengi að heiðinni. Lögð er áhersla á að lýsingarnar séu hnitmiðaðar, kort skýr og handhæg og ljósmyndir til stuðnings jafnt sem prýði.

Höfundarnir Bjarki Bjarnason, Jón Svanþórsson og Margrét Sveinbjörnsdóttir eru öll þaukunnug heiðinni og hafa gengið hana þvera og endilanga á undanförunum árum. Ljósmyndir eru eftir Þóru Hrönn Njálsdóttur og Sigurjón Pétursson, um kortagerð sá Guðmundur Ó. Ingvarsson og hönnun var í höndum Bjargar Vilhjálmisdóttur.



MAÐURINN SEM SIGRAR SJÁLFAAN SIG LEIÐIR FÍUNG

■ JOHN SNORRI SIGURJÓNSSON HEFUR GENGIÐ Á FJÓRA AF HÆSTU OG ERFIÐUSTU TINDUM HEIMS

Hann er ljós yfirlitum, hárprúður og brosmildur og einstaklega gjöfull á gríðarlega smitandi hlátur. Hann er grannvaxinn og hár yfir meðallag og segist heita John, sem er nú alls ekki algengt nafn á gegnheilum Íslendingi. Þeir heita nú flestir bara Jón. Til viðbótar segist hann reyndar heita Snorri, eins og goðinn og rithöfundurinn Sturluson sem margir telja að hafi klifið á hæsta tind allra rithöfunda í heiminum á sinni tíð.

Þessi Snorri okkar er líka svakalegur þegar kemur að því að kljást við tinda. Hann hefur nefnilega klifið fjóra af hæstu tindum heims. Hann vann það þrekvirkri árið 2017 að klifa næsthæsta fjallið á jarðarkringlunni, K2 sem er 8.611 metrar yfir sjávarmáli. Á undan hafði hann klifið fjallið Lhotse og til að kóróna klifurhringinn í einni og eiginlega sömu ferðinni „skaust“ hann snöggvast á Broad Peak. Á þessu ári kleif hann svo Manaslu sem er það áttunda í röðinni yfir hæstu fjöll heims og einungis fimm fjöll eru talin vera erfiðari viðureignar.

Allir þessir tindar eru yfir átta þúsund metrar á hæð. Til að átta sig á hæðinni þá er hver um sig langtum hærrí en flugvélar fljúga í innanlandsflugi en lítið eitt lægri en þoturnar fljúga almennt þegar þær fara með himinskautum milli landa.

Það fer vel á því að þessi mikli háfjallamaður leiði Ferðafélag unga fólksins enda hefur hann með kappsemi komið þessum nýja anga af meiði Ferðafélagsins í góðan vöxt.

„Markmiðið er að hvetja ungt fólk á aldrinum 18 til 25 ára til að ferðast um landið sitt, kynna landinu og vera úti í náttúrunni í góðum félagsskap og fá jafnvel fróðleik í kaupbæti,“ segir

fjallagarðurinn spurður út í þennan nýlega félagsskap.

Fullyrða má að öryggið sé uppmálað í öllum ferðum því reynsla Johns Snorra er gríðarleg enda hefur hann gengið víða, verið í skátum og björgunarsveitum og oft komist í hann krappann. Þannig verður það samt ekki í þessum ferðum enda áherslan á þægilegar göngur þótt stundum geti aðeins reynt á.

„Mitt markmið er að allir sem vilja eigi að komast með og taki með sér góða skapið – ef ekki þá verður bara séð fyrir því,“ segir John Snorri og hlær. „Það er mikilvægt að njóta og fræðast og vera klæddur eftir veðri. Svo þarf maður auðvitað að taka með sér nesti og það er allt í lagi að gera það líka í styttri ferðunum.“

Gott fyrir byrjendur

Ferðafélag unga fólksins er mjög hentugt fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í fjallamennsku og er líka frábær vettvangur til að hitta aðra á svipuðum aldri með svipuð áhugamál. FÍUng býður upp á fjölbreytta dagskrá af stuttum dagsferðum á vorin og haustin en á sumrin er farið í nokkrar lengri ferðir.

John Snorri er að teikna upp veturinn núna og árið allt og er að raða ferðunum niður í dagbókina. Hann hefur fengið til liðs við sig haug af ungu fólkum sem stýrir því með honum hvert verður farið. Í vetur og vor var farið m.a. á Helgafell, Akrafjall og Glym og í sumar var farið á Hvannadalshnjúk, Sveinstind, Fimmvörðuháls og í Þórsmörk.

Núna í október var svo farið á Móskarðshnúka. Örugglega verður gengið um svipaðar slóðir að einhverju marki en svo farið eitthvað allt annað.

Dagsferðir eru allar ókeypis fyrir

félagsmenn en árgjald í FÍUng er 3.800 krónur.

Fékk fjallabakteríuna í smalamennsku

John Snorri fékk fjallabakteríuna kornungur og hefur ekki læknast þrátt fyrir að hafa gengið á þessu firnaháum tinda og þolað gríðarlegan kulda og nánast allar hugsanlegar raunir þess manns sem þarf að ná settu marki í návigi við himintunglin.

„Ég var sendur í leitir upp á fjöll að hausti til þegar ég var bara sjö ára. Fjallkóngurinn sármóðgaði mig með því að færa mig í bókina sem hálfann mann því ég var ekki orðinn fullorðinn. Þannig hófst mín fjallamennska og ég veit ekkert skemmtilegra en að vera á fjöllum. Þótt furdulegt sé frá því að segja þá er fjallganga afslöppun í öllum sínum líkamlegu átökum og hún veitir mikla vellíðan, þetta er í raun hugleiðsla og næring fyrir líkama og sál.“

24 tindar á 24 dögum

Eins og ráða má af uppötum Johns Snorra á háskaleg háfjöll hefur hann einstaka ánægju af áskorunum. Síðasta vetur leiddi hann hóp örfárra afar vaskra göngumanna í mesta skammdeginu á 24 fjöll í nágrenni höfuðborgarinnar, á einungis 24 dögum í jólamánuðinum sjálfum. Með honum í öllum göngum var Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins sem er ýmsu vanur, og honum þótti það vænt um átökin að núna verður þetta að öllum líkindum opið verkefni þegar nær dregur jólum. Í fyrra var þetta nokkurskonar niðurtalning til jóla, einn tindur á dag – sama hvernig viðraði.

„Þetta er kannski ekki fyrir hvern sem er, en hugmyndin er samt að

endurtaka þetta núna í vetur og bjóða fleirum með í fjörið,“ segir fjallahöfðingi unga fólksins.

Háskóli Íslands miðlar fróðleik í ferðum

Háskóli Íslands hefur unnið með FÍUng og mun gera áfram í vetur. Háskólinn hefur starfað með Ferðafélagi Íslands frá árinu 2011 að fræðandi gönguferðum í borgarlandinu undir heitinu með Fróðleik í fararnesti og hafa þúsundir nýtt sér þær göngur.

Í göngum FÍUng, sem Háskólinn veitir liðveislu, kemur vísindamiðlari eða fræðimaður með í förina og veitir magnaðan fróðleik um ótrúlegustu þætti sem tengjast ferðinni sjálfri og svæðinu sem gengið er um.

John Snorri Sigurjónsson segir að þetta dýpki ferðina mikið og geri hana gagnlegri og skemmtilegri. Sjálfur leiðir hann allar göngur unga fólksins. Það er ekki amalegt að fá leiðsögn frá John Snorra, manni sem hefur m.a. gengið á tindana Manaslu, Lhotse, K2 og Broad Peak sem allir eru firnaháir og eftirsóttir á meðal fremsta fjallafólks veraldar. John Snorri ætlar meira að segja aftur á hættulegasta fjalla jarðar, K2 í vetur – á árstíma þegar ekkert lífandi hefur komist á þennan fræga fjallstind.

„Af hverju ég ætla mér þetta,“ segir John Snorri og skelli hlær og er eiginlega bara undrandi á spurningunni. „Ég ætla að sigra sjálfan mig. Þegar líkaminn öskrar á mig: hættu þessu, gefstu upp maður!!!! Þá reynir fyrst vel á mann, og þá kemur þetta aukaátak sem maður veit kannski ekki að maður eigi til. Þegar maður nær að yfirstiga þetta ákall frá sjálfum sér um að hætta... og kemst á toppinn, þá hefur maður sigrað tindinn og líka sjálfan sig.“



EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ



RIBELLE OD
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  





Árni Tryggvason hönnuður hefur haft umsjón með verkefninu og tók þessar myndir.

Ferðafélag Íslands hefur í sumar sett upp vegvísa á gönguleiðinni um Kjalveg hinn forna. Settir voru upp 9 vegvísar sem vísa leið á næstu áfangastaði til beggja átta og segja til um kílómetrafjölda í áfangastað.

Fjallabyggð og Fljót

Ferðafélag Íslands gaf í sumar út gönguleiðaritið Fjallabyggð og Fljóta þar sem gönguleiðum í Fljótum á ysta hluta Tröllaskagans er list.

Það er fátt sem jafnast á við mikilfengleika ysta hluta Tröllaskagans. Fjölbreytni þar er mikil, há tignaleg fjöll, hamraborgir, fjallaskörð, grösugir dalir, dalverpi og skálar sem sjaldgæfum gróðri. Dýra- og fuglalíf er mikið þar sem margar leiðir liggja nálægt sjó. Viða eru erfiðar gönguleiðir enda ekki hjá því komist á utanverðum Tröllaskaga en fjölbreytni í vali gönguleiða er mikil. Þar er að sjálfsögðu að finna léttari og styttri leiðir sem einnig er lýst í

þessu riti. Svæðið er snjóþungt og eru snjóskafar oft fram eftir sumri í hæstu fjallaskörðum, ýmist göngumönnum til trafala eða léttir þeim gönguna allt eftir aðstæðum.

Í ritinu er lýst 25 spennandi gönguleiðum ásamt kortum og gagnlegum upplýsingum með hverri leið.

Björn Z. Ásgrímsson er verkfræðingur og hefur hlotið menntun sem leiðsögumaður. Hann hefur stundað leiðsögn á utanverðum Tröllaskaga um árabíl, þekkir svæðið vel frá unga aldri í gönguferðum, við smalamennsku og á skíðum.

Ritið fæst á skrifstofu FÍ.



Haust og vetrarferðir Ferðafélags Íslands njóta mikilla vinsælda

Sex þátta röð af Fjallaskálum Íslands í umsjá Sigmundar Ernís Rúnarssonar á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, hann ferðast að þessu sinni bæði um vestan- og austanvert landið og yfir það þvert og endilangt. Þættirnir eru unnir í samvinnu við Ferðafélag Íslands og Fjallakofann.

Skálarnir sem eru sóttir heim að þessu sinni eru í Norðurfirði og Látravík á Ströndum, á Víknaslóðum fyrir austan og uppi í Laugafelli, Hrafninnuskeri og Hvítárnesi í óbyggðum Íslands. Þættirnir eru fjölbreyttir að innihaldi og ólíkir hver öðrum, en eiga það þó sameiginlegt að sýna jafnt skálalífið, samfélagið í kring og alltumlykjandi náttúruna sem biður upp á gönguleiðir og fjallaklifur af öllu tagi.

Á www.hringbraut.is segir meðal annars um þættina og þáttagerðina:

Fyrsti þátturinn er frá skála Ferðafélags Íslands að Valgeirsstöðum í Norðurfirði á Ströndum norður, sem í raun er gamall bóndabær sem fór í eyði fyrir bráðum aldarfjórðungi, en þar er meðal annars rætt við skálaverðina Ólinu Þorvarðardóttur og Reyni Traustason, svo og heimafólkið Elinu Öglu Briem og Evu Sigurbjörnsdóttur um viðkvæmt og einstakt samfélagið á ystu mörkum Íslands. Þá er haldið á fjöllin og heiðarnar í kring, gengið meðal annars upp að

einum nafntogasta fossi seinni tíma umræðu á Íslandi, Drynjanda í Hvalá sem hugmyndir eru uppi um að beisla með uppistöðulónum og virkjun. Og svo er náttúrulega komið við í kaupfélaginu á staðnum – og Krossneslaus, annað má nú ekki vera.

"Það er búið að vera mikið ævintýri að taka upp þessa þætti með Birni Sigurðssyni myndatökumanni. Ekki einasta höfum við gengið tugi kílómetra, stundum heilan dag til að ná aðeins eins til tveggja mínútna efni, heldur höfum við keyrt um landið þvert og endilangt í samfelld 20 daga eða svo til að koma okkur á milli staða; fórum til dæmis þrisvar norður í Árneshrepp vegna veðurs. Ætli við eigum ekki að baki einhverja 7000 kílómetra, eða sem nemur 5 hringferðum um landið," segir Sigmundur Ernir "og oft komumst við í hann krappann; sveigðum framhjá aurskriðum og bjarghruni á Strandavegi, keyrðum á felgunni suður Sprengisand og fórum í margra tíma vegagerð til að komast yfir kambinn í Hrafninnusker," bætir hann við – og vill þakka sérstaklega öllum viðmælendum þáttanna sem margir lögðu á sig talsvert erfið i, svo sem dagsferð í Stóruvörð, ellegar hvöttu þáttastjórnendur óspart áfram eins og á við um guðföður þáttanna, Pál Guðmundsson, framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands.



25 gönguleiðir milli Fjallabyggðar og Fljóta

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

Með fróðleik í far

Með fróðleik í fararnesti er frábært samstarfsverkefni Ferðafélag Íslands og Háskóla Íslands þar sem mörg þúsund manns, ungir og aldnir, hafa gengið í borgarlandinu og hlotið þrennt: góða útivist, fína hreyfingu og fróðleik í fararnesti frá vísindamönnum Háskólans. Þetta verkefni hófst fyrir tæpum tíu árum og hefur verið fróðlegt, hollt og spennandi og aukið áhuga almennings á vísindum og fræðum og á íslenski náttúru sem víða leynist í borgarlandinu.

Undanfarin ár hefur samstarfið við Háskólann að langmestu leyti verið í gegnum Ferðafélag barnanna og því hefur vísindamiðlunin helst beinst að börnum og fjölskyldufólki. Þannig verður það áfram í vetur þegar verkefnið hefst á ný með miklum tilþrífum.

„Markmiðið með Ferðafélagi barnanna hefur ávallt verið að skapa skemmtilegan vettvang fyrir börn og fjölskyldur þeirra til að njóta útiveru, takast á við nýjar og spennandi áskoranir og hafa einafaldlega gaman af því að leika sér úti,“ segir Dalla Ólafsdóttir, sem leiðir Ferðafélag

barnanna ásamt eiginmanni sínum, Matthíasi Sigurðarsyni. Hann segir að í verkefninu með Háskóla Íslands mæti flinkir og flottir vísindamenn sem bjóði upp á fróðleiksgöngur um fugla, skordýr, sveppi, fjöruna, eldfjöll, stríðminjar og stjörnurar svo fátt eitt sé nefnt. „Þetta eru gríðarlega vinsælar göngur ár eftir ár og mjög ánægjulegt að geta boðið börnum upp á að njóta náttúrunnar og fá fróðleik samhliða. Vísindamenn Háskólans hafa vakið mikla athygli í göngunum fyrir að draga fram mikilvægi rannsókna og vísindastarfs fyrir íslenskt samfélag, fyrir lífríkið okkar og umhverfið.“

Stjörnur með Stjörnu-Sævari

Nú er búið að raða upp fróðleiksgöngum fyrir næsta starfsár og verður byrjað strax í janúar 2020 á stjörnu- og norðurljósaskoðun með Sævari Helga Bragasyni. Markmið göngunnar er að hvetja fjölskyldur til þess að njóta náttúrunnar og himingeimsins þegar skilyrði til stjörnuskoðunar eru með besta móti.

Sævar Helgi, sem er stjörnumiðlari hjá

Háskólanum, mun lýsa því sem fyrri augu ber á kvöldhimninum. Hann er fyrir löngu orðinn landsþekktur fyrir miðlun sína á undrum himingeimsins og reyndar mörgu öðru. Hann hefur t.d. kennt stjörnufræði við góðan orðstír í Vísindasmiðjunni, Háskóla unga fólksins og í Háskólalestinni undanfarin ár sem öll eru verðlaunaverkefni ætluð ungu fólki á vegum Háskóla Íslands. Þá hefur Sævar stýrt frábærri sjónvarpsþáttaröð um umhverfismál, Hvað höfum við gert, sem vakti gríðarlega athygli fyrir á árinu.

Fuglaskoðun þegar vorar

Þótt nú sé haust, og veturinn smám saman að herða tókin, þá er ekki í sjálfu sér langt þangað til fyrstu farfuglarnir snúa aftur heim. Þegar þeir flykkjast aftur hingað er sumarið á næsta leiti. Þess vegna er rakið að fara í fuglaskoðun í apríl og fjaran er auðvitað besti staðurinn til að skoða fugla snemma vors. Þeir Gunnar Þór Hallgrímsson,

prófessor í dýrafræði við Háskóla Íslands, og Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, hafa leitt þessar árvissu fuglaferðir með miklum tilþrífum enda vita þeir eiginlega allt um fugla.

„Minn uppáhaldsfugl er spói,“ segir Tómas Grétar aðspurður um þann fugl sem heillar hann mest. „Fuglar eru frisklegir og áberandi. Dýr sem ekki geta flogið og flúið á vængjum láta síður sjá sig og almenningur kynnist þeim því síður. Líklega værum við líka spennt fyrir fljúgandi krókóðilum. Það er eitthvað heillandi við flugið sjálft. Ætli tilhneiging fólks til að velja sér uppáhaldsfugl sé eins og að halda með liði í ensku,“ segir Tómas Grétar og hlær.

Gunnar Þór segir að fuglar séu einu villtu hryggdýrin hérlandis sem séu oft fyrir augum okkar.

„Ástæðan fyrir uppáhaldsfuglinum er sú að við tengjumst oft fuglum í gegnum okkar



rarnesti

eigið líf vegna hæfileika þeirra í söng og atferli eða vegna þess hversu glæsilegir þeir eru. Hvort tveggja vekur upp sterkar tilfinningar.“

Fjaran er heillandi heimur

Það er auðvitað hægt að fara í fjöru allt árið um kring, en vorið er frábær tími til rannsókna í flæðarmálinu. Fjöruferð í Gróttu er þess vegna áformuð í lok apríl. Gróttta er algjör perla en þar verða ýmsar lífverur skoðaðar, grúskað og leitað að kröbbum í fjörunni og öðrum smádýrum í skemmtilegri rannsóknaferð. Hildur Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði við Háskóla Íslands, hefur leitt þessa göngu undanfarin ár og gríðarlegur fjöldi hefur notið þekkingar hennar.

„Við eigum von á að sjá gnótt af fjörusniglategundum eins og klettadoppu, þangdoppu og nákuðungi en einnig beitukóng sem yfirleitt lifir að mestu leyti

neðan fjöru,“ segir Hildur. „Ekki má gleyma að líta milli steina og undir klapparþangið og klóþangið, þar sem leynast marflær, litlir krabbar og jafnvel sprettfiskar, en einnig fallegir gulir svampar,“ segir hún.

Pöddur, oj bara! Nei, alls ekki, þær eru magnaðar

Margir hafa ímugust á skordýrum og verða harla fegnir þegar haustar eins og núna að því marki að þá fækkar pöddunum í umhverfinu. En pöddur hafa heillað unga fólkið svo um munar undanfarin ár og pödduskoðun í Elliðaárdal er því árviss viðburður á hverju sumri. Skordýr eru fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarin ár af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna hlýnunar. Nýjar tegundir hafa líka bæst við. Gísli Már Gíslason, skordýrasérfræðingur frá Háskóla Íslands, hefur verið fremstur í flokki við að fræða göngufólk um heim skordýranna en hann hefur líka verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið. Þar hefur hann m.a. talað um nýja tegund hér sem enginn

fagnar en það er lúsmýið sem bitur fólk. Gísli Már segir lúsmýið því miður komið til að vera. Hann segir að skordýr séu stærsti keppinautur mannsins um fæðu og hartnær fjórðungur af nytjaplöntum fari beint í skordýr, m.a. hveiti, bygg, mais og ýmsar aðrar plöntur sem menn nýti sér sem fæðu. „Miklum fjármunum er varið í heiminum á ári hverju í að halda skordýrum niðri.“

Gísli Már segir að skordýr séu engu að síður gríðarlega mikilvæg í lífríkinu. „Skordýr frjóvga allar blómplöntur, og ef þeirra nyti ekki við, þá væru blómplöntur ekki til.“

Algjör sveppur!

Gísli Már verður líka á ferðinni með fjölda sveppasérfræðinga næsta haust þegar sveppum er safnað í Heiðmörk. Sveppir eru algjört sælgæti en það er betra að þekkja þá góðu frá þeim vondu og eitruðu! Gísli Már og félagar kenna göngufólki að þekkja matsveppi og aðferðir við að geyma þá og matreiða.

Sveppagangan hefur unnið sér fastan sess í tilverunni og þarna hafa fjölskyldur notið haustfegurðar Heiðmerkur og fróðleiks á sama tíma.


„Rösklega tvö þúsund tegundir

sveppa er skráðar á Íslandi og á hverju ári bætast við nýjar tegundir í þennan sérstaka flokk lífvera,“ segir Gísli Már og bætir því við að sumar sveppategundir hafi m.a. flust hingað með trjátegundum því margar þeirra eigi sveppi sem sambýlisveru, t.d. lerki og fura.

Meiri fróðleikur – meira fjör

Til viðbótar þessu verður Eldfjallaganga á Helgafell næsta haust með jarðfræðingum frá Háskólanum og Stríðsminjaganga um Öskjuhlíð þar sem eru leynileg neðanjarðarhús, skotbirgi, glópagull, kanínur, tankar og trjákofar. Þetta er fátt eitt af því sem gerir Öskjuhlíðina að undraheimi sem ótrúlega gaman er að rannsaka. Í hlíðinni er líka vísur að skógi með miklu fuglalífi. Stefán Pálsson, sagnfræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands ætla að leiða göngufólk um Öskjuhlíðina og veita innsýn í merka sögu svæðisins.

Ókeypis er í allar fróðleiksgöngurnar og allir eru hjartanlega velkomnir. Mikilvægt er að mæta vel klædd og gjarnan með nesti, en alltaf með góða skapið.



Ferðafélag Íslands

FRUMKVÖÐLAR MEÐ HUGSJÓNIR OG FRAMTÍÐARSÝN



Á árum áður var fátítt að menn ferðuðust um landið sér til skemmtunar.

Lífsbaráttan var hörð og lítið tóm gafst til slíkra ferða. Þekking almennings á landinu var mjög af skornum skammti. Tilgangur með stofnun Ferðafélags Íslands var m.a. að opna og kynna landið fyrir almenningi og greiða götu ferðamanna. Stofnun félagsins 1927 kom á góðum tíma. Þrá landans eftir sjálfstæði, framförum, breyttum lífsháttum sem og þjóðin var að aðlaga sig að síðum og venjum nágrannaþjóða á sem flestum sviðum. Um leið voru fleiri landsmenn áhugasamari um að styrkja andlegan þrótt og líkamlegt hreytti. Þegar í upphafi var lagður

grunnur að kjörsviðum félagsins, tilgangi og markmiðum. Í dag, 90 árum síðar eru þau enn þau sömu. Stærstu verkefni eru að hvetja fólk til að fara út og kynnast náttúru landsins, opna gönguleiðir, byggja skála og aðstöðu fyrir ferðamenn. Á síðustu árum hafa fjallaverkefni, lýðheilsu – og heyfiverkefni sem og Ferðafélag barnanna og FÍ ung notið mikilla vinsælda.

Árbók félagsins hefur nú komið út í óslitinni röð í 90 ár og er einstakur bókaflokkur um land og náttúru. Árbók er ein nákvæmasta íslandslýsing sem völ er á, skrifuð af heimamönnum og fræðimönnum sem gjörþekking þá svæði sem fjallað er um hverju sinni. Félagið gefur einnig út gönguleiðarit,

landakort og sérarit af ýmsu tagi.

Náttúruvernd hefur ávallt verið á stefnuskrá félagsins. Með því að kynna og opna landið fyrir almenningi er unnið mikilvægt starf til að auka náttúruvitund fólks. Því betur sem við þekkjum náttúru landsins þeim mun vænna þykir okkur um landið og skiljum þau verðmæti sem felast í ósnortnum víðernum, landslagsheildum og öræfakýrrö.

Fararstjórahópur félagsins er fjölbreyttur. Félagsmenn úr öllum áttum m.a. úr röðum fræðimanna innan háskólasamfélagsins, heimamenn sem gjörþekking og úr hópi áhugamanna sem aflað hafa mikillar reynslu og þekkingu. Allur þessi hópur á það sameiginlegt að elska landið og hefur yndi af ferðum

og miðlar af þekkingu sinni.

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag. Sjálfbóðaliðastarf hefur í áratugi gert starf félagsins mögulegt. Sjálfbóðaliðarnir og ekki síst forystufólk félagsins í 90 ár hafa verið frumkvöðlar og hugsjónafólk með með stóra drauma og framtíðarsýn. Þannig hafa verið byggðir 40 fjallaskálar, lagðir tugir gönguleiða, reistar yfir 60 göngubýr og farnar yfir 4000 ferðir með yfir 250.000 þátttakendum og gefnar út bækur í 90 ár. Segja má að þetta starf félagsins hafi einkennst af samfélagslegri ábyrgð í þágu almennings og þjóðarinnar.



Góð aðferð við að vaða ár er að krækja saman höndum, mikilvægt er að vera búinn að losa bakpokann og hafa hann lausan á öxlunum.



FÍ Ung að síga niður kókflöskuna



Skagafjörðsskáli Langadal

Hálendið og lokanir skála

Hálendi Íslands færast senn í vetrarbúning og aðstæður geta breyst með skömmum fyrirvara. Fyrir nokkru var fannhvít jörð en snjónum hefur að mestu rignt burtu.

Skálar hafa komið vel undan sumri og undirbúningur fyrir vetrarlokanir nú í fullum gangi við oft erfiðar aðstæður. Eins og veðrið var gott var gott í sumar þá hefur tíðin í haust verið ristjótt eins og gengur og verið úrkomusamt á köflum.

Lokanir skála

Nú hefur öllum skálum FÍ verið lokað nema í Landmannalaugum.

Fylgjast vel með aðstæðum

Gott er að fylgjast með heimasíðu Vegagerðarinnar, þar er hægt að sjá færð og aðstæður á fjallvegum. Heimasíða Veðurstofunnar er mjög mikilvæg fyrir ferðamenn. Einnig er vert að minnast á Safetravel, þar er einnig hægt að fá góðar upplýsingar um mikilvæga hluti sem snúa að ferðalagi á hálendi, svo sem aðstæður, opnanir og lokanir vega.

Heimasíða Vegagerðarinnar: vegagerdin.is

Heimasíða Veðurstofunnar: vedur.is
Heimasíða SafeTravel: safetravel.is



Allir í takt á leið niður af Snæfellsjökli

Þinn árangur

Okkar keppikefli

Fagleg og persónuleg
þjónusta á sviði fjármála
og viðskipta.

grantthornton.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf



Fjallaverkefni Ferðafélags Íslands Hafa fengið frábærar viðtökur

Allt frá því að félagið fór af stað með 52 fjalla verkefnið fyrir mörgum árum en það verkefni hefur stundum verið nefnt móðir allra verkefna af þeim sem hafa verið með frá upphafi. Í byrjun hausts voru kynnt verkefni sem fengu mjög góðar viðtökur og seldust upp á skömmum tíma, FÍ Alla leið, FÍ næsta skrefið og FÍ Landvættir sem er á miklu skriði um þessar mundir. Tvö önnur verkefni voru einnig kynnt og enn er laust í þau:

FÍ hálfur Landvættur

Í ár bjóðum við upp á nýjung í Landvættaverkefni FÍ sem kallast hálfur Landvættur. Verkefnið miðar að því að taka styttri vegalengdir í Landvættaprautumum sem eru Fossavatnsgangan,

Bláalónsbrautin, Urriðavatnssundið og svo Þorvaldsdalsskokið eða Jökulsárshlaupið. Þetta er kjörið tækifæri fyrir þau sem vilja komast í frábært form í náttúru Íslands í skemmtilegum og styðjandi félagsskap með æfingum, æfingabúðum, keppnum og að öllum líkindum nýjum vinum.

FÍ Ungvættur

Þá verður einnig boðið upp á FÍ ungvætti en það verkefni var sett á laggirnar til að þátttakendur í heilum og hálfum Landvætti gætu skráð unglingana sína í sömu þrautir og gert þetta þannig að fjölskylduverkefni. Það er fyrir unglinga á aldrinum 12-18 ára og taka þau þá stystu vegalengdirnar í öllum þrautumum.





UPPLIFÐU FRELSIÐ MEÐ BERUM AUGUM

Vissir þú? _____

Sjónlag er eina stofan á landinu sem býður upp á alhliða þjónustu þegar kemur að sjónlagsaðgerðum.

PANTAÐU TÍMA Í FORSKOÐUN

s. 577 1001
sjonlag.is eða
heilsuvera.is

LINSUSKIPTI

Einfokus-, fjölfokus- eða sjónskekkjuaugasteinar.

LASER – FEMTO LASIK

Femto Lasik aðgerðirnar eru algjörlega hníflausar.

SKÝ Á AUGASTEINI

Hjá okkur færðu nýjan endurbættan augastein á sanngjörnu verði og þarft ekki að bíða.

LINSUÍGRÆÐSLA

ICL linsuigræðsla hentar þeim sem hafa nærsýni, sjónskekkju og í sumum tilfellum fjarsýni en sérstaklega þeim sem geta ekki farið í laseraðgerð, t.d. vegna þunnra hornhimna eða mikils sjónlagsgalla.

Kynntu þér málið og fáðu upplýsingar um alla þá kosti sem eru í boði.



sjónlag

SJÁÐU BETUR

GLÆSIBÆ – ÁLFHEIMUM 74
5. HÆÐ - 104 REYKJAVÍK

EINSTAKAR BÆKUR

Á hverju ári gefur Ferðafélag Íslands út heimilda- og fræðslurit, kort og bækur



ÁRBÆKUR

Bókaflokkur um land og náttúru

Ferðafélag Íslands gaf út sína fyrstu árbók árið 1928. Árbókin hefur síðan komið út árlega í óslitinni röð og er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Hver bók fjallar um afmarkað svæði á landinu og nær efni bókanna um landið allt. Bækurnar eru altæk Íslandslýsing og gefa ferðafólki góðar ferðaupplýsingar ásamt því að veita innsýn í sögu og þjóðlegan fróðleik.



GÖNGULEIÐARIT

Leiðir göngumenn á nýjar slóðir

Gönguleiðaritin benda gjarnan á leiðir sem ekki eru á allra vitorði og leiða göngumenn þannig á nýjar slóðir. Einnig gera þau gönguferðirnar ánægjulegri og eftirminnilegri þar sem fróðleikurinn skapar skemmtilegar tengingar við atburði og sögur úr fortíðinni.

NÁTTÚRUFAR · GRÓÐUR · FUGLAR · JARÐFRÆÐI · SAGA · MENNING



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

www.fi.is

Gæði

01. nóvember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



KOLABRAUTIN:

Eitt glæsilegasta jólahlaðborð landsins með gullfallett útsýni

Jólahlaðborðið hjá Kolabrautinni verður sífellt vinsælla með hverju árinu sem líður. „Á hverju ári höfum við verið að bæta hlaðborðið og lagt síaukinn metnað í að allir fái matarupplifun við sitt hæfi. Árið í ár verður engin undantekning,“ segja Guðni Hrafn Grétarsson og Laufar Sigurður Ómarsson hjá Kolabrautinni.

Gómsætur jólamatur

„Grafinn lax, tvíreykt sauðarlæri, jóla-sashimi, purusteik og svo margt fleira. Einnig verður úrval af réttum fyrir grænkeru svo sem hnetusteik, saltbökuð rauðrófa, falafel-bollur

og fleira.“ Þessi girnilega upptalning er bara toppurinn á ísjakanum og er víst að borðið hjá Kolabrautinni verður hlaðið ýmsum lystisemdum sem gaman er að smakka í aðdraganda jóllanna.

Jólahlaðborð og villibráðarhlaðborð

Jólahlaðborðið byrjar þann 14. nóvember og lýkur þann 23. desember. „Einnig verðum við með glæsilegt villibráðarhlaðborð fyrstu tvær helgarnar í nóvember. Það er um að gera að bóka sem fyrst þar sem nú þegar eru nokkrir dagar orðnir fullbókaðir í hlaðborðin hjá okkur.“

Gullfallett útsýni

Kolabrautin er staðsett á efstu hæð í tónlistarhúsinu Hörpu og er þar af leiðandi með eitt besta útsýnið í bænum. „Staðurinn hentar sérlega vel fyrir stóra sem smáa hópa. Einnig hefur það færst í aukana hjá okkur að vera með móttöku fyrir hópa og fyrirtæki fyrir framan barinn hjá okkur á fjórðu hæðinni, þar sem boðið er upp á skemmtilegan og fjölbreyttan jólapinnamat fyrir jólavíðburði. Þá er sama jólahlaðborð í boði fyrir hópa og fyrirtæki í veitingasölum Hörpu. Fyrirspurnir um jólahlaðborð fyrir hópa og fyrirtæki má senda á catering@khveitingar.is.“

Fjöldi skemmtilegra viðburða er í boði í Hörpu svo sem sífóniutónleikar, ópera og jólatónleikar. „Við munum að sjálfsögðu vera með tilboð fyrir tónleika- og viðburðargesti Hörpunnar sem ætla að gera sér gláðan dag í Hörpu um jólin.“

Borðapantanir fara í gegnum vefsíðu Kolabrautarinnar: kolabrautin.is, í síma 519-9700 eða í vefpósti: info@kolabrautin.is

Fyrirspurnir um jólahlaðborð fyrir hópa og fyrirtæki berist til catering@khveitingar.is

Kolabrautin er staðsett á 4. hæð í Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.



VALLARBRAUT:

Öflugur innflutningsaðili landbúnaðartækja

Vallarbraut ehf. er tiltölulega ungt fyrirtæki og var upphaflega stofnað utan um ræktun á Galloway-holdanautum. Sú starfsemi leiddi síðan til þess að farið var í innflutning á skítadreifurum. Síðan þá hefur innflutningsstarfsemin aukist jafnt og þétt samhliða því sem dregið hefur verið úr kjötframleiðslunni. Í dag er meginstarfsemin orðin innflutningur á alls kyns vélum og tækjum.

Í dag er Vallarbraut til húsa í Trönuhrauni 5 í Hafnarfirði þar sem verið er að leggja lokahönd á sýningarsal og verkstæðisaðstöðu.

„Skítverkin“ þeirra fag

„Við erum öflugir í „skítverkum“ og hefur Vallarbraut flutt inn og selt mikið af haugsugum og skítadreifurum frá Belmac,“ segir Jón Valur Jónsson, annar eigenda Vallarbrautar.

„Vallarbraut er eina fyrirtækið héraendis sem býður upp á drifskafslausar haugsugur en drifsköft valda oftast alvarlegustu slysunum í landbúnaði. Við getum boðið upp á breitt úrval af stærðum og flesta helstu dráttarvélaliti svo bóndinn geti verið með haugsugu í stíl við traktorinn. Auk þess sem við bjóðum upp á galvaniseraðar

haugsugur og skítadreifara.

Frá Indlandi flytjum við inn SOLIS-dráttarvélar og hafa þær sannað sig sem ódýr og hagkvæmur kostur fyrir bændur og „hobbybændur“,“ segir Jón Valur. „Nýlega kynntum við nýja og betur búna 50 hestafla vél með vönduðu húsi.

Einnig er vert að minnast á Royal Enfield-mótorhjólun frá Indlandi en nýja 650 cu-hjólun frá þeim hefur náð þeim árangri að verða eitt mest selda mótorhjólun í Bretlandi. Héraendis hafa Himalayan-endurohjólun selst best hjá okkur.“

Vallarbraut hefur stækkað nokkuð hratt og náði því að verða annað söluhæsta fyrirtækið í sölu á vörubilsvögnum. Síðastliðið sumar valdi EIMSKIP gámagrindur frá Vallarbraut og voru fyrstu 6 grindurnar afhentar fyrir stuttu.

Sennilega býður Vallarbraut upp á sterkustu kerrurnar á íslenskum kerrumarkaði og hefur 3.500 kg. sturtukerran frá norðurírka

fyrirtækinu NUGENT verið söluhæsta kerran hjá þeim sl. 3 ár. Enda er það kerra sem útbúin er vökvatjakk með 8 tónna lyftigetun.

Nýverið gerði NUGENT samanburð á sínum kerrum og tveimur öðrum merkjum sem eru seld héraendis. Sett var 5.000 kg. farg á allar kerrurnar og þær látnar standa, eftir 24 tíma var NUGENT-kerran sú eina sem lyfti farginu.

Glæsilegar nýjungar

Vallarbraut leitast sífellt við að bæta vöruúrvalið en reynir þó að fara ekki langt út fyrir sitt þekkingarsvið.

„Nýverið hófum við að selja fylgihluti fyrir pallbílur og sendibílur og erum komnir með umboð fyrir TRUCKMAN-plasthús frá Bretlandi og DECKED-pallskúffur frá Bandaríkjunum,“ segir Jón Valur.

TRUCKMAN býður upp á fjölbreytt úrval plasthúsa fyrir allar gerðir evrópskra og asískra

pallbílur og koma húsin með öllum hugsanlegum aukabúnaði svo sem afturrúðuhitara, innljósi og „central“-læsingun.

DECKED býður upp á frábærar fullútdraganlegar skúffur fyrir allar gerðir pallbílur og margar gerðir stærri sendibílur. Helsti kostur þeirra er að notkun á palli skerðist ekkert því hægt er að setja 1.000 kg. ofan á skúffurnar. „Ég held að flestir iðnaðarmenn kannist við að þurfa færa til eða róta til drasli til að flytja efni eða vörur,“ segir Jón Valur.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.vallarbraut.is eða á Facebook-síðu þeirra Vallarbraut. Svo má einnig geta þess að Vallarbraut er með Youtube-rás sem finna má undir nafninu VALLARNAUT. Auk þess er hægt að heyra í þeim í síma síma 841-1200 og 841-7300 eða í gegnum tölvupóst á vallarbraut@vallarbraut.is



Skítadreifari af stærri gerðinni



SOLIS 50 og tvöföld NUGENT greip spara tíma við hirðing u og gjafir.



KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós

15% afsláttur af ljósum í nóvember





RÚMFÖT.IS –

Hágæða lúxusrúmföt

Rúmföt.is er rúmfatabúð sem sérhæfir sig í vönduðum og góðum rúmfötum.

Það má segja að Rúmföt.is sé arftaki Versins og Fatabúðarinnar að einhverju leyti. „Þegar þessar tvær rúmfatabúðir hættu starfsemi var erfitt fyrir fólk að fá gæða rúmföt á Íslandi,“ segir Björn Þór Heiðdal verslunarstjóri.

Rúmföt.is leggur áherslu á ítölsk lúxusrúmföt og hágæða damask- og satinrúmföt frá færustu vefurum Evrópu og Asíu.

Búðin var opnuð fyrir einu ári við Nýbýlaveg 28. Þar á undan voru

þessar vörur seldar hjá Þvottahúsi A. Smith. En plássið þar var orðið of lítið og þess vegna var ákveðið að stækka og auka vöruúrvalið.

Vinsælar nýjungar

„Við vorum að fá hágæða silkikoddaver í nokkrum litum,“ segir Björn. Þessi koddaver hafa verið mjög vinsæl og þess má geta þess að

fyrsta sendingin seldist upp

á aðeins nokkrum dögum. Auk nýju

koddaveranna bætast við önnur úr þykkara silki sem og fleiri litir.

Ítölsk rúmföt saumuð á Íslandi

Rúmföt.is hefur verið að framleiða ítölsk rúmföt sem eru saumuð hér á landi.

„Efnið kemur frá Ítalíu og Magga saumakona saumar síðan allir gerðir og stærðir af æðislegu satíni og damaski,“ segir Björn. En Magga saumaði m.a. fyrir Fatabúðina hér í gamla daga.

Að lokum skýtur Björn inn í: „Ég verð að minnst á 600 þræða satínið okkar sem er til í 28 litum. Alveg geggjað efni sem er alveg ótrúlega mjúkt að sofa undir þó ég segi sjálfur frá.“ Þess má líka geta að Rúmföt.is er einnig með vönduð rúmföt úr damaski og krumpufriju satíni.

Fagna 1 árs afmæli

„Rúmföt.is fagnar þessa dagana eins árs afmæli og bjóðum við, í tilefni þess, 50% afslátt af 300 þræða einlitu satíni og 20% afslátt af

ýmsu öðru í búðinni. Einnig bjóðum við upp á ítalskt lúxussúkkulaði meðan birgðir endast.“

Best er að koma í búðina við Nýbýlaveg 28. Einnig má finna upplýsingar um okkur á www.rumfot.is eða í síma 565-1025.



Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



Ert þú með vöðva- eða liðverki?

**DIKLOFENAK APOFRI HLAUP HEFUR BÓLGUEYÐANDI
VERKUN OG DREGUR ÚR VERKJUM.**

Hreyfing skapar vellíðan.

Margir sem þjást af staðbundnum verkjum geta ekki tekið inn bólgueyðandi verkjalyf vegna aukaverkana sem geta fylgt notkun þeirra. „Bólgueyðandi verkjalyf til inntöku geta valdið ertingu í meltingarvegi. Því getur verið gott að hafa valmöguleika um staðbundna meðferð, eins og með Diklofenak Apofri hlaupi“ segir

Sigrún Sif, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Lyf til staðbundinnar notkunar hafa færri aukaverkanir en lyf til inntöku þar sem þau frásogast aðeins að litlu leyti inn í blóðrásina“. Diklofenak Apofri hlaup inniheldur diclofenac tvietylamin, 11,6 mg/g, og er bólgueyðandi lyf og dregur úr verkjum og er notað til meðferðar á staðbundnum verk í tengslum við meiðsli í vöðva eða

lið. Hlaupið er ætlað fullorðnum og börnum, 14 ára og eldri.

„Diklofenak Apofri hlaup er borið á húð, á aumt og bólgíð svæði, 3 til 4 sinnum á dag og er nuddað varlega inn í húðina“ upplýsir Sigrún Sif. „Hlaupið fæst í tveimur pakkningastærðum, 60 g túpu og 100 g túpu. Lyfið er til í flestum apótekum og er á góðu verði.“

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Diklofenak Apofri hlaup er á góðu verði.



Sigrún Sif lyfjafræðingur hjá LYFIS.



Mikil ógn
Ekkert lát er á alvarlegum netglæpum í heiminum.

Apað eftir Rússagrýlunni

Óttast að Kínverjar og Íranir reyni að hafa áhrif á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum á næsta ári

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Það er líklega mörgum í fersku minni hvernig áhrif Rússar höfðu á forsetakosningar í Bandaríkjunum árið 2016. Nú segja sérfræðingar að Rússland sé ekki eina landið sem þarf að hafa áhyggjur af í aðdraganda forsetakosninganna vestan hafs á næsta ári.

Bandarísk stjórnvöld hafa nú þegar gefið út aðvörun um hvaða erlendu öfl muni reyna að afvegaleiða umræðuna í kapphlaupinu um forsetastólinn. Áhyggjur stjórnvalda beinast ekki aðeins að því að tölvuþrjotar nái að brjótast inn í stafrænar kosningaherferðir heldur að falsfréttum og röngum upplýsingum verði dreift um netið og að átt verði við kosningakerfið til að hagræða úrslitum. Þá eru afskipti erlendra afla einnig talin geta krafðið undir trausti Bandaríkjamanna á kosningakerfið og þar með dregið verulega úr kjörsókn.

„Því miður er þetta ekki bara Rússland lengur. Kína, Íran og nokkur önnur lönd kynntu sér það sem Rússarnir gerðu árið 2016,“ segir James Lewis, sérfræðingur í

netöryggismálum hjá Center for Strategic and International Studies, í Washington í Bandaríkjunum í samtali við The Guardian. Þetta kemur í kjölfarið á fréttum um að Rússar, Kínverjar og Íranir hafi nú þegar skipt sér af kosningaherferðinni og að sérstakri hættu stafi frá Peking, höfuðborg Kína. Tölvufyrirtækið Microsoft gaf það einnig nýverið út að auglýsingaherferðir forsetaframbjóðenda, meðlimir stjórnvalda, blaðamenn og íranskir innflytjendur hefðu verið skotmark íranskra tölvuþrjóta.

Ala á sundrung

Í grein The Guardian kemur einnig fram að það þurfi ekki að vera að árás á kosningabaráttuna á næsta ári verði eins og árás Rússa árið 2016 þegar upplýsingum var deilt til WikiLeaks til að hjálpa Donald Trump að vinna sigur á Hillary Clinton. Líklegra er að um verði að ræða herferðir á samfélagsmiðlum, svipaðar þeim sem Rússar héldu úti árið 2016 og skiptu Bandaríkjamönnum í tvær fylkingar með umræðuefnum eins og kynþætti og trú. Facebook tilkynnti nýverið að fjórum netum falsaðganga í Rússlandi og Íran hefði verið lokað vegna

Ekki láta ykkur skjátlást, Kínverjar sækja hart að því að grípa til aðgerða til að hafa áhrif á umheiminn



Verður bellibrogðum beitt? Nær Donald Trump endurkjöri?

þess að þessi net ætluðu að eiga við kosningar í Bandaríkjunum, Norður-Afríku og Suður- og Mið-Ameríku. Nýlegt minnisblað frá alríkislögreglu Bandaríkjanna og heimavarnarliði landsins varar við því að Rússar gætu notað samfélagsmiðla til að ala á sundrung eða hakkað sig inn á kosningasiður á netinu til að dreifa röngum upplýsingum um framkvæmd kosninga.

Ekki vanmeta Kína


Innan dómismálaráðuneytis Bandaríkjanna hafa vaknað þær áhyggjur af Kínverjar ætli að beita sér á sama hátt og Rússar. Forsvarsmenn Twitter hafa eytt rúmlega tvö hundruð þúsund reikningum sem taldir voru hluti af herferð yfirvalda í Kína til að hafa áhrif á mótmælin í Hong Kong.

„Ekki láta ykkur skjátlást, Kínverjar sækja hart að því að grípa til aðgerða til að hafa áhrif á umheiminn,“ segir Nikki Floris hjá bandarísku alríkislögreglu. „Þannig að þegar við göngum inn í 2020 munum við horfa stíft á Kína, þótt Rússland hafi svo sannarlega verið ógn árið 2016 og líka árið 2018. Við munum því einnig fylgjast með Rússum.“ ■

NONNI GULL

Smartúr í miklu úrvali

Verð frá 5.900 kr.



Strandgötu 37 - 220 Hafnarfirði - S. 565 4040

SAKAMÁL



MÁLNINGARGARHÖNDI

■ Denise Huber hvarf af yfirborði jarðar ■ Leitað árangurslaust í þrjú ár ■ Elaine C

Elaine Canalia fannst sem eitthvað væri ekki rétt þegar hún kom að heimili Johns Famalaro í Prescott í Arizona í Bandaríkjunum. Hún var þangað komin, í júlí árið 1994, í þeim erindagjörðum að kaupa málningu af John, enda rak hún málningarvöruverslun.

Í heimreiðinni hjá John voru þrjár bifreiðir; pallbíll, sendiferðabíll og enn einn pallbíll, greinilega merktur Ryder-bíla-leigunni.

Elaine hafði þekkt John í um tvo mánuði og skildi ekki hví hann þurfti enn einn truckinn, auk þess sem henni sýndist sem hann yrði ekki mikið notaður því í kringum hann voru kassar í stöflum, fullir af málningardósum. Á pallinum var frystir sem greinilega var tengdur við rafmagn inni í húsinu. Af rælni skrifaði Elaine bílnúmerið á blað.

Tómur bíll með sprungið dekk

Um viku síðar lét hún vin sinn í Phoenix fá miðann með númerinu, en sá var rannsóknarlögreglu maður. Þessi hugdatta Elaine varð til þess að þriggja ára ráðgáta leystist.

Þannig var mál með vexti að þremur árum fyrr, 3. júní 1991, var Denise Huber, 23 ára, á leið heim af rokktonleikum í Los Angeles. Þegar hún átti um fimm kílómetra ófarna að heimili foreldra hennar í Newport Beach sprakk annað afturdekk. Bíllinn fannst síðar en hvorki tangur né tetur af Denise.

Í þrjú ár gekk hvorki né rak í rannsókn lögreglunnar og þótti hvarf Denise hið dularfyllsta mál.

Innihald frystikistunnar

Þegar vinur Elaine kannaði bílnúmerið sem hún hafði hripað niður kom í ljós að umræddur bíll var skráður stolinn, því ekki hafði verið greitt til bílaleigunnar um langt skeið.

Það kom í hlut lögreglumanna úr Yavapai-sýslu að skoða málið nánar. Frystikistan á trucknum vakti forvitni lögreglumannanna og þeir klipptu hengilásinn á henni í sundur.

Þeir grófu niður í kistuna, í gegnum heilmikið plastruð, og á botni hennar fundu þeir nakið lík, frosið í fósturstellingu með hendurnar handjárnadar fyrir aftan bak.

Ónýttar upplýsingar

Reyndar var það svo að hvarf

Handtekinn John Famalaro var neitað um lausn gegn tryggingu.



Denise hefði jafnvel átt að leysast mánuði fyrr. Þannig var að starfsmenn Ryder fengu upplýsingar um aðsetur Johns Famalaro í júní, 1994, frá konu frá San Clemente. Umrædd kona, Carolyn Copeland, vann við að hafa uppi á týndum erfingjum og hafði farið ásamt dóttur sinni í útibú Ryder í San Clemente til að skila bílaleigubíl.

Þar spjallaði hún við starfsmann útíbúsins og talið barst að starfa Carolyn. Starfsmaðurinn sagði þá Carolyn að hann þyrfti að finna ákveðinn mann, Famalaro, sem hefði ekki skilað bifreið á umsömdum tíma, í janúar það ár.

Þetta reyndist einfalt mál fyrir Carolyn sem síðar lét starfsmanni Ryder í San Clemente upplýs-

ingar um það í té. „Þetta var óalgenget nafn, svo það var auðfund- ið,” sagði Carolyn.

John taugatrekktur

Upplýsingarnar enduðu í höfuðstöðvum Ryder í Miami en einhverra hluta vegna var ekkert aðhafst. Því liðu enn nokkrar vikur þar til Elaine fékk á tilfinninguna að eitthvað væri gruggugt við

truckinn á hlaðinu hjá John.


Síðar sagðist Elaine hafa talið að truckurinn væri stolinn. „Aldrei í lífinu hefði mér dottið til hugar að vesalings stúlkan myndi finnast í frystikistunni,” sagði Elaine.

Hún hafði komið heim til Johns ásamt félaganum, Court, og barnabarni hans. Elaine sagði að hún hefði fengið á tilfinn-



LARINN SEM MYRTI

analia fékk undarlega tilfinningu ■ Hafði samband við rannsóknarlögreglumann



Famalaro Lumaði á leyndarmáli í þrjú ár.



Frystikistan Lík Denise var geymt í þessari kistu.



Denise Huber Hvarf á heimleið af rokktónleikum.

inguna að John væri eitthvað tímabundinn eða taugatrektur og hann hefði staflað kössum í bíl hennar með hraði. Þegar barnabarn Court, 10 ára drengur, þurfti að komast á klósettið sagði John að það gæti hann ekki, húsið væri vatnslaust. Eitthvað við Ryder-pallbílinn truflaði Elaine meðan á öllu þessu stóð og því fór sem fór.

Blóðugur hamar og naglbítur
Í kjölfar líkfundarins var John Famalaro handtekinn, 13. júlí 1994, og heimili hans rannsakað hátt og lágt. Á meðal þess sem fannst var kassi merktur „jólaskraut“. Innihaldið var ekki jólalegt; blóðugur hamar og naglbítur. Byssur og handjárn lágu eins og hráviði um heimilið og inni í skáp fannst einkennisskyrta

lögreglumanns. Talið var líklegt að John hefði þótt vera lögreglumaður þegar hann ók fram á bifreið Denise úti í vegkanti með sprungið afturdekk, þremur árum áður.

John hafði síðan farið með Denise í vöruskemmu í Laguna Hills þar sem hann beitti hana kynferðislegu ofbeldi og barði síðan til dauðs.

„Sterkir straumar“
Nokkrum dögum síðar keypti John Famalaro frystikistuna, setti líkið í hana og geymdi sem einhvers konar verðlaunagrip. Í þrjú ár höfðu foreldrar Denise leit að hennar og höfðu edlilega ekki hugmynd um örlög hennar. Síðar, þegar Elaine vottaði foreldrum Denise samúð sína, sögðu þeir að það hefði verið Guðs vilji að Elaine hjálpaði til við að finna dóttur þeirra. Sjálf hafði Elaine á orði að hún hefði fengið „svakalega undarlega“ tilfinningu þegar hún var heima hjá John Famalaro. Hún sagði að það hefði „ekkert verið áberandi grunsamlegt við pallbílinn“, en samt hefðu komið „sterkir straumar“ frá honum.

Dauðadómur staðfestur
Í júní, 1997, mæltist kviðdómur til þess að John Famalaro yrði dæmdur til dauða. Dauðadómurinn var kveðinn upp 5. september árið 1997 og endanlega staðfestur af Hæstarétti Bandaríkjanna í júlí, árið 2011. Var það einróma niðurstaða að John Famalaro, sem þá var 60 ára, hefði fengið sanngjörn réttarhöld fyrrum og dómurinn skyldi standa. John Famalaro bíður nú örlaga sinna á dauðadeild San Quentin-fangelsisins. ■

Pútín hyggur á land- vinnunga í Afríku



■ Næsta verkefni Pútín er risavaxið ■ Á síðustu fimm árum hafa Rússar gert öryg

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@divis



Vladimír Pútín hefur í raun tögl og hagldir í Sýrlandi og getur ráðið því sem hann vill ráða þar. Hann hefur um langa hríð stutt stjórn Bashar al-Assad og seilst til áhrifa í þessu stríðshrjáða landi. En nú hyggur Pútín á enn frekari landvinnunga og það er enginn smábiti sem hann ætlar sér. Afríka er næsta verkefni Pútín. Hann hefur sýnt fram á það á undanföllum árum að hann er framúrskarandi hugmyndasmiður og snjall stjórnmálamaður þegar kemur að utanríkismálum því áhrif Rússa utan landsins hafa aukist til muna.

Ári eftir að Rússar innlimuðu Krímskaga í Rússland fór rússneski herinn að láta sjá sig og að sér kveða í Sýrlandi. Nú er næsti leikur Pútín á hinu alþjóðlega skáborði hafinn. Hann stefnir

markvisst á ákveðna hluti í Afríku og má kannski segja að hann sé að reyna að endurskapa áhrif Sovétríkjanna sálugu í álfunni á tímum kalda stríðsins. Nýlega stóðu Rússar fyrir ráðstefnu í ólympíuborginni Sotji við Svartahaf þar sem um 3.000 þátttakendur frá Rússlandi og 54 Afríkuríkjum mættu til leiks. Þar á meðal voru um 50 afrískir þjóðarleiðtogar og stjórnmálamenn. Allt var þetta í boði Rússa sem greiddu allan kostnað við fundinn sem snerist um efnahagsmál. Í opnunarræðu sinni sagðist Pútín reikna með að viðskipti Rússa við Afríkuríki gætu fimmfaldast á næstu fjórum til fimm árum.

Markmiðið með fundinum var að skrifa nýjan kafla í þeirri sögu sem oft er sögð um Afríku, að Rússar standi á hliðarlínunni sem áhorfendur að áköfu kapphlaupi Kína, Bandaríkjanna og Evrópu um áhrif í álfunni.

Stórt verkefni

Fyrirætlanir Pútín um að gera Afríku að einu helsta verkefni sínu á utanríkisviðinu fela í sér miklar áskoranir. Þegar hann og aðrir rússneskir leiðtogar stæra sig af því að viðskipti Rússlands við Afríku hafi aukist um 350 prósent á undanföllum áratug sleppa þeir eða gleyma að segja frá því að viðmiðið var ansi lágt því viðskiptin voru sáralítill fyrir áratug. Rússar eiga miklu meiri viðskipti við Evrópu og Asíu en Afríku.

Sovétríkin studdu hreyfingar sem börðust fyrir sjálfstæði Afríkuríkja á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar en Rússum tókst ekki að tryggja sér fasta efnahagslega eða pólitíska stöðu í álfunni eftir hrun Sovétríkjanna. Á síðasta ári námu viðskipti Rússa og Afríkuríkja sunnan Sahara 20 milljörðum dollara samkvæmt tölum frá Rússum. Á sama tíma námu viðskipti Afríku við Banda-

ríkin 60 milljörðum dollara, 200 milljörðum dollara við Kína og 300 milljörðum við ESB.

En þegar kemur að hernaðarsviðinu skera Rússar sig úr. Á síðustu fimm árum hafa Rússar gert öryggissamninga við 23 Afríkuríki. Við fundarsetninguna í Sotji sýndu Rússar einnig mátt sinn og megin í Suður-Afríku þegar tvær Tupolev Tu-160-kjarnorkusprengjuflugvélar lentu í herstöð í Suður-Afríku en markmiðið með komu þeirra þangað er að auka hernaðarsamstarf ríkjanna. Sænsku öryggismálasamtökin Sipri segja að Rússar séu nú stærstu seljendur vopna til Afríku. Frá 2014 til 2018 fóru 17 prósent af vopnaútflutningi Rússa til Afríku og er Egyptaland þá ekki talið með. Meðal viðskiptavina voru Alsír, Angóla, Nígería, Súdan, Malí, Búrkína Fasó og Miðbaugs-Gínea sem keypti meðal annars orrustuþotur, þylur, eldfaugar og flug-

vélahreyfla. Rússneskir málaliðar taka einnig oft þátt í átökum allt frá Líbíu til Mósambík.

Rússar hafa látið sérstaklega mikið að sér kveða í Mið-Afríkulýðveldinu þar sem hinar rússnesku Wagner-málaliðasveitir hafa verið til staðar. Þeim er stýrt af vini Pútín, Jevgenij Prigozhin. Opinbert markmið með veru rússnesku málaliðanna í landinu er að styðja ríkisstjórn landsins, sem nýtur stuðnings Sameinuðu þjóðanna, í baráttu hennar við ýmsa hópa uppreisnarmanna. En hin óopinbera saga er hins vegar að Mið-Afríkulýðveldið er að selja Rússum réttinn til gull- og demantavinnslu í landinu á útsöluverði í skiptum fyrir rússnesk vopn og herþjálfun. Rússneskir málaliðar birtust einnig í Súdan í misheppnaðri tilraun til að koma í veg fyrir að Omar al-Bashir forseti væri settur af. Times segir að stjórnvöld í Malí, Níger, Búrkína Fasó og Mórítaníu hafi einnig



Stórtækur Nú hyggur Pútín á enn frekari landvinninga.

Örgissamninga við 23 Afríkurríki

beðið Rússa um aðstoð í baráttunni við hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamska ríkið og al-Kaída.

Náttúruauðlindir lokka

Í byrjun október komu 20 þungvopnaðir rússneskir málaliðar með þrjár herþyrlur sér til stuðnings til Mósambík til að leggja stjórnvöldum lið í baráttunni við íslamista sem hafa herjað á landið síðustu tvö ár. Þeir hafa ráðist á þorp og myrt óbreytta borgara og stökkt mörg hundruð manns á flóttu. Þetta hefur átt sér stað í Cabo Delgado-héraðinu en þar fundust miklar gaslindir fyrir um áratug.

Þrátt fyrir að Afríka sé smá-vaxin þegar horft er til efnahagsmála á heimsvísu eru augljósir, efnahagslegir hagsmunir sem laða Rússa að álfunni. Rússneskur iðnaður hefur þörf fyrir ýmis náttúruleg hráefni sem Afríka er auðug af. Rússnesk

orkufyrirtæki hafa um langa hríð starfað í Kamerún, Gana og Nígeríu. Afrískur efnahagur er á góðri siglingu og það skapar nýja möguleika fyrir rússnesk fyrirtæki. Á næsta ári hefst bygging á rússnesku kjarnorkuveri í Egyptalandi. Í Simbabwe aðstoða Rússar heimamenn við að nýta stærstu platínuvinnslu heims.

Pútín segir þó að áhugi Rússa á Afríku sé meiri en bara á efnahags- og hernaðarsviðinu. Á fyrrnefndum fundi í Soþji sagði hann að Rússar geti boðið Afríkurríkjum efnahagsaðstoð, manúðaraðstoð og lagt þeim lið í baráttunni við sjúkdóma og eflt menntun. Til að auka áhuga afrískra leiðtoga á samvinnu við Rússa hafa Rússar heitið að fella niður hluta af skuldum ríkjanna. Pútín hefur sagt að nú þegar hafi Rússar fellt niður skuldir upp á 20 milljarða dollara frá tímum Sovétríkjanna. ■



Tímamót á Norður-Írlandi

Fóstureyðingar heimilaðar sem og hjónabönd samkynhneigðra

Norður-Írar eru upp til hópa mjög íhaldssamir þegar kemur að trúmálum. Nýlega urðu þau merku tímamót þar í landi að fóstureyðingar voru heimilaðar sem og hjónabönd samkynhneigðra. Margir fögnuðu þessum merku tímamótum sem voru á þriðjudag í síðustu viku en aðrir eru ósáttir og eiga erfitt með að sætta sig við þessar breytingar.

Allt hófst þetta fyrir sex árum þegar Sarah Ewatts, sem þá var 23 ára, fékk þær upplýsingar hjá læknum að barnið sem hún bar undir belti myndi deyja í síðasta lagi við fæðingu. Henni var þó neitað um að fara í fóstureyðingu því það stríddi gegn norðurírskum lögum. Hún neyddist því til að fara til Lundúna þar sem hún gat farið í fóstureyðingu. Hún fór síðan heim, fékk sér lögfræðing til

að reka málið og höfðaði mál. Snemma í október komst dómstóll í Belfast að þeirri niðurstöðu að fóstureyðingarbannið bryti gegn skyldum Breta til að standa undir ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu.

Í júlí á þessu ári samþykkti breska þingið að fella niður þau ákvæði í norðurírskri löggjöf sem gerðu fóstureyðingar refsiverðar. Um leið var samþykkt að heimila hjónabönd samkynhneigðra sem og að samkynhneigðir megi skrá sig í sambúð. Norðurírski þingið, sem er háflamað vegna deilna milli hinna ólíku stjórnmálaflokka, reyndi að koma í veg fyrir lögin en án árangurs. Með lögnum öðlast norðurírskar konur sömu réttindi til fóstureyðinga og kynsystur þeirra á Englandi, Skotlandi og Wales hafa notið síðan 1967. Þær þurfa þó enn um hríð að

fara til annarra hluta Bretlands til að sækja þessa þjónustu og það kostar stórfé og hafa margar konur ekki efni á því. En í apríl munu tvö sjúkrahús á Norður-Írlandi byrja að veita þessa þjónustu.

Fyrir gildistöku nýju laganna var nær útilokað fyrir konur að fá heimild til fóstureyðinga. Ekki einu sinni nauðgun eða sífjaspell dugðu til þess. Um 20 konur fengu heimild til fóstureyðinga árlega. Talið er að þegar sjúkrahúsin tvö byrja að bjóða upp á þessa þjónustu muni rúmlega 1.000 konur nýta sér hana árlega. Það lýsir því kannski vel hversu heitar tilfinningar eru í þessum málum að ákveðið hefur verið koma upp ákvæðum öryggissvæði í kringum sjúkrahúsin þar sem andstæðingum fóstureyðinga verður ekki heimilt að mótmæla. ■

Bjóddu í bröns

■ **Sunnudagar til sælu** ■ **Dásamlegt að bjóða góðu fólki í dögurð**

Bað er fátt skemmtilegra en að bjóða góðu fólki heim, borða, hlæja og hafa gaman. Hér eru nokkrar dásamlegar uppskriftir og eiga réttirnir það sameiginlegt að sóma sér vel á dögurðarborðinu á fallegum sunnudögum.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Fyrir Nutella-elsk-
endur Rétt'upp hönd sem
elskar Nutella! Mynd: Sunna
Gautadóttir



Vöflur með pekanhnetum

Hráefni:

- 1 1/2 bolli hveiti
- 1/2 bolli maíssterkja
- 1/2 tsk. matarsódi
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. kanill
- 1/2 tsk. múskat
- 1 tsk. sjávarsalt
- 2 bollar nýmjólk
- 2/3 bolli olía
- 2 egg
- 3 tsk. sykur
- 2 tsk. vanilludropar
- 1 bolli pekanhnetur, saxaðar
- þeyttur rjómi
- hlynsíróp

Aðferð:

Blandið saman hveiti, maíssterkju, matarsóda, lyftidufti, kanil, múskati og salti í skál.

Blandið mjólk, olíu, eggjum, sykri og vanilludropum saman í annarri skál.

Blandið þurrefnum saman við mjólkurblönduna þar til allt er blandað, en ekki blanda alltof lengi.

Blandið hnetunum varlega saman við með sleif eða sleikju. Leyfið blöndunni að standa í hálf tíma og hitið svo vöflujárnið.

Bakið vöflurnar og berið fram með þeyttum rjóma og hlynsírópi. Þessar eru aðeins of dásamlegar!

„French toast“



Hráefni:

- 6–10 sneiðar dagsgamalt brauð
- 5 stór egg, þeytt
- 2 bollar rjómi
- 1 bolli nýmjólk
- 1 msk. vanilludropar
- börkur af 1 sítrónu
- 1/4 bolli púðursykur
- fersk bláber, ef vill
- flórsykur
- myntulauf, ef vill

Aðferð:

Takið til stórt, eldfast mót og smyrjið það vel. Skerið brauð-sneiðarnar í tvennt og raðið þeim í einfalda röð í mótið. Sneiðarnar mega skarast aðeins en ekki mikið.

Blandið eggjum, rjóma,

mjólk, vanilludropum, berki og púðursykri saman í skál. Hellið blöndunni yfir brauðið þar til brauðið er næstum því allt hulið. Notið gaffal til að ýta sneiðunum létt niður.

Leyfið þessu að standa í 20–30 mínútur við stofuhita, og þrýstið reglulega á brauðið með gafflinum. Bætið við meiri eggjablöndu ef brauðið er búið að sjúga hana alla í sig.

Hitið ofninn í 180°C og bakið í 45–50 mínútur eða þar til brauðið er orðið gyllt að lit. Takið úr ofninum og leyfið þessu að standa í 5 mínútur.

Dustið flórsykri yfir brauðið og skreytið með myntulaufum og bláberjum. Þetta er algjörlega skothelt!



Intersand.
ODOURLOCK

99,9% rykfrir
Sporast ekki

Gerður úr **100% náttúrulegum** leir
Klumpast hratt svo lítið fer til spillis
Inniheldur einkaleyfisskylda tækni til að lyktarbinda




gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is



Nutella-horn

Deig – Hráefni:

- 1/4 l nýmjólk
- 50 g smjör
- 1/2 pakki þurrger
- 4 msk. sykur
- 3 bollar hveiti
- 1/2 tsk. sjávarsalt

Aðferð:

Hitið mjólkina í örbylgjuofni. Hún á ekki að sjóða heldur vera volg. Hjá mér tekur þetta 30–45 sekúndur.

Bræðið smjörið og blandið saman við mjólkina. Bætið þurrgerinu og sykrinum út í og látið standa í 4–5 mínútur.

Bætið síðan hveiti og sjávarsalti saman við og hnoðið deigið vel. Setjið hreint viskastykki yfir skálina og leyfið deiginu að hefast í 40–50 mínútur á hlýjum stað. Gott er að hnoða deigið svo aftur og leyfa því að hefast á ný í 20–25 mínútur.

Fylling – Hráefni:

- Nutella
- 3–4 bananar, skornir í bita
- 1 egg
- smá mjólk

Hitið ofninn í 200°C og setjið smjörpappír á tvær ofnplötur.

Skiptið deiginu í 3–4 jafnstóra parta og fletjið út litla hringi. Skiptið hverjum hring upp í 8 þríhyrninga með pítsuskera. Smyrjið Nutella á efsta part þríhyrninganna og smellið einum bananabita ofan á. Rúllið þríhyrningunum upp og raðið á ofnplöturnar.

Þeytið eggjð og mjólk saman og penslið toppana á hornunum með því.

Bakið í 12–15 mínútur og leyfið að standa í 10 mínútur áður en þið gúffið hornin í ykkur. Ekki er verra að bræða smá Nutella eða súkkulaði og drissa því yfir.



Ómótstæðileg epla- og karamellukaka

Botn – Hráefni:

- 115 g brætt smjör
- 1/4 bolli sykur
- 1 tsk. vanilludropar
- 1/4 tsk. salt
- 1 bolli hveiti

Aðferð:

Hitið ofninn í 150°C og takið til form sem er sirka 20 sentímetra stórt. Smyrjið það með smjöri eða bökunarspreyi.

Blandið smjöri, sykri, vanilludropum og salti vel saman í skál. Bætið hveitinu við og hrærið þar til allt er blandað saman.

Þrýstið blöndunni í botninn á forminu og bakið í 15 mínútur, eða á meðan þið takið til fyllinguna og toppinn.

Eplafylling – Hráefni:

- 2 stór epli, afhýdd og skorin í þunnar sneiðar
- 2 msk. hveiti
- 2 msk. sykur
- 1 tsk. kanill
- 1/8 tsk. múskat

Aðferð:

Blandið öllu saman í stórra skál og setjið til hliðar.

Toppur – Hráefni:

- 1/2 bolli haframjöl
- 1/3 bolli púðursykur
- 1/4 tsk. kanill
- 1/4 bolli hveiti
- 60 g smjör, kalt og skorið í teninga

Aðferð:

Blandið haframjöli, sykri, kanil og hveiti saman í skál.

Notið fingurna til að blanda smjörinu vel saman við þar til blandan byrjar að minna á gróf-saxaða brauðmola.

Takið botninn úr ofninum og hækkið hitann í 180°C. Raðið eplunum ofan á heitan botninn. Ykkur finnst þetta vera of mikið af eplum en treystið mér! Raðið þeim bara þétt saman og ýtið þeim niður í botninn.

Dreifið toppinum yfir eplin og bakið í 30–35 mínútur, eða þar til toppurinn er gullinbrúnn.

Takið úr ofninum og leyfið kökunni að kólna í 20–30 mínútur við stofuhita.

Saltkaramellusósa – Hráefni:

- 1 bolli sykur
- 90 g smjör
- 1/2 bolli rjómi
- 1 tsk. sjávarsalt

Aðferð:

Setjið sykur í pott og hitið yfir meðalhita. Hrærið stanslaust í sykrinum, en fyrst mun hann verða að kögglum og síðan bráðna í ljósbrúna blöndu.

Þegar sykurinn er bráðnaður bætið þið smjörinu út í og hrærið áfram stanslaust. Passið ykkur því blandan mun bubbla og láta illa þegar smjör-ið snertir sykurinn. Hrærið þar til allt smjör-ið er bráðnað og búið að blandast saman við sykurinn.

Hellið síðan rjómanum varlega út í á meðan þið hrærið en blandan mun aftur láta illa. Leyfið þessu að sjóða í um 1 mínútu en haldið áfram að hræra stanslaust.

Takið pottinn af hellunni og blandið saltinu saman við. Hellið blöndunni í aðra skál og leyfið henni að kólna í 10–15 mínútur áður en þið hellið henni yfir kökuna. Ekki hella samt allri sósunni yfir kökuna – geymið smá til að bera fram með henni. Eða þið bara frystið kökuna án sósunnar, en hún helst góð í frysti í 3 mánuði. Nammi!

Umhverfið sveik þá

■ Heimildamyndin *Tell Me Who I Am* er skylduáhorf ■ Getur eitthvað réttlætt þessa blekkingu?

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dvis



Minnisleysi er vinsælt stef í heimi kvikmynda og sjónvarpsþátta, hvort sem það er notað á gamansaman hátt eins og í teiknimyndinni *Finding Nemo* og *50 First Dates*, eða á dramatískan hátt líkt og gert er í *Eternal Sunshine of the Spotless Mind* og *Memento*. Það er engin furða enda þarf drama, vandamál og árekstra til að drífa áfram sögu á hvíta tjaldinu og minnisleysi býður upp á ógrynni af slíkum andartökum – bæði sorglegum og gamansömum.

En hvaða byrði hvílir á herðum ættingja og vina í að upplýsa einhvern nákominn sér sem skyndilega missir minnið, ef fortíðin er nánast of dökk og drungaleg til að tala um? Þetta er síðferðislega spurningin sem velt er upp í heimildamyndinni *Tell Me Who I Am* sem frumsýnd var á Netflix um miðjan október. Í myndinni er sögðu saga tvíburabræðranna Alex og Marcus Lewis, sem í dag eru á miðjum aldri. Þegar þeir voru átján ára lenti Alex í mótörhjólaslysi. Þegar hann vaknaði í sjúkrarúmi mundi hann ekkert sem hafði gerst fram að þeirri stundu. Alls ekki neitt. Eina manneskjan sem hann þekkti var tvíburabróðir hans, Marcus. Hann treysti Marcus til að segja sér allt, rifja upp gamla tíma, sýna sér gamlar myndir og kenna sér á lífið upp á nýtt.


Erfið áhorfs

Alex tók þá meðvituðu ákvörðun að fegra sannleikann vegna þess að uppvöxtur þeirra bræðra var hryllilegri en orð fá lýst. Hann vildi að bróðir sinn fengi stærstu gjöf sem hann gat veitt honum – að fá að byrja upp á nýtt með hreinan skjöld og hreinan huga. Í hans huga var þetta góðverk. Þegar að Alex hins vegar komst meira og meira á snodir um að Marcus væri ekki að segja satt upplifði hann svik af hálfu bróður síns. Hér verður ekki farið yfir hvað nákvæmlega einkenndi uppvöxt þeirra bræðra, enda myndi það eyðileggja fyrir þeim sem eiga eftir að horfa á myndina.

Myndin er vægast sagt átakanleg og oft á tíðum er hún erfið áhorfs. Þótt hin rétta fortíð taki ekki á sig skýra mynd fyrr en nokkuð er liðið á myndina liggur einhver hryllileg mara yfir framvindunni og kvíðir maður nánast fyrir því hver sannleikurinn er. Það sem myndin nær að gera listilega vel er að velta upp fyrrnefndri spurningunni um síðferði – var það rétt af Marcus að „blekkja“ bróður sinn? Gerði hann það í nafni bróðurástar eða var það hans eigingjarna ákvörðun til að þurfa ekki að endurupplifa sársaukann?

Það áhugaverða og góða við

Aðgengileg á Netflix Myndin var frumsýnd á streymisveitunni þann 18. október síðastliðinn.



slíkar spurningar er að það er ekkert rétt svar. Ég sveifladi á milli þess að finna

Alex vera kjáni að vera gramur út í Marcus fyrir að segja ekki satt. Síðan fannst mér algjörlega fátíðlegt að Marcus hefði leynt þessu. Þegar sífellt meira af fortíðinni kemur í ljós átti sér síðan stað viss uppgjöf innra með mér. Ég fann til með þeim báðum, bræðrunum. Þetta risastóra leyndarmál og þessi barnæska sem ekkert barn ætti að þurfa að eiga hefur eyðilagt hálf líf þeirra. Þeir eru enn að vinna úr áföllum

og enn að reyna að tala saman um hvað gerðist. Þeir gerðu ekkert rangt. Þeir gerðu sitt besta til að lifa af. Það var umhverfið sem sveik þá.

Sannleikurinn alltof sár

Frásögn bræðranna er ekki ný af nálinni þar sem þeir gáfu sögu sína út sem bók með sama nafni og myndin árið 2013. Saga þeirra hefur hins vegar vakið talsvert meiri athygli í heimildamyndarformi, en myndin fór fyrst reisu- legan hring um kvikmyndahátíðir áður en hún endaði loks hjá Netflix. Ég er mjög þakklát fyrir að þessi mynd sé komin í svo mikla og góða umferð um allan heim.

Ég mæli hiklaust með henni því hún skilur svo mikið eftir sig. Svo mikið af spurningum og vanga- veltum. Ég varð oft svo agn- dofa að ég meira að segja fór að draga í efa að þetta væri satt. Það er líklegast vegna þess að sann- leikurinn er alltof oft svo sár. Einhverjir gagnrýnendur hafa lastað myndina fyrir þær sakir að aðeins eru tveir viðmælend- ur til frásagnar – bræðurnir tveir. Mér finnst það hins vegar henn- ar helsti kostur því stundirnar á milli bræðranna tveggja og nær- mynd af þeirra sambandi býður áhorfandanum upp á nokkrar af áhrifamestu stundum sem sést hafa í sjónvarpi í langan tíma. ■

VIÐ KYNNUM NÝTT ÚR FRÁ
JS WATCH CO. REYKJAVÍK

Vinland Gmt

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Í stuttu máli:

Virkilega vel uppbyggð mynd hjá leikstjóranum Ed Perkins en það er hugrekki bræðranna tveggja, þeirra reynsluheimur og þeirra samband sem gerir

myndina einstaka – að algjöru skylduáhorfi.

Einkunnir:

Metacritic: 69/100
IMDb: 7,8/10
Rotten Tomatoes: 95/100

Ef þú kunnir að meta *Tell Me Who I Am*, kíktu á þessar ...



...The Imposter



...Extreme Love: Autism



...Abducted in Plain Sight



...Deliver Us From Evil



...Banaz A Love Story

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Slegist um karlmennskuna

■ Ein óvenjulegasta svarta gamanmynd allra tíma fagnar stórafmæli
 ■ Árás í útilegu vakti innblástur

Tómas Valgeirsson
 tomas@dv.is



Þrátt fyrir að fyrsta regla Slagsmála-klúbbsins sé sú að það megi ekkert ræða hann, er nærri ómögulegt að ræða ekki kvikmynd sem víða er talin ein sú áhrifamesta frá seinni hluta tíunda áratugarins. Sót svartá kómedían *Fight Club*, frá hinum virta leikstjóra David Fincher, var frumsýnd á Íslandi þann 5. nóvember 1999 og fagnar því stórafmæli. Þá er vissulega til efni til þess að þverbrjóta kjarnareglu klúbbsins sem hefur lengi brunnið á vörum fólks.

Fight Club skartar þeim Edward Norton, Brad Pitt og Helenu Bonham-Carter. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Chuck Palahniuk og segir sagan í grunninn frá skrifstofublók sem er komin í algjört þrot í lífsstíl sínum sem einkennist af hugsunarlausri og hömlulausri þátttöku í neysluþjóðfélaginu. Dag einn tekst honum að brjótast út úr þessu kæfandi lífsmynstri með aðstoð sápusölu-mannsins dularfulla, Tylers Durden. Saman stofna þeir slagsmálaklúbb þar sem menn komast í snertingu við sinn innri mann með því að berja hver annan í kartöflustöppu. Smám saman spretta fleiri slíkir klúbbar upp og fljótlega eru þeir orðnir aðalmennirnir í eins konar hryðjuverkasamtökum sem herja á lífshætti nútímamannsins.

Rassinn bestur

Myndin hlaut dræma aðsókn og voru gagnrýnendur annaðhvort á því að hér væri um að ræða meistaraverk eða hrokafulla þvælu. Til langs tíma lítið er „költ“-staða myndarinnar ótvíræð og eru fáar myndir frá leikstjóranum Fincher sem hefur verið jafn oft vitnað í.

Íslenskir gagnrýnendur höfðu óhikað skiptar skoðanir. Við útgáfu myndarinnar skrifaði Hilmar Karlsson í DV að lítið væri gert til að réttlæta allt ofbeldið sem myndin sýnir hömlulaust. „Það er eins og Fincher hafi ætlað að fara út á ystu nóf og hrapað. Í raun má skipta *Fight Club* upp í þrjá leikþætti þar sem fyrsti þátturinn er frábær, annar þáttur slæmur og þriðji þátturinn og sá stysti, endirinn, er góður,“ segir í dómi Hilmars.

Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður var heldur ekki jákvæður í garð myndarinnar þegar hann fjallaði um hana í þættinum um Ísland í bítíð. Fáir voru jákvæðari í garð

myndarinnar en bíóráðgjafi sjónvarpsþáttarinnar Með hausverk um helgar, en hann gaf henni fullt hús stiga.

Hildur Loftsdóttir hjá Morgunblaðinu var einnig hæstánægð með myndina og sagði hana vera á meðal þeirra betri sem komu út árið 1999. „*Fight Club* er sérlega áhugaverð og skemmtilega úthugsuð mynd, flott tekin og töff. Ed Norton er besti leikari í heiminum og rassinn á Brad Pitt er líka bestur.“

Karlpungar í krísu

Við fyrstu sýn má gera ráð fyrir því að *Fight Club* sé hin dæmigerða „testósterónmynd“, sem málur upp tilefnislaus slagsmál og stjórnleysi í jákvæðu ljósi. Frekar mætti segja að myndin væri ádeila á svokallaða eittraða karlmennsku, hjarðarhegðun, kapítalisma og neysluhyggju.

Sagan skoðar fyrst og fremst krísu nútíma karlmannsins í póst-móðernísku samfélagi. Meðlimir klúbbsins sjá það sem lausn á stöðnun sinni að umgangast aðra karlmenn í sambærilegri tilvistarkreppu og gera ofbeldi að eins konar íþrótt, sem þeir upplifa sem leið til að endurheimta glataða karlmennsku sína. Það er ekki fyrr en að klúbburinn þróast hægt og bítandi í borgaralegan hryðjuverkahóp að endurheimt karlmenskunnar verður að voðaverki.

Við upphaf sögunnar leitar aðalpersónan sér huggunar í margs konar stuðningshópum þar sem hún grætur. Staðalímynd karlmannsins hefur yfirleitt falið það í sér að skömm fylgi því að gráta, en innan veggja stuðningshópanna fær sögumaðurinn að sýna hvað í honum býr. Söguhetjan finnur sig hins vegar ekki fyrr en í slagsmálaklúbbum, sem hefur bækistöðvar í dimmum kjallara, þar sem dýrið í karlmanninum býr og getur fengið útrás.

Markmið hryðjuverkanna hjá klúbbum snýst ofar öllu um byltingu gegn neyslusamfélaginu. Tyler Durden finnur fljótlega sinn sess sem spekingur og lærifaðir týndu karlmanna og hyggst losa þá úr fjötrum eigna sinna, enda eru flestir karlmenn að hans mati orðnir þrælur merkimiða. Durden bendir þessum mönnum eftirminnilega á þá staðreynd að þeir séu ekki flotti bílinn sem þeir aka á, innistæðan í bankanum, íbúðin sem þeir eiga eða fínu jakkafötin. ■



10 sturlaðar staðreyndir um myndina sem ekki má ræða – en við gerum samt

- Palahniuk, höfundur bókarinnar, fékk hugmyndina að sögunni eftir að var ráðist á hann í útilegu.
- Framleiðendur vildu fá Russell Crowe í hlutverk Tylers Durden áður en Brad Pitt gekk frá samningnum.
- Eins og glöggir aðdáendur vita, er persóna Edwards Norton aldrei nefnd á nafn, en ýmsar getgátur eru dreifðar um alla söguna.
- Brad Pitt og Helena Bonham-Carter eyddu þremur dögum í að taka upp kynlífshljóð og ánægjustunur fyrir ástarsenur sem aldrei sjást í mynd.
- Í myndinni sjást þeir Pitt og Norton slá golfkúlur með kylfum fyrir utan húsið þeirra og áttu báðir að vera ölvaðir. Þetta krafðist víst ekki mikilla leikhæfileika í ljósi þess að báðir leikarar voru blindfullir þegar upptökur senunnar fóru fram.
- Marla Singer reykir svo oft í myndinni að leikkonan fékk bronkítis meðan á tökum stóð, en hún notaðist við alvöru sigarettur í hverri töku.
- Bæði Norton og Pitt er meinilla við Volkswagen-bjöllur og kröfðust þeir þess að ein bifreiðin sem þeir berja í með hafnaboltakylfum væri einmitt slík bifreið. Þeim var afar skemmt.
- Gervibrjóst söngvarans Meat Loaf í myndinni eru uppfull af fuglafræjum í raun.
- Báðir aðalleikarar myndarinnar lærðu að búa til sápu við gerð hennar.
- Brad Pitt mælti hardlega gegn því að foreldrar hans sæju myndina.



Þetta er okkar
Neyðarkall
- til þín!

Nú senda björgunarsveitirnar frá sér árlegt Neyðarkall
til stuðnings starfi sínu um allt land.


Taktu vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna næstu daga
og leggðu okkur lið, þannig stuðlar þú að eigin öryggi og annarra.

Þetta er **Neyðarkall** til þín.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Helgarkrossgátan



						→	röð		einnig	reipi
									jökull kropp	
						↓	gnauð		káta	
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bommuð	tré	andvarpið	fisk	áhald	4 eins	gesta- gangur				
vikurinn						orða				siðað
illa fengnir			2					örvita		
gola				mánuður		tvístíga		nöldur 2 eins		
	↙					↖				sund
dýrahljóð			3 eins		veiðarfæri	frjáls				
kofurnar						laga	2 eins	↑	3	duglaus
kropp				veruleikinn		brask	5			
	↓		op tvísýna			tjúlluð foraðið				aflagað
2 eins			púka		sögu- persóna			áreitt		
	↘		6					→	4	kögríð
meiða	7				röð	at fuglinn	1			
	karldýr ávinningur						þoka 2 eins			
veisla			örður heiti						frá agi	
húrraði					þáttur kvendýr					
álpast				tangi		utar	soppa		nuddað	
			draugurinn hrjá							súld
hest					vefnaður				2 eins borg	
varðandi			skyggni			suð				
saggi					þrammaði					

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2			4
8							2	3
	2		4	6			8	
		3						1

Erfið

3	6			2				1
				8				6
4					1			
				1	6	3		7
						2		1
		9						3
				2	5	6		
9						4		
1	5			3				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
 Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hörður Pálmarrson

Lyngrima 3

112 Reykjavík

Lausnarorðið var **KOLAMOLI**

Hörður hlýtur að launum bókina Sagan af Washington Black



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Medleigjandinn

Höfundur: Beth O'Leary
 Halla Sverrisdóttir þýddi
 Tiffy Moore þarf að finna sér ódýra íbúð strax. Leon Twomey á íbúð, vinnur næturvinnu og vantar peninga.

Lausnin blasir við: Leon er í íbúðinni á meðan Tiffy er í vinnunni og þegar hún kemur heim er Leon farinn út. Vinir þeirra halda að þau séu gengin af göflunum en þetta er frábært fyrirkomulag – þar til stjórnsamur fyrrverandi kærasti, kröfuharðir skjólstaðingar, fangelsaður bróðir og auðvitað sú staðreynd að þau hafa aldrei hist snýr öllu á holf í lífi þeirra.

Svona neglir þú farsæla föstu

■ Jennifer Aniston er nýjasta stjarnan sem fastar ■ Margir hafa náð góðum árangri með föstu

Ýmsar tegundir af föstu eru til. Fólk getur fastað í tvo daga í viku, fastað sextán klukkutíma á sólarhring, fastað á daginn og borðað stórar máltíðir á kvöldin og svona er lengi hægt að telja. Föstur hafa komist í tísku undanfarið, sérstaklega með tilkomu ketómataræðisins þar sem margir temja sér það að fasta fyrirpart dags og hætta að borða eftir klukk- an sjö eða átta á kvöldin.

Stórstjarnan Jennifer Aniston er nýjasta stjarnan til að opna sig um föstur. Hún



borðar ekkert sextán tíma á sólarhring, eins og hún lýsti í viðtali við Radio Times fyrir stuttu. „Ég tók eftir miklum mun þegar ég hætti að borða fasta fæðu í sextán klukkutíma á dag,“ sagði hún í viðtalinu, en meðal þess sem hún drekkur þessa sextán tíma er kaffi og sellerísafi. Aðrar stjörnur sem hafa lofsamað föstuna eru til að mynda Kourtney Kardashian, Halle Berry, Hugh Jackman og Brooke Burke. DV ákvað því að safna saman fimm bestu smáforritunum sem geta hjálpað þér að negla föstuna vinsælu.

2. Fasthabit

Einkunnir
App Store: ★★★★★ 4,7

- Í stuttu máli:
- Fylgst með föstum
 - Fylgst með hve lengi þú nærð að fasta
 - Hægt að færa handvirkt inn föstur fortíðarinnar

Þetta smáforrit er eingöngu aðgengilegt fyrir síma með iOS-stýrikerfi. Smáforritið er fallega hannað og einstaklega einfalt í notkun. Hægt er að setja af stað



eins konar skeiðklukku þegar notandinn fastar. Með því að uppfæra aðgang í smáforritinu fyrir tæpa þrjú dollara er hægt að skoða fösturnar betur og fá aðgang að lengra föstuplani. Með uppfærslu fær notandi einnig aðgang að nákvæmum tölulegum upplýsingum.




5. Vora

Einkunnir
App Store: ★★★★★ 4,3
Google Play: ★★★★★ 4,4

- Í stuttu máli
- Fylgst með föstu
 - Ítarleg greining á föstum
 - Hægt að bæta föstum við handvirkt
 - Samfélagsmiðlatenging

Vora er vinsælasta föstu-smáforritið á Reddit. Notandi þarf að skrá sig áður en hann notar smáforritið en eftir skráningu opnast heill heimur af upplýsingum, tölfræði og markmiðasetningu – allt á einum stað. Hægt er að tengjast vinum á samfélagsmiðlum og safna saman í stuðningshóp fyrir fastara. Það getur verið gjöfult þar sem hægt er að skiptast á ráðum, sorgum og sigrum.



3. Myfast

Einkunnir
App Store: ★★★★★ 4,6
Google Play: ★★★★★ 4,1

- Í stuttu máli
- Fylgst með föstum og þyngd
 - Föstusaga
 - Hægt að setja markmið

Myfast er afar einfalt í notkun og leikur einn að ýta á hnapp og hefja föstu. Ef notandi setur sér markmið er vel haldið



utan um það og notandinn alltaf meðvitaður um hve langt eða stutt hann er frá markmiðinu. Ókeypis útgáfan er mjög einföld en fyrir tæpa tvo dollara er hægt að uppfæra smáforritið sem losar notandann við auglýsingar og færir honum frekari upplýsingar og fróðleik.

4. Track Your Fast

Einkunnir
Google Play: ★★★★★ 3,7

- Í stuttu máli
- Fylgst með föstu
 - Tæki sem sýnir núverandi föstu
 - Einföld eftirfylgni með þyngd

Þetta smáforrit er eingöngu aðgengilegt fyrir Android-síma. Ókeypis útgáfan er með svolítið lága einkunn en uppfærslan kostar tæpa tvo dollara og er mun betri. Með þessu smáforriti geturðu fengið viðbót í símann þinn sem sýnir núverandi föstu og markmið án þess að opna smáforritið. Það sparar mikinn tíma.




1. Bodyfast

Einkunnir
Google Play: ★★★★★ 4,6
App Store: ★★★★★ 4,7

- Í stuttu máli
- 10 föstuplön
 - Fylgst með föstum og þyngd
 - Verðlaun fyrir að ná markmiðum
 - Hægt að kaupa aðgang að þjálfara sem sérsníður plön fyrir notandann

Í Bodyfast er hægt að velja um fjölmörg vikuplön sem eru algjörlega ókeypis. Fyrir 1,35 dollara á viku er hægt að fá aðgang að þjálfara sem sérsníður fyrir þig alls kyns plön og þælingar. Með því að leigja þennan þjálfara fær notandi mikið af aukaupplýsingum sem og hvatningu til að halda sig við planið.



ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS



ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM

Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt ef eitthvað kemur upp á. Þú býrð við meira öryggi á heimilinu og aðstandendum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.

Þú ýtir á hnappinn, boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas þar sem þú færð samband við sérþjálfað starfsfólk. Öryggisverðir Securitas með EMR þjálfun eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér kosti öryggishnappsins og hvaða annan öryggisbúnað hægt er að hafa með honum.



Sími 580 7000 | www.securitas.is

Spáð í stjörnunum

Afmælisbörn vikunnar

- **3. nóvember** Líneik Anna Sævarsdóttir stjörnmálakona, 55 ára
- **4. nóvember** Einar Ben athafnamaður, 37 ára
- **5. nóvember** Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir mæjónesdrottning, 41 árs
- **6. nóvember** Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar, 40 ára
- **7. nóvember** Ásgrímur Már Friðriksson tiskugúru, 37 ára
- **8. nóvember** Toshiki Toma prestur, 61 árs
- **9. nóvember** Hörður J. Oddfríðarson, fyrrverandi formaður Sundsambands Íslands, 55 ára

Lesið í tarot Donnu Cruz

Næstu skref umlukin hamingju

Donna Cruz er svo sannarlega á uppleið, en hún hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda fyrir leik sinn í kvikmyndinni Agnes Joy. DV ákvað því að lesa í tarotspil þessarar ungu og efnilegu leikkonu, en lesendum er bent á að þeir geta sjálfir dregið sér tarotspil á vef DV.

Bless erfiðleikar

Fyrsta spilið sem kemur upp er Hamingjuhjólið. Það táknar mikið hamingjutímabil framundan hjá Donnu og munu tækifæri í framtíðinni koma henni ánægjulega á óvart og færa henni betri tíma. Heppnin eltir Donnu og hamingjuhjólið snýst henni í hag. Hún getur kvatt alla erfiðleika, hvort sem þeir eru andlegir eða fjárhagslegir. Hún er heil í gegn hún Donna og upplifir almenna vellíðan. Þessi hamingja styrkir hana og þá sem skipta hana máli. Nú þarf hún að leyfa góðum hlutum að bera ríkulegan ávöxt. Næstu skref sem Donna stígur verða þakin hamingjudropum og mun hún taka sér góðug verkefni fyrir hendur.



Skapar sína eigin framtíð

Næst eru það 7 sverð sem táknar að vitsmunir Donnu eru meiri en hún gerir sér grein fyrir. Öflugar hindranir eru yfirstíganlegar á sama tíma og Donna er fær um að koma í veg fyrir hvers kyns vandræði. Framhald velgengni Agnesar Joy verður sniðið að þörfum Donnu ef hún leggur sig fram við að skapa sína eigin framtíð. Donna þarf að standa fast á sínu og þekkingu sinni á sjálfinu. Þannig getur hún fært sér í nyt nánast allt sem á vegi hennar verður.

Barn eða brúðkaup

Loks eru það 3 bikarar. Fjölskyldulíf Donnu er í blóma og hún myndar rík vináttubönd við gott fólk. Í spilunum felst merki um einhvers konar vöxt, nýtt ástarsamband eða barnsburð – jafnvel stóra hamingjustund eins og brúðkaup. Mikill fögnuður birtist þar sem Donna er gerandi og upplifir sterkar tilfinningar sem tengjast gleði og ómældri ást. Hamingjubikar ýtir undir vellíðan og framtíðin mun leiða Donnu áfram þar sem heilindi og jákvæð samskipti munu eiga sér stað. ■

Þórunn og Harry selja slotið – Svona eiga þau saman

Ahrifavaldurinn Þórunn Sigurborg Ívarsdóttir og eiginmaður hennar, Harry Sampsted, settu nýverið íbúð sína á Holtsvegi í Garðabæ á sölu. Það eru því mikil tímamót í lífi þeirra og álagstími í vendum. Því fannst DV tilvalið að lesa í stjörnumerkin og sjá hvernig þau Þórunn og Harry eiga saman.

Þórunn er meyja en Harry er bogmaður. Þegar þessi tvö merki koma saman í ástarsambandi verður sambandið afskaplega heilsteypt og sterkt. Bogmaðurinn elskar að kanna nýjar slóðir og vera meðal fólks og meyjan hefur unun af því að greina allar uppgötvanir bogmannsins í öreindir. Bæði merkin hafa gaman af því að tala saman um allt milli himins og jarðar og þó að meyjan fari oft fram á að bogmaðurinn sé jafn mikill fullkomunnarsinni og hún sjálf þá læra þau að meta kosti og galla hvort annars með tímanum.

Oft getur verið erfitt fyrir bogmanninn að sætta sig við raunsæi meyjunnar og meyjan á stundum í mestu vandræðum með að halda í við orkuna sem flæðir innra með bogmannin-

um. Þau vega hins vegar hvort annað upp. Meyjan býður bogmanninum upp á öryggi og traustan grunn til að láta drauma sína rætast á meðan bogmaðurinn kryddar sambandið með nýjum ævintýrum.

Það má í raun segja að meyjan elski að fara ofan í hvert einasta smáatriði á meðan bogmaðurinn sér frekar heildarmyndina. Þannig eiga þau vel saman, þessar andstæður, og ná að velta upp öllum hliðunum á teningnum. Ástin er sterk og hrein og litlir árekstrar ná ekki að skemma þá djúpu tengingu sem bogmaðurinn og meyjan mynda. ■

Þórunn Ívars

Fædd 4. septem-ber 1989

Meyja

- trygg
- góðhjörtuð
- vinnusöm
- hagsýn
- feimin
- of gagnrýnin

Harry

Fæddur: 10. des-ember 1980

Bogmaður

- órlátur
- góð kímigáfa
- heidvirdur
- ævintýragjarn
- ópolinmóður
- lofar upp í ermina á sér



Stjörnuspá vikunnar

Gildir 3.–9. nóvember



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Þú ert að spá mikið í einhverja langtíma-fjárfestingu og í þessari viku tekurðu loksins ákvörðun um hvort eigi að hrökkva eða stökkva. Ef þú ert undir það búin/n að leggja mikið á þig og skera útgjöld við nögl næstu mánuði, jafnvel ár, þá getur þessi fjárfesting orðið afar gjöful. Þú skalt hins vegar ekki stökkva ef þú ert ekki tilbúin/n að færa miklar fórnir á leiðinni að takmarkinu.



Naut - 20. apríl–20. maí

Þú upplifir köfnunartilfinningu í sambandi sem þú ert í. Þetta gæti verið ástarsamband sem er nýtt af nálinni eða samband við vin eða kunningja. Þú upplifir að þú hafir gefið og gefið og gefið af þér en fengið lítið sem ekkert til baka. Ekki kasta þessu sambandi á glæ alveg strax heldur reyndu að miðla málum og koma hreint fram.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Ekki lofa þér í of mikið þessa dagana. Kíktu frekar yfir verkefni vikunnar og athugaðu hvort þú hefur tíma. Það er einhver uppreisnarseggur í þér og þig langar að brjóta allar reglurnar. Gerðu það hins vegar á skynsamlegan og heilbrigðan hátt. Eyddu peningi í þig sjálfa/n og í eitthvað sem lætur þér líða vel í líkama og sál.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Krabbinn þarf meira en yfirborðshjal til að vera hamingjusamur. Krabbinn þarf áskoranir, ný verkefni og djúpa tengingu við fólk. Þú stendur þig allt í einu að því að sætta þig við það sem er á yfirborðinu og það líkar þér ekki. Því heldur þú nú á vegferð til að leita að því sem leynist undir yfirborðinu í þínum nánu samböndum og þetta er spennandi ferðalag.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú leggur mikið upp úr því þessa dagana að finna jafnvægi á milli vinnu og heimilis og það gengur vægast sagt illa. Það er of mikið að gera hjá þér í vinnunni og annríkið heima fyrir ber þig stundum ofurliði. Því spáir þú mikið í það þessa viku hvort þú getir sagt upp vinnunni og unnið sjálfstætt. Það gæti verið eitthvað fyrir þig, ef þú nærð að temja þér öguð vinnubrögð.



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Þú ert í mikilli leit að tilgangi þínum í þessu lífi um þessar mundir. Hvað þýðir hitt og hvað þýðir þetta? Þú bara nærð ekki að finna út úr því og það veldur þér hugarangri. Þú þarft að finna eitthvað sem kveikir í þér lífsneista og það gæti verið jafn einfalt og að lesa bók eða skrá þig á námskeið til að opna skilningsvitin upp fyrir nýrri upplifun.



Vog - 23. sept.–22. október

Þú ert í bullandi uppsveiflu þessa dagana og sjarminn drýpur af þér. Sjálfstætt starfandi vogir ættu að fara í grófan niðurskurð og henda út öllum kúnum sem valda meiri ama en ánægju. Þú finnur fyrir nýjum neista í vinnu ef þú ert á vinnustað og dembir þér ofan í nýtt verkefni sem gefur þér mikla lífsfylling.



Sporðreki - 23. október–21. nóvember

Það er manneskja í þínu lífi sem þú hefur mikið lítið upp til en allt í einu veldur hún þér miklum vonbrigðum. Svo miklum að þú nærð ekki að horfa framhá því. Þú þarft að komast í burtu og skipuleggur ferð til að hreinsa hugann og hjartað af alls kyns leiðindum sem hafa plagað þig síðustu vikur.



Bogmaður - 22. nóvember–21. desember

Þú rekur þig á marga veggj í vinnunni og veist ekki nákvæmlega hvernig þú átt að brjóta þá niður. Getur verið að þú sért á bandvitlausum stað í lífinu eða er þetta tímabundið ástand? Þetta þarft þú að spá í og horfa einnig gagnrýnin/n á þig sjálfa/n. Hugsanlega gæti kröftum þínum verið betur varið annars staðar.



Steingeit - 22. desember–19. janúar

Það er mikill leikur í þér í þessari viku og það er einhver manneskja sem heillar þig mjög á rómantíska sviðinu. Heillar þig á hátt sem þú hefur ekki upplifað áður. Þú skalt samt varast að fara út fyrir boxið og þinn eigin karakter og fremur taka upplýsta ákvörðun um hvort þú vilt gera eitthvað meira með þessari tilfinningar eða láta þær líða hjá.



Vatnsberi - 20. janúar–18. febrúar

Þú þarft að taka á honum stóra þínum í vinnunni og vinna að settu markmiði í hópi, eitthvað sem reynist þér ávallt mjög erfitt. En markmiðið er góft og þessi hópvinna mun gefa svo margt af sér, meira en þig hefði nokkurn tímann grunað. Bíddu bara, þinn tími í metorðastiganum mun koma.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Það er mjög mikilvægt fyrir þig að segja meiningu þína og ekki halda aftur af þér. Vinnufélagi eða náinn vinur kemur til þín og biður um ráðleggingar. Segðu þessari manneskju sannleikann. Vissulega getur sannleikurinn verið sár en til að virkilega hjálpa þessari manneskju í neyð þarftu að vera fullkomlega hreinskilinn/n.

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Hver eru þín bestu kaup í Costco?

■ Eldsneyti og klósettpappír vinsælt ■ Leikföng í yfirstærð það skrítnasta

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Það mikla það margir fyrir sér að mæta á mannarga staði enda getur það valdið taugaveiklun að vita ekki hvorum megin við afgreiðsluborðið sé best að standa eða hvaða tilboðum borgi sig að fjár-

festa í. Costco er óumdeilanlega einn slíkra staða enda er úrvalið mikið og oft erfitt að þverfóta þar inni fyrir verslunarglöðum viðskiptavinum. Til að auðvelda áhrifagjörnum valkvíðasjúklingum leitina fengum við ráð frá nokkrum fastakúnnum keðjunnar um þeirra bestu kaup í Costco.

Knúsandi apar Þessi eru vinsælir meðal álitsgjafa DV.



Stór og stæðilegur Frægi Costco-bangsinn.

1. Leikföng

„Börnin myndu þó segja dótið, enda er oft hægt að finna sniðugt dót á góðu verði. Við kaupum til að mynda mikið af litum í Costco og afmælis- og jólagjafir, það hentar ótrúlega vel því körfurnar eru á stærð við sendiferðabíl.“



Vá Margir tóku andköf þegar að Frozen-kastalinn mætti á svæðið.

„Ég keypti frábæra plöstun-urvél í Costco, hræódyra, um tvö þúsund og fimm hundruð krónur. Hún hitnar hratt og plastar vel, æðisleg fyrir alls konar fendingur og sniðug til að plasta myndir sem börnin gera og mann langar að varðveita.“

„Dótið allan daginn enda er ég löngu hættur að fara í venjulegar dótubúðir.“

„Vinsælast núna eru klárlega leikföngin og blessað jóladótið. Að mínu mati geta bestu kaupin líka verið bestu tilboðin. Mér finnst hugsunin hjá Costco vera sú að gera gott fyrir alla og það tekst vel með þeim vöruflokkum sem þar er boðið upp á. Annars finnst mér verslunin vera að toppa sig þetta árið þegar kemur að leikföngum en hún er líka að verða sífellt betri þegar kemur að mat- og sérvöru.“

„Um síðustu jól freistuðumst við til þess að kaupa stóra bangsann sem flestir alvöru Costco-unnendur kannast eflaust við. Hann var jólagjöf fyrir dætur okkar en þær voru lengi búnar að óska eftir honum. Það reyndst svo þrautin þyngrri að fela hann fyrir þeim næstu tvo mánuði fyrir jól enda plássfrekur svo ekki sé meira sagt. Þær hafa síðan þá skipst á að sofa með hann í rúmunum sínum þar sem hann hendir þeim reglulega fram úr.“

„Ég veit ekki hvort það flokkist sem bestu kaupin en þau kaup sem hafa vakið hvað mesta lukku og verið í langmestri notkun er Frozen-kastali sem ég keypti fyrir dóttur mína í afmælisgjöf. Skemmst frá því að segja að flykkið fyllir upp í hálf barnaherbergið og myndi seint teljast Instagram-fallegt en börnin elska hann og geta endalaust leikið sér, þar sem hvers kyns barbie-, pony- og aðrar figúru fá þak yfir höfuðið.“

2. Hreinslætisvörur

„Þvottaefni, bæði í föstu og fljótandi formi er frábært í Costco. Stóru Tork-eldhús-rúllurnar eru sömuleiðis mögnuð kaup og pítsurnar þarna eru líka mjög góðar.“

„Bestu kaupin að mínu mati eru klárlega klósettpappírinn, hreinslætisvörur, bakkelsið, allar Kirkland Signature-vörurnar ásamt ýmiss konar sérvörum, fötin og að sjálfsögðu lyfin.“

„Dettol-þvottasóttthreinsirinn er algjör snilld. Það hefur ekki komið vond lykt í þvottinn hjá mér síðan ég byrjaði að nota þetta, hentar bæði fyrir íþróttaföt, dökkan fatnað sem og kúka- og ælúvelarnar sem ég er mikið að vinna með þessa dagana. Mæli með.“



3. Ísvagninn

„Ég keypti líka ísvagn fyrir litla frænku sem sló heldur betur í gegn.“

„Já, ég fjárfesti einmitt í þessum ísbíl líka fyrir dóttur mína í þriggja ára afmælisgjöf í fyrra. Græjan sló heldur betur í gegn og hefur verið í daglegri notkun síðan. Þetta er án efa það leikfang sem er mest notað á heimilinu auk þess að vera afar vinsælt hjá gestum af yngri kynslóðinni. Herlegheitin kostuðu í kringum fimm þúsund og hljóta því að flokkast sem sannkölluð kjarakaup.“



Bensínið heillar

Það er sjaldséð að sjá bensínplanið tómt þegar er opið í Costco.



„Ég fylli alltaf á bílinn.“

4. Bensín

„Mín bestu kaup hjá Costco er eflaust eldsneytið enda færðu það ekki ódýrara – það munar þrjátíu krónum á lítranum samanborið við aðra staði. Að því sögðu er ekkert alltaf ódýrast að versla í Costco en þú getur gengið að gæðunum vísun hjá þeim. Ég og aðrir sem ég þekki og versla þar segjum að fara í Costco er að fara í annan heim, allt er svo mikið og stórt og það eykur ánægjuna af að versla þar. Þú sérð ánægju í andliti fólks sem verslar í Costco sem þú varst hættur að sjá. Ávextir og grænmeti er fyrsta flokks sem fólk hafði ekki séð nema erlendis þar til Costco kom hingað til lands. Það er ein af ástæðum þess að viðskiptavinir eru svona ánægðir.“

5. Bækur

„Ég á nú ára stelpu sem heldur að hún sé 35 ára og þráir fátt meira en að lesa bækur á ensku. Þar kemur Costco eins og bjargvættur og lætur mig líta út eins og bestu mömmu í heimi.“

„Harry Potter-bóka-settið flokkast án efa undir bestu kaup sem ég hef gert í Costco. Ég var búin að setja það í og taka úr Amazon-körfunni minni í nokkur ár en gat aldrei réttlætt sendingarkostnaðinn enda frekar þungt stöf. Ég var því afar hamingjusöm þegar ég sá það í Costco fyrir jólin í fyrra á tæpan sex þúsund kall.“

Viðskiptavinir leysa frá skjóðunni

Hverju mælir þú með?



„Öryggið á oddinn Smökkarnir koma sterkir inn. Ég myndi segja að smökkarnir séu klárlega fastur liður, ásamt klósett-pappír, rafhlöðum og litlu paprikunum. Mesta snilldin er samt bílstólarnir sem ég keypti þar fyrir stuttu sem og barnavagninn sem ég keypti í fyrra.“

„Ég kaupi alltaf Applewood-osta-sneiðarnar, Good Life-baunaborgarann, Paneer-ostinn, pastað, hummusinn, Mini Carter d'or-ísinn, þistilhjörtun í olú og hlynsírópið.“



„Ég mæli með að kaupa blátt Powerade, sérstaklega nú þegar Bónus hefur hækkað verðið á því. Ég kaupi líka alltaf stóran parmesanost, tómata og spagettí. Ég mæli líka með bílavörunum þeirra, verkfærunum, vinnuvettlingum og málningarpenslum – þú færð tuttugu og fjögur stykki af penslum á sextán hundruð krónur. Mæli með þeim.“



„Ég mæli með Deep heat roll-on sem og blautklútunum. , kaupi tilbúinn kjúkling, litlar sóðavatnsflöskur, klósett-pappír, collagen, vítamín, prótein og orkustykkin.“



„Ég mæli með ostakúludollunum sem fást í Costco, við keyptum svona um daginn fyrir afmæli hjá stelpunni okkar og hún kláraðist á örskotstundu. Fáranlega góð.“

„Við elskum að kaupa kjöt og skipta því svo niður í minni einingar og frysta. Það sama á við um áleggð. Svo kaupum við alltaf vítamín, en við reynum að kaupa ekki lífstíðarbirgðir af neinu.“

„Sko í mínum huga kaupi ég alltaf bara hakk og klósettpappír þegar ég fer í Costco, en samt kem ég alltaf út þrjátíu þúsund krónum fátækari svo eitthvað hlýt ég að vera að kaupa fleira.“

„Númer eitt, tvö og þrjú er Di Bufala Mozzarella-osturinn enda er hann langbestur á þítsuna. Ég fer oft sérferð í Costco bara fyrir þennan ost. Ég er oftast gaurinn með tvær fötur af osti í röð á kassa og að því sögðu vantar sárlega hraðkassa fyrir okkur fólk sem kaupir fáar vörur. Hann er þó ekki alltaf til sem gerðir sérferðina hrikalega svekkjandi.“



„Ég mæli með næturbrókum í Costco, frábærar fyrir eldri undirpissara.“



„Við sækjum alltaf harðfisk í Costco, bláber, jarðarber og stundum avókadó og tómata. Ég freistast mjög oft til að kaupa tilbúna kjúklingavængi, en tilbúni kjúklingurinn þar er sömuleiðis mjög braðgóður. Stundum kaupi ég „baby back ribs“ líka svo ávaxta- og grænmetisdeildin ásamt kjötvörunum er mitt „go to“.“

„Ég kaupi alltaf kaffi í Costco, uppþvottaefni, hreinsivörur og dýrafóður – að eldsneytinu ógleymdu.“



Álitsgjafar:
Atli Már Ágústsson, Engilbert Arnar, Elsa Yngvadóttir, Finnur Marinó Flosason, Margrét Björk Jónsdóttir, Hildur Friðriksdóttir, Linda Jóhannsdóttir, Rafn Einarsson og Viðar Friðriksson.

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

YFIRHEYRSLAN

„Það eru fokking milljón hlutir sem ég óttast mest“



Leikkonan **Aníta Briem** hefur í nógu að snúast og leggur mikið upp úr því að láta alltaf gott af sér leiða. Aníta býr í Los Angeles og hefur gert það síðastliðinn áratug en var nýverið stödd á landinu við tókur á sjónvarpsbáttunum Ráðherrann. Aníta er í yfirheyrslu helgarinnar og segir meðal annars frá nokkrum leyndum hæfileikum sínum.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Hver var fyrsta vinnan þín?

Þegar ég lék íđu í Emil í Kattholti í Þjóðleikhúsinu þegar ég var níu ára. Það var flaggað í heila stöng og ég heimtaði að taka stæto ein, því nú væri ég orðin fullorðin, vinnandi kona.

Hvar líður þér best?

Á setti. Eða bara í miðju verkefni.

Hvað óttastu mest?

Vildi að ég gæti sagt „æ, ekki svosem neitt“ en það eru fokking milljón hlutir sem ég óttast mest. Velferð og öryggi stelpunnar minnar númer 1,2 og 3. En svo líka bara að tíminn hlaupi frá mér áður en að ég get gert allt sem ég vil gera, að það að hræðsla við það sem fólk finnst um mig komi í veg fyrir að ég komi frá mér því sem mér liggur á hjarta, að mistakast almennt, að ég hafi gert mistök í lífinu sem ég nái ekki að koma mér upp úr ...

bla bla bla. Segi við sjálfa mig oft á dag „Þegar þú liggur á dánarbeðinum, sama hvenær það er, muntu hugsa að þú sért kjánaprik að hugsa svona um þessa hluti, að vera hrædd við þessa hluti?!“ Svarið er auðvitað alltaf „já“. En samt þarf ég að spyrja mig næstum daglega.

Hvert er þitt mesta afrek?

Ég gleymi því aldrei þegar ég komst inn í leiklistarskólann minn í London. Þá var ég VERULEGA stolt af sjálfri mér. Og svo er dóttir mín einstaklega vel heppnaður einstaklingur sem ég er stolt af að eiga kannski einhvern hlut í. En þessi spurning minnir mig á að vera duglegri að staldra við og heiðra öll litlu afrekin.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Einu sinni söng ég á klúbbi þar sem ég seig niður í fuglabúri. Furðustarf fyrir furðufugl kannski.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Aldrei ræða alvarlega hluti eftir klukkan 23. Það kemur aldrei neitt gott út úr því.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Kannski að þrifa vegg. Það er leiðinlegt. Mér finnst gott að hafa hreint í kringum mig. Uppáhaldsverkin mín eru samt í garðinum. Hlúa að öllum ávaxtatríjnum og tómötunum mínum. Fylgist vandlega með býflugna-starfsemi og vexti og tala við þau. Sorri, var ekki spurningin.

Hver er fyrirmynd þín í lífinu?

Mamma, Katrín systir, amma Ella, amma Dís. Allar magnaðar konur. Og Henry Miller er mér mikilvægur. Þegar ég er smá týnd eða komin með allt of mikið í hausinn, les ég alltaf aðeins eftir hann, eða hlusta á gömul viðtöl. Hans tilfinning fyrir öllu áþreifanlegu í lífinu, hvernig þú nýtur þess að borða góða máltíð, drekka í þig falleg málverk, finna lyktina af íðandi mannlífi, eða hlusta á líkama þinn og „impúls“ á kannski einfaldan hátt, minnir mig á hversu fallegt það er að vera á lífi.

Besta bíómynd allra tíma?

Godfather 2. Hún er svo stórkostlega vel gerð og áhrifamikil í alla staði. Og tímalaus. En svo elska ég líka Breaking the Waves með Emily Watson

og Secretary með Maggie Gyllenhaal. Ég tengi mikið við myndir um fólk á jaðrinum, enda upplífi ég mig alltaf þar. Að passa ekki í neina kassa og hvernig maður glímir við það, að þora að taka pláss utan normsins. Sögur og bíómyndir eru svo fallegir leiðarvisar í lífinu. Gefa okkur tækifæri að skilja hluti sem við þekkjum ekki og huggun með það sem ólgar inni í okkur.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

„Sjáum til“. Það sagði pabbi alltaf þegar hann meinti nei.

Hverjir eru mannkostir þínir?

Ég er tillitssöm, næm á tilfinningar annarra og legg mikið upp úr því að reyna láta alltaf gott af mér leiða. Vinur vina minna.

En lestir?

Mjög sjálfsgagnrýnin, jaðrar oft við sjálfshatur. Ekki gagnlegt! Svo var ég frekar langrækin, en er hætt því að mestu. Árin kenna manni að þegar fólk hagar sér illa, liggur oft meira að baki en maður sér og sjálfur gerir maður oft mistök. Lífið er of stutt til að vera reiður og oft kemur samband bara dýpra undan erfiðleikum ef maður nær að vinna sig í gegn. Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir? Að geta spilað á píanó eins og Katrín systir. Og fara í handahlaup.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Þrátt fyrir að ég hafi tekið stórar ákvarðanir í lífinu, svo sem að flytja til London þegar ég var 16, eða flytja svo til Los Angeles, hef ég alltaf nálgast það með slatta af kæruleysi og ekki séð það sem áhættu. Þó að kannski hafir þær verið slíkar? Þegar ég tek stórar ákvarðanir hugsa ég bara; hvað er það versta sem getur gerst? Ef mér líkar það ekki, þá bara breyti ég því aftur.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég er að skrifa og þróa tvö verkefni. Og byggja hús. Og svo er ég að fara að leika í „debutmynd“ Tinnu Hrafnsdóttur, Skjálfti, á næsta ári. Hún er byggð á bók Auðar Jónsdóttur og er einstaklega fallegt og djúpt verkefni sem ég hef hafið undirbúning fyrir. Ég eyddi hálfu ári á Íslandi við tókur á sjónvarpsseríunni Ráðherrann og finnst ótrúlega gefandi að fara aftur meira í skandinavíska tóna í verkefnum. Kannski er hjartað aðeins að koma heim.

ALLT Í RJÚPNAVEIÐINA

 Benelli

 SAVAGE ARMS

 BERETTA

 FRANCHI



Beretta A400 Plus



Benelli Raffaello BE Diamond



Franchi Affinity 3 Max5



Bettinsoli



Bushnell Prime

kr. 28.900



Broddar

kr. 7.900

Rjúpnavesti
Game Vest X
ný hönnun á vestri
fyrir veiðar á rjúpu

kr. 24.900



Húfa

kr. 2.490



Skot vettlingar

kr. 7.890



Legghlífar

kr. 9.995



kr. 5.990

MERINO ullarnærföt



kr. 5.690



kr. 6.290



Sokkar

kr. 2.790

Haglaskot



kr. 2.490

kr. 2.890

Vesturröst

2019 Fyrirmyndarfyritæki
í rekstri

Váðunálinn 2020

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Heimsveldið gjaldproti

Fyrirtækið Heimsveldið ehf. er gjaldproti og er skiptum lokið. Samkvæmt Lögbirtingablaðinu voru lýstar kröfur í þrotabúið rétt rúmlega 2,7 milljónir. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið 10. október síðastliðinn. Heimsveldið sá um framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni og var eigandi þess Hugji Halldórsson. Hugji er vel þekktur í íslensku þjóðlífi og rak til að mynda framleiðslufyrirtækið Stórveldið sem lagði upp laupana árið 2016 eftir öran vöxt. Hugji vakti fyrst



MYND: SKJÁSKOT / VB.IS



Elisabet leikur sér að eldinum

Ný kvikmynd er væntanleg þar sem Elisabet Ronaldsdóttir, einn eftirsóttasti klippari landsins, leikur listir sínar. Kvikmyndin sem um ræðir heitir Playing with Fire og segir frá slökkviliðsmönnum sem reyna að koma böndum á þrjá óþekka krakka. Með helstu hlutverk fara þeir John Cena, Keegan-Michael Key og John Leguizamo. Elisabet hefur gert garðinn frægan upp á síðkastið með stórvinsælum kvikmyndum á borð við John Wick, Atomic Blonde og Deadpool 2. Elisabet hefur þó ekki eingöngu haldið sig við erlend verkefni á síðustu misserum og klippti einnig íslensku kvikmyndirnar Svanurinn og Vargur. Playing with Fire verður frumsýnd á Íslandi í byrjun árs 2020.



Víðishöllin aftur á sölu

Rúmlega 250 metra einbýlishúsið við Valhúsabraut 16 á Seltjarnarnesi er komið á sölu og ásett verð 159 milljónir króna. Samkvæmt Þjóðskrá eru hjónin Eiríkur Sigurðsson og Helga Gísladóttir búsett á Valhúsabraut, en þau eru oft kennd við verslanirnar Víðir. Öllum verslunum Víðis var lokað fyrirvaralaus í fyrra og félagið er gjaldproti. Kom það starfsmönnum í opna skjöldu og sagt frá því í öllum helstu fréttamiðlum að starfsmenn hefðu fengið lítinn sem engan fyrirvara á endanlegri lokun Víðisverslana.

Húsið við Valhúsabraut 16 er ekki

skráð á þau Eirík og Helgu heldur á fyrirtækið Big Box ehf., en eigandi þess er sonur hjónanna, Sigurður Gísli Eiríksson. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem húsið fer á sölu, en Smartland sagði frá fyrirhugaðri sölu á húsinu í júlí síðastliðnum. Þá var húsið kallað Víðishöllin.

Í þeirri frétt var einnig minnst á sölu Helgu á Hrólfsskálavör 2 sem hún seldi árið 2013. Það hús komst síðan í fréttir fyrir stuttu þegar núverandi eigandi þess, Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri WOW air, setti það á sölu á einkavefsíðu, en það er talið eitt verðmætasta hús landsins. ■

Glæsilegt hús Einbýlishúsið er á Seltjarnarnesi.



HEIMSENT MATARBOÐ

- 2 STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
- 2 SÓSUR AÐ EIGIN VALI
- 2 MEÐLÆTI AÐ EIGIN VALI
- 2 L GOS

AÐEINS 5.990 KR.